

GUÐRÚN MATTHILDUR SIGURBERGSD.

Erfði matreiðslu-  
hæfileika föður síns

matur helgin

allt í MIÐJU BLAÐSINS



GOLF

Tiger Woods líklegur  
til afreka á US Open

Sérblað um golf

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



SUMAR  
TILBOÐ  
Í BÍÓ  
I REGNBOGANUM

650 kr.

REGNBOGINN

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

6. júní 2008 – 152. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



Loksins orðinn  
frídagur

Þjóðhátíðardagur  
Svíá haldinn hátíð-  
legur.

TÍMAMÓT 28

## Afneitað af kapólskum

Kapólikkar eru ósattir við Síma-  
auglýsingar Jóns Gnarr.

FÓLK 36



Guðjón í bann

Aganefnd KSÍ  
dæmdi Guðjón  
Þórðarson í eins  
leiks bann fyrir  
ummæli eftir leik  
Keflavíkur og ÍA.

ÍPRÓTTIR 40

## FÖSTUDAGUR

Fyrirsætukroppar eða  
hraustir líkamar?


Er streita og  
slæmt matar-  
æði að fara  
með þjóðina?



Er streita  
& slæmt  
mataræði  
að fara með  
heilsu

FYLGR  
FRÉTTABLAÐINU  
Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMULÍTIÐ Í KVÖLD í dag  
verður suðlæg átt. Bjart með  
köflum norðan til og austan annars  
skúrir fram eftir degi. Úrkomulaust  
að mestu í kvöld. Hiti 10-20 stig,  
hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4



KRYDDSMJÖR

gerir  
gæfumuninn



# Jón Ásgeir sakfelldur í einum ákærulið af sautján

Tryggvi Jónsson var sakfelldur í fimm af níu ákæruliðum og Jón Gerald Sullenberger í einum. Héraðs-  
dómur staðfestur að mestu. Allir sakborningar vilja að Mannréttindadómstóll Evrópu fjalli um mál þeirra.

**BAUGSMÁL** Lögum samkvæmt má  
Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórn-  
arformaður Baugs Group, ekki  
eiga sæti í stjórnnum íslenskra  
fyrirtækja næstu þrjú árin. Hann  
var sakfelldur fyrir bókhaldsbrot  
í Hæstarétti í gær.

Dómurinn staðfesti í gær að  
mestu leyti niðurstöðu héraðs-  
dóms í Baugsmálinu. Jón Ásgeir  
og Jón Gerald Sullenberger voru  
dæmdir í þriggja mánaða fang-  
elsi. Tryggvi Jónsson var dæmdur  
í tólf mánaða fangelsi. Allir  
dómarnir eru skilorðsbundnir til  
tveggja ára.

Í 66. grein hlutfélagalaga  
segir að stjórnarmenn og fram-  
kvæmdastjórnar fyrirtækja megi  
ekki hafa hlotið dóm fyrir brot

gegn hegningarlögum, lögum um  
hlutfélag og fleira.

Samkvæmt því þarf Jón Ásgeir  
að víkja sem stjórnarformaður í  
Baugi Group, 365, BG Aviation,  
F-Capital og FL Group, og sem  
stjórnarmaður í 101 Capital.

Hreinn Loftsson, hæstaréttar-  
lögmaður og fyrrum stjórnarfor-  
maður Baugs, segir ákvæði lag-  
anna skýrt, en þetta sé eitthvað  
sem verði að skoða nánar. Hugs-  
anlega sé þetta ákvæði of viður-  
hlutamikili í þessu tilvik.

Þó þessu viðamesta dómsmáli  
Íslandssögunnar sé lokið er  
Baugsmálinu í heild þó ekki lokið.  
Efnahagsbrotadeild Ríkis-  
lögreglustjóra hefur skattalaga-  
brot einstaklinga tengdum Baugi

Kostnaður er farinn að  
nalgast milljarð króna,  
hann er í það minnsta mörg  
hundruð milljónir króna.

**GESTUR JÓNSSON**  
VERJANDI JÓNS ÁSGEIRS

til rannsóknar, en ákvörðun hefur  
ekki verið tekin um það hvort  
gefin verði út ákæra.

Þá hafa tveir sakborninga, Jón  
Ásgeir og Tryggvi, lagt fram  
kæru til Mannréttindadómstóls  
Evrópu vegna málsins. Jón Ger-  
ald boðar einnig að niðurstaða  
dómsins verði kærð til  
dómstólsins.

Dómstóllinn getur þó ekki  
breytt niðurstöðu Hæstaréttar.  
Komist hann að þeirri niðurstöðu  
að brotið hafi verið á sakborning-  
um getur hann dæmt þeim miska-  
bætur.

Sakborningar voru í gær  
dæmdir til að greiða samtals 16,7  
milljónir króna í málskostnað.  
Hvorki sakborningar né verjend-  
ur höfðu nákvæmar upplýsingar  
um kostnað sem hlotist hefur af  
málinu.

Spurður um kostnað við málið í  
heild segir Gestur Jónsson, verj-  
andi Jóns Ásgeirs: „Kostnaður-  
inn er farinn að nalgast milljarð  
króna, hann er í það minnsta  
mörg hundruð milljónir króna.“

- bj, ikh, shá / sjá síður 4,6 og 12



**MUNADARLAUS SYSTKINI** Þessir gulbröndóttu kettlingar eru í hópi 36 katta sem dvelja í Kattholti. Sigríður Heiðberg, formaður  
Kattholts, segir slæmt þegar fólk hirðir ekki um kettlingafullar læður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Formaður Kattholts hefur skrifað svarta skýrslu um kattahald í borginni:

## Kettir leita fósturfjölskyldna

**DÝRAHALD** „Þetta er ótrúlegt ábyrgðarleysi í fólk,“  
segir Sigríður Heiðberg, formaður Kattholts, um  
ástand kattahalds í borginni. Sigríður hefur skrifað  
svokallaða maí-skýrslu sem hún segir þá svörtustu í  
sögu félagsins. Hún man ekki eftir öðru ástandi eins  
og ríkti í síðasta mánuði. Alls hafi 52 kettir komið til  
dvalar í Kattholti í maí og aðeins hafi tekist að skila  
sextán þeirra til réttra eigenda.  
Verst þykir Sigríði þegar fólk skilur eftir kettling-

afullar læður og hirðir lítið um afdrif þeirra.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis-  
ráðs Reykjavíkurborgar, segir þetta sorglegar fréttir

Um fimm hundruð óskilakettir koma að jafnaði í  
Kattholt á hverju ári. Helmingi þeirra er komið til  
réttra eigenda, fjórðungi til nýrra en hinir eru  
svæfðir. Ef marka má orð Sigríðar á hlutur  
síðastnefnda hópsins örugglega eftir að aukast ef  
ekki verður gripið til aðgerða.

- fgg/sjá síðu 46

Tímamót á sunnudag:

## RÚV sjónvarpar á tveimur rásum

**FJÖLMÍDLAR** Sjónvarpið brýtur blað  
í sögu sinni á sunnudag þegar  
sýnt verður beint frá tveimur  
íþróttaviðburðum í einu. Sjón-  
varpið notar tvær rásir við  
útsendinguna.

„Þetta verður að öllum líkindum  
niðurstaðan eins og staðan er í  
dag,“ segir Þórhallur Gunnarsson,  
dagskrárstjóri RÚV. Íslenska  
landsliðið í handknattleik etur  
kappi við Makedóníu í undan-  
keppni HM þennan dag. Á sama  
tíma fer fram leikur Póllands og  
Þýskalands á EM í knattspyrnu.

„Við sýnum landsleikinn á  
aðalrásinni en Evrópuleikinn á  
plúsnum,“ segir Þórhallur en RÚV  
reynir án árangurs að fá leiknum  
við Makedóníu flýtt eða seinkað.  
„Þeir gátu hins vegar ekki orðið  
við þeirri bön og þetta er okkar  
lausn við þessum vanda.“

- fgg/sjá síðu 46

germanwings.com

Nýtt: Flug til  
Þýskalands!

Frá 19€  
Ásamt\*



\*Ásamt skatti, béar leilir og fyrir áfanga, takmarkaður fjöldi.

Pantaðu núna: germanwings.com

Kafbátur mánaðarins  
**Grænmetis sæla** 6 tommu bátur  
**329 kr.** SUBWAY  
...með öllu því grænmeti sem við höfum  
upp á að bjóða og ljúffengum sósum  
Gildir í júní 2008  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnunum!



Össur, er fáfræðin að ríða unglíngunum að fullu?

„Þeir ríðu að minnsta kosti ekki feitum hesti frá þessari könnun.“

Vanþekking og misskilningur um kynlíf er algengur meðal unglíngna, samkvæmt rannsókn sem sagt var frá í Læknablaðinu. Össur Ingi Emilsson er formaður Ástráðs, verkefnis um kynfræðslu.

Drógu sér fé úr netbanka: Ákærðir fyrir rangar sakir

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði í gær tvo bræður af ákæru um umboðssvik, en þeir nýttu sér kerfisvillu í netbanka Glitnis til að draga sér milljónir. Héraðsdómur hafði áður dæmt bræðurna í skilorðsbundið fangelsi, en Hæstiréttur segir lýsinguna á brotinu í ákæru ekki falla undir skilgreininguna á umboðssvikum.

Sérstaklega er tekið fram í dómum Hæstiréttar að bræðurnir hafi „ekki í máli þessu verið bor[nir] sökum um fjárfsvik“ sem dómurinn virðist telja verknaðarlýsingu í ákæru falla undir. Tveir aðrir voru dæmdir í málinu í héraði, en þeir áfrýjuðu ekki og er áfrýjunarfrestur löngu liðinn. - sh

Kókaín í iðrum smyglara:

Helmingurinn kominn út

**LÖGREGLUMÁL** Um það bil helmingur þess kókaíns sem talin eru hafa verið í iðrum hollensks fíkniefnasmyglara sem var handtekinn í Leifstöð er genginn niður af manninum.

Kókainmagníð sem Hollendingurinn gleypði hleypur á hundruðum gramma. Þótt vika sé liðin er enn helmingurinn í manninum sem vill ekki taka hægðarlosandi lyf þrátt fyrir að vera samvinnufús að öðru leyti. Mjög vel mun hafa verið gengið frá pakkningunum utan um kókainíð en maðurinn er engu að síður undir eftirliti læknis á meðan á biðinni stendur. - gar

### LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók ölvaður tvo daga í röð

Lögreglan á Vestfjörðum stöðvaði sama manninn tvisvar á tveimur dögum í síðustu viku fyrir ölvan við akstur. Fyrst á mánudegi, og síðan á þriðjudeginum þegar hann ók bifreið sinni á gangavegg í Vestfjarðagöngum og skemmdi bíl sinn töluvert.

Fimm mánaða fangelsi fyrir líkamsárásir í leðurpartíi vélhjólaklúbbsins Fáfnis:

## Gekk í skrokk á konu með offorsi

**DÓMSMÁL** Jón Trausti Lúthersson var í gær dæmdur í fimm mánaða fangelsi í Héraðsdómi Suðurnesja fyrir ganga með offorsi í skrokk á konu á skemmtistaði í Keflavík og nefnbrota mann sama kvöld.

Jón Trausti var að skemmta sér á veitingastaðnum H-punktinum í Keflavík ásamt öðrum meðlimum vélhjólaklúbbsins Fáfnis í september 2006, þegar ókunnug kona og vinkona hennar mættu á staðinn. Þeim var sagt að fara, þar sem þær væru staddar í einkasamkvæmi Fáfnis, þar sem „flestin hafi verið leðurklæddir“. „Drullaðu þér í burtu þarna druslan þín,“ sagði Jón Trausti við aðra þeirra þegar



**HANDTEKINN** Jón Trausti var handtekinn fyrir að ráðast á lögreglumenn í Leifstöð árið 2003.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

hún settist við hlið hans, hrinti henni því næst í gólfið og sparkaði ítrekað í skrokk hennar og höfuð.

Jón Trausti segist hafa talið að

konan hafi ráðist á unnustu hans, og því aðeins rétt ýtt við henni. Það var ekki tekið trúanlegt, í ljósi mikilla áverka sem konan hlaut.

Skömmu síðar var Jón Trausti á leið niður stiga þegar maður rakst í hann. Jón Trausti brást illa við, skallaði manninn í andlit og tók hann hálstaki. Maðurinn nefbrotnaði. Í dómnum kemur fram að fyrr um kvöldið hafi Jón Trausti enn fremur barið pólskan mann með glerglasi. Fyrir það var ekki ákært.

Jón Trausti hefur nokkrum sinnum áður komist í kast við lögin fyrir líkamsárásir, sumar mjög alvarlegar.

- sh

Flöskuvatnið orðið óþarft:

## Vatnið í lagi í Hveragerði

**JARÐSKJÁLFTI** Neysluvatnið í Hveragerði er orðið drykkjarhæft að nýju. Þetta sýna mælingar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Mælt var til þess í kjölfar jarðskjálftans fyrir viku að Hvergerðingar syðu vatnið eða drykkju flöskuvatn sem flutt var í bæinn. Almannaþingardeild Ríkislögreglustjóra aflétti ástandinu formlega í gær.

Íbúafundur vegna jarðskjálftans var haldinn á Hótel Örk í gærkvöldi. Þar hugðust sumir íbúar víðra við fulltrúa Viðlagatryggingar óánægju sína með að þurfa að greiða tugþúsundir í eigin áhættu af tjóni.

- sh

# Íhuga spilavíti með netleikjum á Íslandi

Veðmálafyrirtækið Betsson íhugar opnun veðmálalabúðar á Íslandi á grundvelli dóma um að veðmálafyrirtæki á netinu megi keppa við þá sem reka slíka starfsemi í skjóli einkaleyfa frá ríkinu. Milljarða króna hagsmunir eru í húfi.

**VIÐSKIPTI** Sænska veðmálafyrirtækið Betsson er að skoða þann möguleika að opna veðmálstofu á Íslandi þar sem aðgangur verður að spilakerfi fyrirtækisins á netinu.

„Betsson mun í framtíðinni opna veðbúðir á öllum mörkuðum þar sem brýn þörf er fyrir samkeppni og hægt er að bæta hagsmunum neytenda sem vilja veðja og Ísland er ekki undanskilið frá þeim löndum,“ segir Pontus Lindwall, forstjóri Betsson, spurður um hvort fyrirtækið hyggti opna veðstofu á Íslandi.

Betsson, sem skráð er á sænska hlutabréfamarkaðnum, opnaði fyrstu veðmálavæslun sína í Götsgatan í Stokkhólmi á föstudag. Með þessu er fyrirtækið að ögra yfirvöldum í Svíþjóð sem telja slíka starfsemi ólöglega nema með leyfi stjórnvalda. Sænskir fjölmiðlar segja eftirlitsmenn hafa mætt á veðstofuna hálf tíma eftir að hún var opnuð en þeir munu enn ekkert hafa aðhafst.

Forsvarsmenn Betsson segjast hafa opnað veðstofuna með hliðsjón af dómum Evrópuþingstólsins um fjárhættuspil á netinu og frjálst flæði þjónustu milli aðildarlanda evrópska efnahagssvæðisins.

Engir peningar skipta um hendur á veðstofunni í Stokkhólmi heldur fara viðskiptin öll fram með rafrænum hætti á netinu. Betsson segir markmiðið vera að mynda nánari tengsl við viðskiptavinum og bjóða þeim aðstoð sérmenntaðs starfsfólks. Pontus Lindwall segir viðskiptavinum fá



**PONTUS LINDWELL** Forstjóri Betsson var ánægður við opnun fyrstu einkareknu veðstofunnar í Svíþjóð á föstudag í síðustu viku.

MYND/BETSSON

„Betsson mun í framtíðinni opna veðbúðir á öllum mörkuðum þar sem brýn þörf er fyrir samkeppni ... og Ísland er ekki undanskilið frá þeim löndum.“

**PONTUS LINDWELL** FORSTJÓRI BETSSON

„fleiri valmöguleika í veðmálum, meira frelsi og enn meiri skemmtun í öruggu umhverfi.“

Gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir eru af veðmálaleikjum. Samkvæmt Financial Times nemur veltan í Svíþjóð um 5,2 milljörðum sænskra króna árlega.

Þar af fær ríkið í sinn hlut 3,6 milljörðum íslenskra króna. Þeirri upphæð er meðal annars varið til æskulýðsstarfsemi og íþróttamála. Á svipaðan hátt velta ýmis fjárhættuspil á Íslandi milljörðum króna sem að verulegum hluta skila sér til ýmissar samfélagslegrar starfsemi á borð við skólastarf og aðstoð við aldraða, öryrkja og íþróttafélög.

Betsson segir veðstuðla sína að jafnaði vera 20 til 30 prósentum hærri en hjá ríkisfyrirtækjum eins og 1x2 og Lengjunn í Íslandi og þar með skila þátttakendum meira í aðra hönd – þegar þeir vinna.

gar@frettabladid.is

Slæðubann í Tyrklandi:

## Dómstóll staðfesti slæðubann

**TYRKLAND, AP** Stjórnlagadómstóll Tyrklands komst í gær að þeirri niðurstöðu að höfuðslæður múslímskra kvenna verði áfram bannaðar í háskólum.

Ríkisstjórn landsins reyndi að fá þessu banni aflétt og fékk í vetur stjórnarskrárbreytingu þess efnis samþykkt á þingi. Dómstóllinn telur hins vegar að sú stjórnarskrárbreyting brjóti í bága við hinar veraldlegu meginreglur stjórnarskrárinnar. Þess vegna verði að ógilda hana.

Niðurstaða dómstólsins þykir áfall fyrir stjórnina, sem vill auka veg íslamstrúar á opinberum vettvangi í Tyrklandi.

- gb



**ÍSBJÖRNINN** Rannsóknarnefni vísindamanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skagafjarðarbjörninn:

## Verður fleginn í næstu viku

**NÁTTÚRA** Ísbjörninn sem felldur var í Skagafirði á þriðjudag verður rannsakaður í næstu viku. Þangað til bíður dýrið og innflyi þess frosin í frystigeymslu.

Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, segir björninn verða þiðinn um miðja næstu viku. Þótt þeim sem tók innflyin úr dýrinu hafi sýnst eitthvað vera í maga þess komi það ekki í ljós fyrir víst fyrr en maginn verður opnaður. „Um leið og við fláum hann verða tekin sýni úr vöðvum, lifur og maga,“ segir Jón Gunnar sem kveður nánari upplýsingar liggja fyrir í lok næstu viku.

- gar

Obama stendur nú frammi fyrir þeirri þraut að velja sér varforsetaefni:

## Obama bíður með ákvörðun

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama ætlar að taka sér góðan tíma til að velja sér varforsetaefni fyrir kosningarnar í nóvember.

„Við ætlum ekki að flana út í það,“ sagði hann í gær. „Ég held ekki að Clinton búist við ákvörðun í skyndi og ég veit ekki einu sinni hvort hún endilega hefur áhuga á því.“

Hillary Clinton ætlar á morgun að viðurkenna ósigur sinn og lýsa yfir fullum stuðningi við framboð Obama til forseta. Hún hvetur jafnframt stuðningsfólk sitt til að styðja Obama.

Kosningastjórn hennar gaf í gær út yfirlýsingu þar sem fram kemur að hún muni ekki sækjast eftir því að verða varforsetaefni Obama. Ekki kom þó fram hvort hún tæki slíku boði ef henni stæði það til bóða. Obama hefur fengið þremur ráðgjöfum sínum það verkefni að finna varforsetaefni, og hefur ekkert gefið upp um það hvort hann hyggti fá Clinton með sér í því hlutverki.

Með Clinton sér við hlið ætti hann auðveldara með að afla sér fylgis meðal kjósendahópa, sem hafa stutt hana. Hún mun síðan tvímælalaust berjast fyrir því að Obama verði kosinn, hvort sem hún verður



**BARÁTTAN HELDUR ÁFRAM** Barack Obama var í gær kominn til Tennessee þar sem hann mætti á fund um heilbrigðismál.

NORDICPHOTOS/AFP

varforsetaefni hans eða ekki.

„Á laugardaginn ætla ég að ræða um það hvernig við getum fyllt flokknum að baki Obama,“ sagði hún í bréfi til stuðningsmanna sinna. „Það er of mikið í húfi og verkefnið fram undan of mikilvægt til að annað sé hægt.“

- gb

MIÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Skyndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýttir fyrir því að jafnvægni náist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.



PIPIA HÖSBÍ / SIA

# SUMARSÝNING TOYOTA UM HELGINA



## Toyota – sumarið sýnir sig um helgina

Sumarið sýnir sig hjá Toyota og því verður sérstaklega bjart yfir bílunum á Sumarsýningu Toyota á Nýbýlavegi um helgina. Sumarsýning á Akureyri og Egilsstöðum á laugardaginn.

Gjafabréf fyrir tvo með Icelandair til Evrópu fylgir hverjum seldum bíl.

Opið laugardag kl. 12.00 – 16.00  
sunnudag kl. 13.00 – 16.00

Komdu, skoðuðu og reynsluaktu spennandi sumarsmellum. Það verður **grill** og **gaman** á Sumarsýningunni.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 2 - 8  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Austurlandi  
Miðási 2  
Egilsstaðir  
Sími: 470-5070





# BAUGSMÁLID: Dómur hæstaréttar

## Brynjar Níelsson: Gífurlegt álag á sakborningana

„Mestu vonbrigðin er að þessu hafi verið vísað frá á sínum tíma. Jón Gerald telur málsmeðferðina hafa verið óréttláta og ætla að láta reyna á það“, segir Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geraldss Sullenberger.



BRYNJAR NÍELSSON

Brynjar segir stóra málið nú hver niðurstaða mannréttindadómstólans í Strasbourg verður. „Nú fer þetta allt saman af stað og í ljósi kemur hvort málsmeðferðin stenst.“

Spurður hvort málið hafi gengið nærri skjólstæðingi hans segir Brynjar einfaldlega að því verði ekki neitað. „Þessu hefur fylgt gífurlegt álag og auðvitað eru menn mikið með hugin við þetta og það er orkufrekt. Þetta er stórt mál sem þjóðin fylgist með og það eykur álagið á menn.“ -shá

Jóhannes í Bónus:

## Dapurleg niðurstaða

„Mér finnst dómurinn dapurlegur. Ég reiknaði með að Jón Ásgeir yrði sýknaður. En fyrst eitthvað var þá gat það ekki verið minna en þetta. Hátt var reitt til högg. Það þætti ekki mikið fengið fyrir peningana á öðrum sviðum. Það sem lagt hefur verið í gegn þessu fyrirtæki og mönnum er ansi mikið skattfé. Þetta er afskaplega lítillmótlegt sem eftir situr. Það hlýtur að vera sneypur saksóknari sem eftir situr og ekki síður Björn Bjarnason og Haraldur Johannessen sem hafa verið höfuðleikendur í þessu máli. Þetta eru endalokin á málinu – ég trúir ekki öðru,“ segir Jóhannes Jónsson um nýfallinn dóm í Baugsmálinu. -gh



JÓHANNES JÓNSSON

**Auglýsingasími**  
**512 5050**

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

# Sakfelldur fyrir fjárdrátt og bókhaldsbrot

Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms í Baugsmálinu. Dómurinn féllst á að lögum um hraða málsmeðferðar hefði ekki verið fylgt. Hæstiréttur telur refsheimildir vegna ólögmatra lána skýrar en tekur ekki afstöðu til sektar

Hæstiréttur staðfesti í gær tvo dóm héraðsdóms Reykjavíkur í Baugsmálinu. Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, og Jón Gerald Sullenberger, eigandi Nordica Inc. í Flórída, voru dæmdir í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár.

Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, var dæmdur í tólf mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár. Sakborningarnir voru látnir bera samtals um 16,7 milljóna króna málskostnað.

Um er að ræða þann hluta málsins sem varð til eftir að upphaflegum ákærum var vísað frá dómi, og settur saksóknari gaf út endurákæru í nítján liðum. Fyrsta ákæru-liðnum var vísað frá dómi, svo eftir stóðu átján.

Jón Ásgeir var ákærður fyrir fjárdrátt, bókhaldsbrot og brot gegn hlutafélagalögum. Hann var sakfelldur fyrir eitt bókhaldsbrot, fyrir að hafa látið útbúa tilhæfulausan reikning og færa hann í bókhald Baugs. Hann var sýknaður af öðrum ákærum.

Tryggvi var sakfelldur fyrir að draga sér samtals um 548 þúsund krónur með því að láta Baug greiða einkaneyslu sína með kreditkort. Þá rangfærði hann bókhald Baugs í fjórum tilvikum.

Við ákvörðun refsingar Tryggva var meðal annars lítið til þess að brotin voru ófyrirleit in í ljósi reynslu hans og þekkingar sem lögtilts endurskoðanda.



Í HÆSTARÉTTI Verjendur sakborninga bera saman bækur sína fyrir uppkvaðningu dóms í Baugsmálinu í gær.

Bæði Jón Ásgeir og Tryggvi nutu þess við ákvörðun refsingar að málið hefur dregist. Vísaði Hæstiréttur til þess að lögum um hraða meðferð sakamáls hafi ekki verið fylgt sem skyldi. Var einkum lítið til þess að tæp þrjú ár liðu frá upphafi rannsóknar þar til ákæru voru gefnar út.

Jón Gerald var sakfelldur fyrir að útbúa rangan reikning. Í dómi Hæstaréttar segir að honum hljóti að hafa verið ljóst að nota hafi átt reikninginn í bókhaldi Baugs.

Jón Ásgeir var ákærður fyrir að veita ólögmat lána frá Baugi til fyrirtækjanna Gaums og Fjárfars, og til Kristínar Jóhannesdóttur.

Hæstiréttur segir í dómi sínum að í fimm tilvikum af átta hafi ekki verið um ólögmat lána að ræða. Í þremur tilvikum hafi hins vegar verið veitt ólögmat lána. Ekki er þó tekin afstaða til sektar eða sakleysis Jóns Ásgeirs, þar sem það hefði þurft að gerast í héraðsdómi.

Meirihluti Hæstaréttar taldi óheimilt að vísa þessum hluta málsins aftur í hérað þar sem sök væri í raun fyrnd. Þessu var Páll Hreinnson hæstaréttardómari ósamþykkur. Hann skilaði sératkvæði í málinu þar sem sagði rétt að vísa þessum ákæru-liðum aftur til héraðsdóms.

brjann@frettabladid.is

## Jakob R. Möller Ákærvaldinu varð á mistök

„Það er alltaf alvarlegt þegar maður er sakfelldur í refsímáli en hins vegar tel ég að hafa beri í huga hvernig til þessa máls var stofnað. Ég bendi á að samkvæmt lögum er það meginregla að ekki eigi að ákæra menn nema ákærvaldið telji meiri líkur en minni til þess að sakfelldur verði fyrir þau brot sem ákært er fyrir“, segir Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar.



JAKOB R. MÖLLER

„Tryggvi og sérstaklega Jón Ásgeir voru sýknaðir af langflestum af þeim brotum sem þeir voru ákærðir fyrir.“

Tryggvi segir að líta beri á hvernig dómstólarnir hafi metið meðferð ákærvaldsins í Baugsmálinu. „Ef að menn eru sakfelldir fyrir dómi þá greiða þeir sakarkostnað. Í þessu máli er því svo farið að ríkissjóður greiðir langstærstan hluta sakarkostnaðar. Það þýðir að Hæstiréttur er að segja að ákærvaldinu hafi orðið á mistök í meðferð málsins.“

Jakob segir það mikinn léttir fyrir alla að málinu er lokið og það hafi gengið mjög nærri sakborningunum. „Gleymum því ekki að sakborningarnir áttu allt undir niðurstöðunni.“ -shá

## Gestur Jónsson lögmaður um dóminn: Jón Ásgeir mjög ósáttur

„Eins og lagt var af stað með þetta mál get ég ómögulega verið óánægður með að niðurstaðan verði sú að sakfelld sé einungis fyrir hluta af einum ákæru-lið, og ákvörðuð skilorðsbundin refsing,“ segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.



GESTUR JÓNSSON

„Það breytir því ekki að við vonuðumst til þess, og töldum góða möguleika á því að Jón [Ásgeir] yrði sýknaður af öllu. Hann er sjálfur mjög ósáttur við að hafa fengið sakfellingu í þessum lið.“

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að heimilt sé að refsa

stjórnendum ef fyrirtæki veita ólögmat lána, eins og dómurinn telur að hafi gerst í þremur tilvikum. Gestur segir ekkert mat lagt á hvort Jón Ásgeir hafi brotið lög, ágreiningur hafi verið milli dómara hvort ómerkja bæri dóminn og vísa honum aftur í hérað.

„Jafnvel þó hann hefði brotið lög hefði það ekki geta varðað öðru en sekt. Þar af leiðandi eru þetta fyrndar sakir, þess vegna er þessu ekki vísað heim [í hérað],“ segir Gestur.

Jón Ásgeir vildi ekki veita viðtal vegna dóms Hæstaréttar, heldur vísaði á Gest. -bj

## Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari: Sakfelldur fyrir alvarleg brot

„Það hefði verið afar vondur kostur að senda [hluta málsins] aftur í héraðsdóm,“ segir Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu. Hæstiréttur telur ólögmatrú lánveitingar fyrndar og því ekki hægt að senda þá ákæru-liði aftur í hérað.



SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON

„Í venjulegu máli, sem ekki hefði tekið svo langan tíma hefði að mínu viti verið sjálfgefið að gera það,“ segir Sigurður.

Sigurður Tómas segist ósammála því að afraksturinn af þessu umfangsmikla sakamáli sé rýr.

Hann bendir á að aðstoðarforstjóri Baugs hafi verið sakfelldur fyrir fjár-

drátt og fjögur mjög alvarleg bókhaldsbrot, sem höfðu áhrif á niðurstöðu ársreiknings.

„Þetta er eitthvað það alvarlegasta sem gerist í almenningshlutafélagi,“ segir Sigurður Tómas. Baugur var almenningshlutafélag þegar brotin voru framin.

„Þó forstjórinn [Jón Ásgeir] sé sýknaður vegna sönnunarskorts í Hæstarétti, vegna þess að Hæstiréttur treystir sér ekki til að endurskoða sönnunarmat héraðsdóms, þá er þetta ólögmat starfsemi sem átt hefur sér stað innan veggja félagsins.“ -bj

**FIMM STJÖRNU GLÆPASAGA**

**Aska**

— Hildur Heimsdóttir, Fréttablaðinu

Veröld

**VEÐURSPÁ**

**Sigurður P. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGARVEÐRIÐ**  
Á morgun gengur lægð upp að sunnanverðu landinu. Henni fylgir vaxandi vindur strax upp úr hádegi á landinu sunnanverðu og síðan fer að rigna þar um slóðir síðdegis. Úrkomuoftið gengur svo yfir landið aðfaranótt sunnudags. Framan af sunnudegi verður rigning nyrðra, annars skúrir.

**Á MORGUN**  
10-18 m/s sunnan til síðdegis annars 5-13.

**SUNNUDAGUR**  
Austan strekkingur á annesjum nyrðra.

**HEIMURINN**

Kaupmannahöfn	22°
Billund	24°
Ósló	28°
Stokkhólmur	28°
Gautaborg	23°
Helsinki	25°
Eindhoven	25°
Amsterdam	21°
London	20°
Berlín	26°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	21°
París	17°
Basel	20°
Barcelona	22°
Alicante	25°
Algarve	26°
Tenerife	21°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Landsins mesta úrval!

OPIÐ  
tíl **20**  
alla daga



**30%**  
afsláttur  
við kassa



Bombay marineraðar  
kjúklingabringur

**1.959** kr/kg  
Verð áður 2.799.-



**30%**  
afsláttur  
við kassa

**909** kr/pk  
Merkt verð 1.299.-



**30%**  
afsláttur  
við kassa

**551** kr/kg  
Merkt verð 759.-



**30%**  
afsláttur  
við kassa

**1.959** kr/kg  
Verð áður 2.798.-



**25%**  
afsláttur  
við kassa

**1.873** kr/kg  
Verð áður 2.498.-

Ferskt Lasagne  
- 1 kg

Kjúklingalæri og leggur  
- með sólpuurkuðum tómötum

Svínalundir  
- osta- og gráfíkjufylltar

Roast beef  
- úr kjötborði



Spennandi  
nýjungar  
tilbúnar beint á grillið!



Nóa kropp  
- svo gott



Nýtt  
í Hagkaupum  
Jelly bean - 36 mismunandi  
bragðtegundir í hverjum pakka



Nýtt  
í Hagkaupum  
Ilmandi nýtt sumarkaffi frá  
Te og kaffi komið í verslanir

Gildir til 8. júní eða á meðan birgðir endast.  
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



## BAUGSMÁLID: Dómur hæstaréttar

### Fagnar því að niðurstaða skuli vera fengin í málinu

„Gott að niðurstaða er fengin í málinu,“ segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra spurður um viðbrögð við dómi Hæstaréttar í Baugsmálinu. Spurður um hvort honum finnst of erfitt að fá niðurstöðu í erfiðum efnahagsbrotamálum segir Björn að mál af þessu tagi séu mjög flókin í eðli sínu og úrlausn þeirra krefjist mikillar hæfni og þekkingar.

Björn vill ekki taka afstöðu til þess hvort það hafi verið réttlætunlegt að eyða svo miklu fé og tíma og hvort kröftunum hefði verið betur varið með öðrum hætti. „Ákærvaldið tekur ákvörðun í málum sem þessum og hvort lög krefjist að bera þau undir dómara,“ segir Björn.



BJÖRN BJARNASON  
- shá

### Niðurstaðan úr takti

„Mér finnst þetta nú einhvern veginn á þessu stigi vera mál verjenda og málsaðila. Ég er ekki búinn að komast í dóminn. Það liggur í augum uppi að niðurstaðan er ekki alveg í takt við það sem lagt var upp með. Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að málið hafi verið byggt á veikum grunni. Þetta mál mun örugglega vera skoðað vandlega. Það er mikilvægt að fara vandlega í saumana á því,“ segir Lúðvík Bergvinsson.



LÚÐVÍK BERGVINSSON

### Hátt reitt til höggs í byrjun

„Miðað við umfang málsins finnst mér sakirnar litlar því ákærurnar voru upphaflega gríðarlegar. Ef fjall hefur einhver tímann tekið jöðsött og það fæðst mús þá er það í þessu máli. Þó réttlætir maður auðvitað aldrei að ekki sé farið að lögum. Ég trúi því að þessi niðurstaða kalli á áframhaldandi umræðu. Ég hef áður látið þau orð falla að hátt hafi verið reitt til höggs í málinu,“ segir Valgerður.



VALGERÐUR SVÆRISDÓTTUR

### Réttarvörslukerfið á villigötum

„Mér fannst þetta vonbrigði, ég veit ekki hvað skal segja. Réttarvörslukerfið var á villigötum í þessu máli. Upphafið var pólitískt og persónulegt og eftirlitkurinn eftir því. Ég er ekki ósáttur við niðurstöðuna í málinu – menn uppskera eins og þeir sá. Málið var aðför frá upphafi til enda. Þetta er áfall fyrir réttarvörslukerfið,“ segir Atli.



ATLI GÍSLASON

### Hátt reitt til höggs en útkoman með ólíkindum rýr

„Mér finnst um málið í heild að hátt hafi verið reitt til höggs en útkoman svo rýr að það er nánast með ólíkindum. Það var einhvern tímann rætt um manninn sem var ákærður fyrir morð en sakfelldur fyrir að stela karamelli. Að aðeins skuli falla skilorðsbundnir dómur er eins og viðurlög við minni háttar afbrotum. ... Þetta minnir á Hafskipsmálið sem að vísu var annars eðlis. Þar var líka um það að ræða að þjóðfélagið var vanbúið til að takast á við nútímalegt viðskiptaumhverfi. Mér finnst eftirtekan svo rýr að það afsaki varla allan tilbúnaðinn af hálfu ákærvaldsins,“ segir Jón.



JÓN MAGNÚSSON

# Dómur héraðsdóms stóð nær óbreyttur

Jón Ásgeir Jóhannesson var sakfelldur í einum ákærulið af 17. Tryggvi Jónsson var sakfelldur í fimm ákæruliðum af níu og Jón Gerald Sullenberger í einum.

Liður	Ákærufni	Niðurstaða Hæstaréttar
2,3,6	Jóni Ásgeiri gefið að sök að hafa brotið gegn hlutafélagalögum með því að hafa látið veita ólöglegt lán frá Baugi til Gaums.	Sýknað þrátt fyrir að um ólöglegar lánveitingar hafi verið að ræða. Ekki var tekin afstaða til þess hvort Jón Ásgeir hefði brotið lög þar sem sök væri fyrnd jafnvel þótt svo væri.
4,5,7,8,9	Jóni Ásgeiri gefið að sök að hafa brotið gegn hlutafélagalögum með því að hafa látið veita ólöglegt átta milljóna króna lán frá Baugi til Gaums, Fjárfars og Kristínar Jóhannesdóttur.	Sýknað, enda ekki nægileg rök fyrir því að um ólöglegar lánveitingar hafi verið að ræða. Ekki var tekin afstaða til þess hvort Jón Ásgeir hefði brotið lög þar sem sök væri fyrnd jafnvel þótt svo væri.
10	Jón Ásgeir ákærður fyrir bókhaldsbrot með því að hafa látið færa í bókhald Baugs sölu á hlutabréfum í Baugi.net til Fjárfars.	Sýknað þar sem ekki var um að ræða brot gegn hlutafélagalögum.
11	Jón Ásgeir og Tryggvi ákærðir fyrir bókhaldsbrot með því að rangfæra sem tekjur í bókhaldi Baugs eign á viðskiptareikningi Kaupþings. Jón Ásgeir jafnframt ákærður fyrir rangar tilkynningar til verðbréfaþings.	Sýknað þar sem ekki þykir sannað að Tryggvi hafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi látið búa til rangt fylgiskjal. Ósannað þykir að Jón Ásgeir hafi vitað um skjölín sem urðu til í samskiptum Tryggva við fjármálastjóra Baugs, eða færslu þeirra í bókhaldið.
12	Jón Ásgeir og Tryggvi sakaðir um bókhaldsbrot með því að færa kröfu á Kaupþing sem tekjur í bókhaldi Baugs.	Sýknað þar sem sannað er að Baugur taldi sig eiga kröfu á Kaupþing. Krafan var vegna þóknunar fyrir sölu forsvarsmanna Baugs á hlutabréfum.
13	Jón Ásgeir og Tryggvi ákærðir fyrir bókhaldsbrot með því að búa til gögn um viðskipti sem ekki áttu sér stað við 10-11 verslanakeðjuna. Jón Ásgeir jafnframt ákærður fyrir rangar tilkynningar til verðbréfaþings.	Sýknað þar sem ósannað er að viðskiptin hafi átt sér stað eins og ákærvaldið heldur fram. Þar með er ekki hægt að fullyrða annað en að færslur sem byggðust á þeim viðskiptum hafi verið réttmætar.
14	Jóni Ásgeiri og Tryggva gefið að sök bókhaldsbrot með því að færa þrjár rangar færslur í bókhald Baugs vegna viðskipta með bréf í Arcadia. Jón Ásgeir jafnframt ákærður fyrir rangar tilkynningar til verðbréfaþings.	Tryggvi sakfelldur þar sem sannað þykir að hann hafi fært rangar upplýsingar í bókhald Baugs sem gáfu því ranga mynd af viðskiptum. Jón Ásgeir sýknaður þar sem ósannað er að hann hafi komið að færslunum.
15	Jón Ásgeir og Tryggvi sakaðir um bókhaldsbrot með því að færa tilhæfuleusan kreditreikning frá Nordica sem tekjur í bókhaldi Baugs. Jón Ásgeir jafnframt ákærður fyrir rangar tilkynningar til verðbréfaþings. Jón Gerald ákærður fyrir að útbúa reikninginn.	Jón Ásgeir, Tryggvi og Jón Gerald sakfelldir. Báðum mátti vera ljóst að kreditreikningurinn var rangur og tilhæfulegur, og færsla hans í bókhald hafi haft áhrif á árslytauppgjöri Baugs. Jón Ásgeir sýknaður fyrir rangar tilkynningar til verðbréfaþings þar sem upprunaleg tilkynning var ekki lögð fram fyrir dómi heldur afrit af vefsíðu verðbréfaþings.
16	Jón Ásgeir og Tryggvi ákærðir fyrir bókhaldsbrot með því að færa kredityfirfyrirslu frá fyrirtækinu SMS í Færeyjum sem tekjur í bókhald Baugs. Jón Ásgeir jafnframt ákærður fyrir rangar tilkynningar til verðbréfaþings.	Tryggvi sakfelldur, en hann játaði að engin viðskipti hefðu legið á bak við færsluna. Jón Ásgeir sýknaður þar sem ekki er sannað að færslan hafi verið gerð með vilja hans og vitneskju.
17	Jón Ásgeir og Tryggvi sakaðir um bókhaldsbrot með því að færa sem sölu á eigin hlutabréfum Baugs bréf sem hafi í raun ekki verið seld heldur afhent Kaupþingi í Lúxemborg til varðveislu.	Tryggvi sakfelldur fyrir að gefa fyrirmæli um rangar færslur sem gáfu ranga mynd af viðskiptunum. Jón Ásgeir sýknaður þar sem ósannað er að færslurnar hafi verið gerðar með hans vitneskju og vilja.
18	Jóni Ásgeiri og Tryggva gefinn að sök fjárdráttur úr Baugi til Gaums með því að fjármagna hlut Gaums í skemmtibátnum Thee Viking á Flórída.	Sýknað. Peningarnir runnu ekki til Gaums, eins og stóð í ákæru, heldur til Nordica, félags Jóns Geralds.
19	Tryggvi ákærður fyrir að draga sér alls 1,3 milljónir króna með því að láta Baug greiða einkanoftun á American Express greiðslukorti.	Sakfelldur. Fjárdráttur Tryggva er sagður nema 547.985 krónum.

Jón Gerald Sullenberger:

### Málsmeðferðin til skammar

„Menn eru slegnir á því hvernig Hæstiréttur tekur á þessu máli,“ segir Jón Gerald Sullenberger. „Ég tel að það þurfi að gera allsherjar endurskoðun á íslensku réttarkerfi og ekki síst vinnubrögðum dómara. Það sem hér er að gerast er mjög alvarlegt og það er að mér vegið.“

Jón Gerald segir að málsmeðferðin sem hann fékk fyrir dómi sé til skammar og hann spyrji sig hvað liggja að baki. Tengsl séu á milli dómara og málsaðila. „Ég skil ekki hvernig mögulegt er að taka framburð vitnis, snúa honum á hvolf, ákæra fyrir þann framburð og dæma fyrir það. Dómur héraðsdóms var réttur þar sem málinu var vísað frá vegna þess að ekki var hægt að taka minn framburð.“

Jón Gerald telur að íslensku réttarkerfi og eftirlitsstofnanir á Íslandi séu ekki í stakk búar til að takast svo stórt mál á hendur. Hann segist hafa varið háum fjárhæðum í málsvörn sína án þess að gera sér grein fyrir hversu há sú upphæð er orðin. „En ég held áfram og hyggst skjóta málinu til mannréttindadómstólins í Strasbourg.“



JÓN GERALD SULLENBERGER

Tryggvi Jónsson

### Harðasti dómurinn fellur á þá

„Ég átti ekki von á þessari niðurstöðu en fyrst og fremst er ég feginn að þetta er búið,“ segir Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs. „Ríkislög-reglustjóraembættið og saksóknari eru að fá afskaplega lítið eftir alla þessa fyrirhöfn undanfarnir sex ár. Harðasti dómurinn fellur í þeirra hlut.“

Tryggvi telur að ekkert fyrirtæki, hvorki ríkisfyrirtæki né fyrirtæki í einkaeign, myndi standast þá grandskoðun sem rannsókn málsins hefur falið í sér. „Það sem dæmt er fyrir eru bókhaldsleg atriði sem við töldum að hefðu verið gerð á réttan hátt. Það er ekki tekið tillit til þess.“

Tryggvi segir að næsta skref sé að biða niðurstöðu mannréttindadómstóls Evrópu. „Það var gerð alvarleg tilraun frá hendi hins opinbera að vega að mínu mannorði. Það sem ég heyri hins vegar frá flestum er það að þeir hafi frekar skaðað sitt eigið mannorð. Fólk er orðið dauðveikt á þessu máli og veit að það er alltaf hægt að grafa upp smáatriði ef farið er í margra ára rannsókn með þessum hætti.“



TRYGGVI JÓNSSON

Miðstöð Sameinuðu þjóðanna, Laugavegi 42  
Laugardaginn 7. júní, kl. 13-14

**UNIFEM-UMRÆÐUR**  
um Malaví

Birna Halldórsdóttir verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum  
**Daglegt líf sveitavenna í Malaví**

Birna fjallar um störf sín fyrir Rauða krossinn og segir frá hvaða tækifærum og hindrunum konur í Malaví mæta.

Allir velkomnir og ókeypis inn.  
Landsnefnd UNIFEM á Íslandi

*Þú án ofbeldis er allra réttur  
Þú án íþyngni er allra hugar*

UNIFEM á Íslandi Laugavegi 42  
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi  
Sími 552 6200 unifem@unifem.is www.unifem.is



## Hlutfjárútboði Marel Food Systems hf. lýkur klukkan 16:00 í dag

Hlutfjárútboð í Marel Food Systems hf. verður dagana 5. og 6. júní 2008. Seldir verða 156.440.000 nýir hlutir í Marel Food Systems hf. í útboðinu. Verði umframeftirspurn í útboðinu hefur stjórn félagsins heimild til að fjölga þeim hlutum sem seldir verða í útboðinu um allt að 40.115.000 hluti. Hluthafar skráðir í hluthafaskrá Marel Food Systems hf. þann 2. júní 2008 hafa heimild til að taka þátt í útboðinu. Aðrir fjárfestar en hluthafar geta einnig skráð sig fyrir hlutum í útboði Marel Food Systems hf., enda skrái þeir sig fyrir a.m.k. 75.000 hlutum í félaginu.

Ráðgjafar Landsbankans veita upplýsingar um útboðið í síma 410 4040 frá klukkan 9-18 meðan á útboðinu stendur.

Marel Food Systems hf. hefur gefið út og birt lýsingu vegna útboðsins og töku hinna nýju hluta til viðskipta í kauphöll OMX Nordic Exchange Iceland hf. Lýsinguna er hægt að nálgast á vef Marel Food Systems hf., [www.marelfoodsystems.com](http://www.marelfoodsystems.com). Jafnframt er hægt að nálgast prentuð eintök af lýsingu á skrifstofu Marel Food Systems hf., Austurhrauni 9, Garðabæ.

### Útgefandi

Marel Food Systems hf., kt. 620483-0369, Austurhrauni 9, Garðabæ, sími 563 8000, [www.marelfoodsystems.com](http://www.marelfoodsystems.com).

### Umsjónaraðili útboðs og töku hlutanna til viðskipta

Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, sími 410 4000, [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is).

### Tilgangur útboðs og heimild til hlutfjárhækkunar

Stjórn Marel Food Systems hf. ákvað þann 6. maí 2008 að nýta heimild í samþykktum félagsins og hækka hlutfé þess með sölu nýrra hluta. Seldir verða 156.440.000 nýir hlutir í Marel Food Systems hf. Verði umframeftirspurn í útboðinu hefur stjórn Marel Food Systems hf. áskilið sér rétt til þess að fjölga þeim hlutum sem boðnir verða til sölu í útboðinu, þannig að heildarföldi seldra hluta verði allt að 196.555.000 hlutir.

### Útboðsgengi og heildarsöluvirði útboðs

Útboðsgengið er 89 kr. fyrir hvern hlut í Marel Food Systems hf. og nemur heildarsöluvirði útboðsins kr. 13.923.160.000. Nýti stjórn Marel Food Systems hf. rétt sinn til fjölgunar seldra hluta í útboðinu verður heildarsöluvirði útboðsins allt að kr. 17.493.395.000. Afrakstri útboðsins verður varið til endurgreiðslu á brúarfjármögnun vegna kaupa Marel Food Systems hf. á Stork Food Systems.

### Sölutímabil

Frá klukkan 10:00 fimmtudaginn 5. júní 2008 til klukkan 16:00 föstudaginn 6. júní 2008.

### Söluþrygging

Útboðið er söluþryggt af Landsbanka Íslands hf. miðað við útboðsgengi. Eyrir Invest ehf. hefur skuldbundið sig gagnvart Landsbanka Íslands hf. til að skrá sig að lágmarki fyrir hlutum í útboðinu sem eru að söluvirði jafngildi 59 milljónum evra. Grundtvig Invest ApS hefur skuldbundið sig gagnvart Landsbanka Íslands hf. til að skrá sig fyrir hlutum í útboðinu sem eru að söluvirði jafngildi 7 milljónum evra.

### Gjalddagi

Áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Greiðsluseðlar verða sendir áskrifendum í pósti í kjölfar áskriftar, auk þess sem þeir munu birtast í netbönkum. Gjalddagi og eindagi

greiðsluseðla er 13. júní 2008. Hlutir sem kunna að vera ógreiddir eftir gjalddaga, er stjórn Marel Food Systems hf. heimild að innheimta með tilheyrandi kostnaði eða fella úr gildi og ráðstafa til þriðja aðila án sérstakrar tilkynningar eða fyrirvara.

### Afhending og taka hluta til viðskipta

Hinir nýju hlutir verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Stefnt er að því að afhending hluta fari fram eigi síðar en 16. júní 2008. Stefnt er að því að hlutirnir verða teknir til viðskipta í kauphöll OMX Nordic Exchange Iceland hf. 18. júní 2008.

### Fyrirkomulag útboðs

Hluthöfum Marel Food Systems hf., sem skráðir voru í hluthafaskrá félagsins þann 2. júní 2008 er heimild að taka þátt í útboðinu. Auk hluthafa geta aðrir fjárfestar skráð sig fyrir hlutum í útboði Marel Food Systems hf., enda skrái þeir sig fyrir a.m.k. 75.000 hlutum í útboðinu.

Einungis er hægt að skila áskriftum rafrænt á vef Landsbankans, [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is), á sölutímabilinu gegn því að gera grein fyrir sér með kennitölu og lykilorði. Hluthafar fengu sent lykilorðið bréfleiðis þann 28. maí 2008. Rafræn staðfesting, sem birtist í lok áskriftar og hægt er að prenta út, er skilyrði fyrir gildri áskrift. Hluthafar verða að lágmarki að skrá sig fyrir 200 hlutum í útboðinu. Ekkert hámark er á áskriftum.

### Úthlutun áskrifta

Stjórn Marel Food Systems hf. mun úthluta hlutum til áskrifenda að loknu sölutímabilinu og hefur stjórnin heimild til að hafna áskriftum í útboðinu í heild eða að hluta. Við úthlutun mun stjórnin hafa eftirfarandi viðmið til hliðsjónar:

- Að allir hluthafar, óháð eignarhlut þeirra í Marel Food Systems, verði úthlutað a.m.k. 2.500 hlutum, ef þeir hafa óskað eftir því.
- Að hluthafar haldi hlutfallslegum eignarhlut sínum í Marel Food Systems hf., fyrir og eftir útboð, í samræmi við áskriftir þeirra, að teknu tilliti til viðmiðs a) og c).
- Að öðrum fjárfestum sem eru ekki hluthafar í Marel Food Systems hf. eða eiga lítinn hlut í félaginu fyrir útboð verði gefinn kostur á að verða hluthafar í Marel Food Systems hf. í samræmi við áskriftir þeirra að teknu tilliti til viðmiðs a) og b).

Áskrifendur geta nálgast upplýsingar um úthlutun áskrifta til sín í útboðinu, frá og með 9. júní 2008 á vef Landsbanka Íslands hf., [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is), með því að slá inn sömu auðkenni og lykilorð og þeir notuðu við skráningu áskrifta sinna.





1. Hvað heitir nýráðinn forstjóri Varnarmálastofnunar?
2. Hvers konar dýr var skotið til bana á Pverárfalli í fyrradag?
3. Hvað heitir Barack Obama, tilvonandi forsetaefni demókrata, að millinafni?

SIÁ SVÖR Á Síðu 46

Laxveiði hófst í Norðurá, Straumunum og í Blöndu í gær:

# Meira um óseld veiðileyfi

**STANGVEIÐI** Meira er af óseldum laxveiðileyfum í ár en undanfarin ár. Laxveiði hófst í Norðurá, Straumunum og í Blöndu í gær.

„Það hefur áhrif á öll fyrirtæki þegar svona kreppatal og ástand er,“ segir Harpa Hlín Þórðardóttir hjá Lax-á, sem sér um veiðileyfi í Blöndu. Hún segir sölu hafa dregist saman, venjulega sé mjög mikil sala í maí en breytingar hafi orðið þar á í ár. „En maí í fyrra var líka rosalega góður í sölu. Sem betur fer seljum við mikið snemma, aðalsölutíminn okkar er fyrir áramót, svo það er frekar fyrir næsta ár sem við höfum áhyggjur.“ Enn er hægt að komast



**HARPA HLÍN ÞÓRÐARDÓTTIR** Finnur fyrir samdrætti í veiðileyfasölu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

í laxveiði hjá Lax-á, og segist Harpa telja að þannig sé það á flestum stöðum.

Að sögn Hörpu hafa orðið hækkanir í laxveiði undanfarin ár en

þær verði líklega ekki meiri í bráð. „Frekar að það verði á hinn veginn,“ segir hún.

Fyrstu árnar opna um þessar mundir og segir Harpa laxveiðina byrja vel, og það sé góðs viti. Undir það tekur Páll Þór Ármann, framkvæmdastjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Hann segist hafa heyrt af samdrætti í veiðileyfasölu. „Það er minna af því hjá okkur. Við erum mjög stór samtök, með 3000 félagsmenn, og þeir byggja upp eftirspurn. Það er aðeins laust hjá okkur í júní en að öðru leyti er allt nánast uppselt. Menn eru bjartsýnir á þokkalegt sumar,“ segir hann.

- þeb

Nauðgaði ofurólvi konu:

# Nauðgunar-dómur þyngdur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær mann í átján mánaða fangelsi fyrir að nauðga ofurólvi stúlku á heimili fyrrverandi tengdamóður sinnar í maí árið 2006. Héraðsdómur hafði dæmt manninn í fimmtán mánaða fangelsi.

Maðurinn er tengdur konunni fjölskylduböndum. Hann fylgdi henni heim af skemmtistað, þar sem hún hafði kastað upp af ölvun, og hafði við hana samfarir.

Dómurinn segir að manningur hafi mátt vera ljóst að konan væri ekki í ástandi til samræðis, og að hún gæti ekki spornað við því. Honum er gert að greiða henni 800 þúsund krónur í miskabætur.

- sh

Mahmoud Abbas:

# Vill nú viðræður við Hamas

**PALESTÍNA, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, sagðist á miðvikudag vilja hefja viðræður á ný við Hamas og



MAHMOUD ABBAS

boðar bæði þing- og forsetakosningar ef þær viðræður bera árangur. Mánuðum saman hefur Abbas sett það skilyrði fyrir viðræðum að Hamas-samtökin afsali sér völdum á Gazaströnd, sem þau tóku sér eftir hörð átök við Fatah-hreyfinguna, sem Abbas stjórnar.

Taher Nunu, talsmaður Hamas á Gazaströnd, fagnaði þessu tilboði Abbas um viðræður.

- gb

Telja verðbólguþjálfara undan peningastefnunni:

# Spá bankans rætist seint

**EFNAHAGSMÁL** „Það er ákveðinn eiginleiki í líkaninu sem leitar í átt að verðbólguþjálfara banka-“ segir Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík.

Hann hefur ásamt Axel Hall, hagfræðingi, rannsakað spálíkan Seðlabankans og kemst meðal annars að því að líkanið geri ætíð ráð fyrir því að verðbólguþjálfari náist á tveimur árum, óháð verðbólgunni á hverjum tíma.

„Spárnar hafa ekki gengið eftir, en við fullyrðum samt ekki að þær muni aldrei ganga eftir,“ segir Friðrik Már. Hann bætir því við að þeir Axel taki enga afstöðu til aðgerða Seðlabankans á hverjum tíma.

Samtök atvinnulífsins segja að spár sem byggjast á verðbólguþjálfungum sem ekki rætast, séu líklegar til að grafa enn frekar



**SPÁMENN** Arnór Sighvatsson aðalhogfræðingur og Davíð Oddsson formaður banka- stjórnar Seðlabankans.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

undan áhrifamætti peningastefnunnar.

Tólf mánaða verðbólga er nú 12,3 prósent og hefur vaxið frá því snemma árs 2003. Frá sama tíma hafa stýrivextir Seðlabankans hækkað um ríflega tíu prósentustig, án þess að verðbólguþjálfari hafi náðst.

- ikh



**GLEÐI** Björgunarsveitarmenn bera Önnu Kristínu inn í Nissan Patrol-bilinn sem flutti hana á áfangastað í Þórsmörk. Anna og fjölskylda eru í skjólinum með daginn.

# Björgunarsveit flutti stúlku í útskriftarferð

Anna Kristín Jensdóttir, nemandi tíunda bekkjar Valhúsaskóla, er bundin við hjólastól. Björgunarsveitin Ársæll sá til þess að Anna gæti heimsótt félag sína í útskriftarferð skólans.

**FÓLK** „Ég er svo ánægð að ég kem varla upp orði. Það var algjör draumur í dós að komast í þessa ferð,“ segir Anna Kristín Jensdóttir, nemandi í tíunda bekk Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi.

Anna er bundin við hjólastól, en þökk sé Björgunarsveitinni Ársæli komst hún í útskriftarferðalag skólans í Þórsmörk í fyrradag.

Löng hefð er fyrir því að nemendur tíunda bekkjar Valhúsaskóla sækja Þórsmörk heim í veggja daga útskriftarferð að vori. Ekki leit út fyrir að Anna Kristín gæti tekið þátt í dagskrá ferðarinnar, sem byggist mest upp á gönguferðum um fjöll og firnindi. Rannveig Óladóttir, námsráðgjafi skólans, hafði því samband við Björgunarsveitina Ársæll með það fyrir augum að Anna gæti heimsótt skólafélaga sína síðasta kvöldið. „Björgunarsveitin tók erindi okkar rosalega vel. Stefna skólans er að allir geti tekið þátt í svona viðburðum og allir sem komu að þessu skemmtu sér konunglega,“ segir Rannveig.

Fjórir félagar í Björgunarsveitinni Ársæli í sjálfboðavinnu sáu um að koma Önnu til Þórsmörk í sérútbúnum jeppum. Borgþór Hjörvarsson, varaformaður sveitarinnar, segir ávallt ánægjulegt að geta veitt slíka aðstoð.

„Það lá við að skólafélagar mínir gleymdu að ég væri í hjólastól, því ég henti mér í grasíð, fór í fótbolta og margt fleira.“

**ANNA KRISTÍN JENSÐÓTTIR**  
NEMANDI Í TÍUNDA BEKK VALHÚSASKÓLA

„Anna Kristín ljómaði þegar hún sá skólafélaga sína. Hún tók þátt í grillveislu og leikjakvöldi meðan við nýttum tímann í að kanna svæðið, ástand á vegum og fleira. Þetta var góð æfing fyrir okkur.“

Anna Kristín var kjörin íþróttamaður ársins á Seltjarnarnesi í janúar síðastliðnum. Hún æfir sund með Íþróttafélagi fatlaðra og hefur sett Norðurlandamet auk sex Íslandsmeta og á jafn marga Íslandsmeistarátitla. Hana hefur lengi langað að sækja Þórsmörk heim. „Á vorin heyrir maður alla tala um Þórsmörkurferðina og öll ævintýrin sem gerast þar. Ég er svo þakklát fyrir að hafa fengið að taka þátt í öllu. Það lá við að skólafélagar mínir gleymdu því að ég væri í hjólastól, því ég henti mér í grasíð, fór í fótbolta og margt fleira,“ segir Anna Kristín. Hún segist vera í skjólinum með daginn og biður fyrir þakki til björgunarsveitarinnar.

kjartan@frettabladid.is



„Íslensk blóm eru harðgerð, kröftug og fersk.“

Björn Sígurbjörnsson, garðyrkjumaður.

Í áratugi hafa íslenskir garðplöntuframleiðendur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðplöntuframleiðenda.

**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

íslenskar  
garðplöntur



# LAGERSALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

**UPPBOÐ  
Á HVERJUM DEGI!**  
Misstu ekki af skemmtilegum  
og mögnuðum uppboðum.



Verðdæmi ▶

### PALLADINE

Palladine 22" LCD flatskjár  
Verð áður 59.995 kr.  
**Tilboðsverð 39.995 kr.**



Verðdæmi ▶

### NOKIA

Nokia 5300 Xpress Music  
Verð áður 18.995 kr.  
**Tilboðsverð 12.995 kr.**



Verðdæmi ▶

### BELKIN

Belkin WiFi 125g  
router x/Giga  
Verð áður 5.995 kr.  
**Tilboðsverð 2.995 kr.**



Verðdæmi ▶

### YAMAHA

YSP 900 Yamaha  
heimabíóhátalari  
Verð áður 79.995 kr.  
**Tilboðsverð 49.995 kr.**


**Föstudaginn 6. júní til  
8. júní að Dalvegi 28.**

Ótrúlegt verð og mögnuð uppboð  
á hverjum degi.

- Flatskjáir
- Magnarar
- Hátalarar
- Veggfestingar
- Sjónvarpsborð
- Farsímar
- Aukahlutir fyrir farsíma
- Talstöðvar
- Mp3/Mp4 spilarar og aukahlutir
- Heynartól
- Vefmyndavélar

Coke býður upp á kalda og svalandi hressingu

**Coca-Cola** **Coca-Cola**  
light



**Hátækni**

Dalvegi 28 / Opíð föstudag, laugardag og sunnudag 12-18

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	77,09	77,45
Sterlingspund	150,11	150,83
Evra	118,63	119,29
Dönsk króna	15,901	15,995
Norsk króna	14,878	14,966
Sænsk króna	12,732	12,806
Japanskt jen	0,7259	0,7301

SDR 124,22 124,96

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

153,5053

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þriggja daga leiðtogafundur Matvælastofnunar SP í Róm um fæðuöryggi:

## Hvatt til framleiðsluaukningar

**RÓM, AP** Það dróst að ná samkomulagi um lokaályktun þriggja daga leiðtogafundar Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Róm um fæðuöryggi í gær. Það var vegna kröfu Kúbverja um ákvæði um viðskiptaþvinganir og andstöðu Argentínnumanna við hvatningu til afnáms hindrana við milliríkjavíðskiptum með matvörur.

Með lokaályktuninni stóð til að tryggja einhuguríkja heims um aðgerðir til að draga úr hungri og ólgu vegna verðhækkana á eldsneyti og matvælum.

Bandarísk yfirvöld, sem láta mikla matvælaöstoð af hendi rakna, vilja ekki að áratuga viðskiptabann þeirra gegn kommúnistastjórninni á Kúbu sé fordæmt og beita sér í samræmi við það.

Í drögum að lokaályktuninni, sem AP-fréttastofan fékk í hendur, er meðal annars reynt að fara bil beggja milli ólíkra sjónarmiða varðandi áhrif aukinnar áherslu á framleiðslu lífræns eldsneytis á



**EKKI EINHUGUR** Deilt var um hve frjáls milliríkjavíðskipti með matvæli skyldu vera. Einhugur var þó um að stöðja við aukna búvöruframleiðslu í Afríku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þróun matvælavæðs.

Í ályktuninni er tekið undir áskorun Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra SP, um að auka matvælaframleiðslu í heiminum um helming fram til ársins 2030 til að svara vaxandi eftirspurn eftir því sem jarðarbúum fjölga.

- aa

Átöppunarverksmiðja í Ölfusi:

## Gáfu þúsundir lítra af vatni

**JARÐSKJÁLFTI** Drykkjarvatn margra íbúa á skjálftasvæðinu á Suðurlandi spilltist í kjölfar skjálftanna og þurftu íbúarnir að notast við vatn á flöskum.

Vatnið var meðal annars fengið hjá vatnsátöppunarverksmiðju Icelandic Water Holdings í Þorlákshöfn og segir Ragnar Haraldsson verksmiðjustjóri fyrirtækið hafa gefið um 20 þúsund lítra. Þjörgunarsveitir dreifðu hátt í fimmtíu þúsund flöskum, allar birgðir sem tiltækar voru á lager hjá fyrirtækinu. Beiðni um vatnið kom frá samhæfingarmiðstöð Suðurlands.

- ovd

Afl starfsgreinafélag:

## Verkefnastaða er þokkaleg

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuástandið er gott á Austurlandi þessa dagana þó að helsta spennan sé farin úr framkvæmdunum,



SVERRIR ALBERTSSON.

„Við finnum að árferðið er að þyngjast, yfirvinna fer minnkandi en samt eru framkvæmdir í gangi,“ segir hann og bendir á að verkefnastaða sé þokkaleg hjá flestum verktafyrirtækjum.

„Það er sama ástand á fasteignamarkaðnum hérna og á höfuðborgarsvæðinu. Það er lítil hreyfing,“ segir hann, „en við búum að því að álverið er að ráða 50-100 manns.“

- ghs

227 króna verðmunur á Hunt's tómatsósu:

## Í sextán tilvikum munar einni krónu

**NEYTENDUR** Innkauparkarfan er ódýrust í Bónus en dýrust í Nettó. Eingöngu var kannað verð á milli lágvöruverslananna Bónus, Krónunar, Kaskó og Nettó og var munurinn á dýrustu og ódýrustu körfu 11,2 prósent.

Í innkaupakörfu ASÍ eru dæmigerðar vörur til daglegra nota. Þar á meðal eru mjólkurvörur, grænmeti og ávextir, álegg, kjöt, brauð, dósamat og pakkavörur.



HUNT'S TÓMATSÓSA

aði aðeins einni krónu.

- hj

Á einstökum vörum var verðmunur minnstur á mjólkurvörum og ávöxtum. Verðmunur var hins vegar mestur á mælieiningaverði eins og kíló- og lítraverði. Sem dæmi má nefna að kílóverð Hunt's tómatsósu var 344 krónur í Krónunni en aðeins 117 krónur í Kaskó, sem gerir 227 króna verðmun.

Í þremur tilvikum var verðið hjá Bónus og Krónunni það sama en í sextán tilfellum mun-



**FLUGSTÖÐVARGESTIR** Íslenski flugvélaflotinn mengaði til jafns við fjórtán álver í Straumsvík árið 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Verð á flugi mun hækka

Flugfélög þurfa að borga toll fyrir losun gróðurhúsalofttegunda ná tillögur Evrópusambandsins fram að ganga. Jaðarsvæði ekki undanskilin.

**SAMGÖNGUR** Verð á flugi mun hækka ef tillögur Evrópusambandsins um viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda ná fram að ganga. Þetta kom fram á fundi stýrihóps á vegum samgönguráðuneytisins sem kynnt var á Hótel Loftleiðum í gær.

Allt bendir til þess að tillögurnar verði samþykktar í haust og munu þær þá taka gildi 2011 eða 2012, segir Gunnlaugur Stefánsson, sem leiddi vinnu stýrihópsins.

Markmið Evrópusambandsins með tilskipuninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt skýrslu stýrihópsins er tilgangur kerfisins annars vegar að breyta ferðavenjum og auka notkun á vistvænum ferðamáta, svo sem lestum. Hins vegar er markmiðið „að hvetja til tækninýjunga í flugi, flugleiðsögu og hagræðingar í rekstri“.

Útblástur koltvísýrings frá flugvélum er gróðurhúsalofttegund. Í skýrslunni kemur fram að ekki er gert ráð fyrir neinum undanþágum í kerfinu. „Ekki er tekið sérstakt tillit til fjarlægja jaðarsvæða eða eyja, en þó er gert ráð fyrir endurskoðunarákvæði gagnvart þessum stöðum eftir að nokkur reynsla er komin á kerfið,“ segir í skýrslunni.

Vonast er til að Bandaríkjamenn og aðrar þjóðir taki upp sambærilegt kerfi en í það minnsta er ljóst að allir þurfa að borga losunartoll þegar flogið er innan lögsögu Evrópska efnahagssvæðisins.

gudmundure@frettabladid.is



**ÁHUGASAMIR FUNDARMENN** Högni Kristjánsson, Jóhann Guðmundsson, Kristján Möller og Ragnhildur Hjaltadóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRUMGREINAR VIÐ HR

FYRSTA SKREF AÐ HÁSKÓLAMENNTUN

- Frumgreinasvið er kjörin leið fyrir fólk með starfsmenntun og aðra úr atvinnulífinu sem þurfa frekari undirbúning til áframhaldandi náms á háskólastigi einkum í tæknifræði og verkfræði.
- Frumgreinasviðið er vettvangur fyrir stúdenta sem þurfa að bæta við sig stærðfræði og raungreinum.
- Námið tekur eina til fjórar annir. Við mat er litið til starfsreynslu og fyrri skólagöngu.
- Námið er hagnýtt og krefjandi og hentar vel metnaðarfullum einstaklingum.
- Hægt er að stunda nám í frumgreinum bæði í dagskóla og í fjarnámi.

Umsóknarfrestur er til 10. júní  
Kynntu þér námið á [www.hrs.is](http://www.hrs.is)

FRAMTÍÐIN ER  
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITET



Höfuðstöðvar 1912 ehf. að Klettagörðum 19

# TIL HAMINGJU

Við hjá **ÍSTAKI** óskum 1912 ehf. til hamingju með nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar að Klettagörðum 19. Við þökkum öllum sem að verkinu komu gott samstarf.

Faxaflóahafnir veittu 1912 ehf. viðurkenninguna Fjörusteininn fyrir húsið, en hún er veitt fyrirtækjum sem þykja skara fram úr í umhverfismálum. Höfuðstöðvarnar að Klettagörðum 19 eru afbragðs dæmi um fallegt og vel hannað hús sem fellur vel að umhverfi sínu.



# ÍSTAK

ÍSTAK hf. · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík

Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724 · [istak@istak.is](mailto:istak@istak.is) · [www.istak.is](http://www.istak.is)

## BAUGSMÁLID: Sagan rakin



# Tæplega sex ára ferli lokið

Pótt upphaf Baugsmálsins megi rekja til atburða sem urðu fyrir húsleit lögreglu hjá Baugi 28. ágúst 2002 er það sú dagsetning sem kalla má upphafspunkt umfangsmesta dómsmáls Íslandssögunnar. Með dómi Hæstaréttar í gær lauk tæplega sex ára ferli lögreglu-rannsóknar og dómsmáls. Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra rannsakar enn meint skattalagabrot einstaklinga tengdum Baugi.

■ **8. apríl 1989** Feðgarnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson opna fyrstu Bónus-verslunina á Íslandi.  
 ■ **Snemma á tíunda áratugnum** Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir kynna Jóni Gerald Sullenberger í fjölskyldubóði á Íslandi.  
 ■ **Árið 1992** Viðskiptasambandi hefur verið komið á milli Bónuss á Íslandi og Nordica Inc., fyrirtækis Jóns Geralds í Flórída í Bandaríkjunum.  
 ■ **17. júlí 1998** Bónus og Hagkaup sameinast undir nafninu Baugur hf.  
 ■ **Ársbyrjun 2001** Baugur hættir viðskiptum við Nordica Inc. í Flórída.

## 2002

■ **22. janúar 2002** Umræður um matvæla-verð á Alþingi. Össur Skarphéðinsson, þáverandi formaður Samfylkingarinnar, sagði að verið væri að kýla upp matvæla-verðið. Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, sagði að til greina kæmi að skipta upp fyrirtækjum með markaðsráðandi stöðu.  
 ■ **26. janúar 2002** Hreinn Loftsson, þáverandi stjórnarformaður Baugs, á fund með Davíð Oddssyni, þáverandi forsætisráðherra, í London. Þar koma að hans sögn fram áskanir um að Baugur ætti í samskiptum við fyrirtæki á Flórída, legðu mikið á vörur þaðan og stingi mismuninum í eigin vasa. Í kjölfarið varar Hreinn stjórnendur Baugs við því að von gæti verið á aðgerðum samkeppnisfirvalda gegn félaginu.  
 ■ **30. maí 2002** Baugur hf. breytir um nafn og verður Baugur Group hf.  
 ■ **13. ágúst 2002** Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður kemur gögnum frá Jóni Gerald Sullenberger, framkvæmdastjóra og eiganda Nordica Inc. í Bandaríkjunum, til Jóns H. Snorrasonar, saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.



ÞÁTAR Á FLÓRÍDA Í málinu hefur verið deilt um eignarhald á skemmtibátum sem gerðir voru út frá Flórída, einkum þeim síðasta, Thee Viking.

■ **25. ágúst 2002** Jón Gerald Sullenberger fer til ríkislögreglustjóra og fer yfir gögn yfir meint auðgunarbrot Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Rannsóknin beinist í upphafi að því að Jón Ásgeir og Tryggvi, stjórnendur Baugs, hafi látið Baug greiða tilbúna og ranga reikninga vegna kaupna á skemmtibátum Thee Viking. Sakargiftir lúta einnig að því að gefinn hafi verið út tilhæfalaus reikningur í nafni Nordica að undirlagi stjórnenda Baugs og hann síðan gjaldfærður hjá Baugi. Yfirheyrslur yfir Jóni Gerald taka tvo daga.  
 ■ **28. ágúst 2002** Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra gerir húsleit í höfuðstöðvum Baugs Group við Súðarvog í Reykjavík vegna upplýsinga sem fram komu í gögnum Jóns Geralds Sullenbergers.  
 ■ **28. ágúst 2002** Kaupsýslumaðurinn Philip Green vinnur að yfirtöku tilboði í fataverslanakeðjuna Arcadia ásamt Jóni Ásgeiri og Baugi.  
 ■ **29. ágúst 2002** Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og fleiri eru yfirheyrðir hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.  
 ■ **6. september 2002** Stjórn Arcadia ákveður að taka tilboði Green, án þátttöku Jóns Ásgeirs og Baugs, upp á rúmlega hundrað milljarða króna. Arcadia vildi ekki halda áfram samningaviðræðum við Jón Ásgeir og Baug vegna lögregluáðgerðanna í höfuðstöðvum fyrirtækisins.

## 2003

■ **3. mars 2003** Davíð Oddsson forsætisráðherra er gestur á Morgunvakt Ríkisútvarpsins. Þar segir hann að Hreinn Loftsson hafi sagt við sig að Jón Ásgeir hefði nefnt það, að bjóða þyrfti Davíð 300 milljónir króna til þess að láta af andstöðu gagnavart fyrirtækinu. Jón Ásgeir vísaði því á bug.

■ **11. júlí 2003** Baugur Group afskráður úr Kauphöllinni og tekinn af markaði.  
 ■ **17. nóvember 2003** Fulltrúar embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins og lögregluunnar gera húsleit hjá Baugi Group og Gaumi. Gögn er varða rekstur fyrirtækjanna á árunum 1998 til 2002 eru tekin. Húsleitinni hafði verið frestað um nokkra daga vegna undirritunar samninga um kaup Baugs á Oasis Stores-verslanakeðjunni í Bretlandi.

## 2004

■ **12. nóvember 2004** Skattrannsóknarstjóri kærir fimm einstaklinga til lögreglu vegna meintra brota á skattalögum tengdum fyrirtækjunum Baugi Group, Fjárfestingarfélaginu Gaumi og Fjárfari ehf.

## 2005

■ **5. janúar 2005** Baugi Group er gert að greiða 464 milljónir króna við endurálagningu ríkisskattstjóra fyrir árin 1998 til 2002.  
 ■ **1. júlí 2005** Jón Ásgeir Jóhannesson, Jóhannes Jónsson, Kristín Jóhannesdóttir, Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baugs, og endurskoðendurnir Stefán Hilmarsson og Anna Þórðardóttir, eru ákærð í Baugsmálinu. Ákæran er í fjörfu liðum.  
 ■ **13. ágúst 2005** Fréttablaðið birtir ákærnar ásamt athugasemdum sakborninga.  
 ■ **20. september 2005** Héraðsdómur Reykjavíkur vísar frá öllum ákæru liðunum 40 vegna ágalla á ákærunum.

■ **24. september 2005** Fréttablaðið flytur af því fréttir að Styrmir Gunnarsson, þáverandi ritstjóri Morgunblaðsins, Kjartan Gunnarsson, þáverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, og Jón Steinar Gunnlaugsson, þáverandi hæstaréttarlögmaður og núverandi hæstaréttardómari, hafi fundað um Baugsmálið mánuðum áður en ákært var í því. Styrmir Gunnarsson staðfestir í samtali við Fréttablaðið að hann hafi talað um málið við Kjartan og Jón Steinar, með það fyrir augum að aðstoða Jón Gerald Sullenberger. Styrmir staðfestir að hann hafi beðið blaðamann Morgunblaðsins um að þýða texta fyrir Jón Gerald og biður Jóninu Benediktssdóttur í tölvubréfi að „eyða fingraförum Morgunblaðsins af þessu skjali og senda það síðan til Jóns Geralds“.

■ **10. október 2005** Hæstiréttur staðfestir frávisunarúrskurð héraðsdóms vegna 32 af 40 ákæru liðum, en leggur fyrir héraðsdóm að fjalla aftur um átta ákæru liði.  
 ■ **11. október 2005** Bogi Nilsson ríkissaksóknari tekur við málinu fyrir hönd ákæruvaldsins.  
 ■ **14. október 2005** Bogi Nilsson segir sig frá málinu vegna tengsla við starfsmenn KPMG endurskoðunar, er tengjast endurskoðunarstarfi fyrir Baug. Í framhaldinu skipar Björn Bjarnason dómsmálaráðherra Sigurð Tómas Magnússon sérstakan saksóknara í Baugsmálinu.  
 ■ **14. nóvember 2005** Þinghald hefst vegna átta ákæru liða sem eftir standa í Baugsmálinu.



KOM INN Í MÁLIÐ Sigurður Tómas Magnússon var skipaður settur ríkissaksóknari í málinu eftir að Jón H. Snorrason sagði sig frá því í nóvember 2005.

■ **17. nóvember 2005** Jón H. B. Snorrason, saksóknari hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, segir sig frá þeim hluta Baugsmálsins sem enn er fyrir dómi. Sig-



Í RÉTTARSAL Kastljós fjölmiðla hefur beinst að sakborningum, verjendum og sækjanda frá því fyrstu réttarhöldin í málinu hófust með útgáfu ákæru 1. júlí 2005. Jón Ásgeir og Tryggvi gáfu skýrslu í héraðsdómi í febrúar í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

urður Tómas Magnússon flytur málið fyrir hönd ríkissaksóknara.

## 2006

■ **15. mars 2006** Ákæru í Baugsmálinu eru sýknaðir í Héraðsdómi Reykjavíkur.  
 ■ **22. mars 2006** Settur ríkissaksóknari áfrýjar sýknuðomi héraðsdóms vegna sex af átta ákæru liðum sem sýknað var í.



ÁKÆRÐUR Jón Gerald Sullenberger (til vinstri) var vitni í Baugsmálinu frá því hann kom því af stað með því að fara með gögn og upplýsingar til lögreglu. Hann var ákærður fyrir sinn þátt í málinu 31. mars 2006.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

■ **31. mars 2006** Settur ríkissaksóknari gefur út endurákæru í 19 liðum í stað þeirra 32 ákæru liða sem áður var vísað frá dómi í Hæstarétti. Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Jón Gerald Sullenberger eru ákærðir.

■ **27. apríl 2006** Endurákæra þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur. Verjendur ákæru krefjast frávisunar á málinu.

■ **20. júní 2006** Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir, Stefán Hilmarsson og Tryggvi Jónsson boðuð til yfirheyrslna hjá ríkislögreglustjóra vegna meintra skattalagabrot. Yfirheyrslurnar eru boðaðar í kjölfar kæru sem skattrannsóknarstjóri ríkisins sendi til ríkislögreglustjóra 12. nóvember 2004.

■ **30. júní 2006** Héraðsdómur vísar fyrsta ákæru liðnum í endurákærinni frá dómi með þeim rökstuðningi að ekki sé nægilega skýrt hvernig atburðarásin sem þar er lýst brjóti gegn lögum.

■ **21. júlí 2006** Hæstiréttur staðfestir frávisun á fyrsta ákæru liðnum í endurákærinni.

■ **3. október 2006** Verjendur Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar senda mannréttindadómstól Evrópu bréf þar sem boðað er að kærd verði brot á sáttmálanum við meðferð Baugsmálsins. Þar með er fyrningarfrestur rofinn og tími gefst til að skila inn ákæru.

■ **27. nóvember 2006** Verjendur Baugsmanna krefjast þess í héraðsdómi að rannsókn á meintum skattalagabrotum einstaklinga tengdum Baugi Group verði dæmd ólögmæt, eða að forsvarsmenn embættis Ríkislögreglustjóra víki sæti í málinu, sem og allir þeirra undirmenn.

■ **18. desember 2006** Héraðsdómur úrskurðar að yfirmenn ríkislögreglustjóra séu vanhæfir til þess að fjalla um skattamál Baugsmanna. Öðrum kröfum verjenda er hafnað. Bæði verjendur og sækjandi kæra úrskurðinn til Hæstaréttar.

## 2007

■ **23. janúar 2007** Hæstiréttur hafnar meginkröfum verjenda Baugsmanna þess efnis að skattrannsókn verði úrskurð ólögmæt, en fellst á að Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri sé vanhæfur til að fjalla um málið.  
 ■ **25. janúar 2007** Hæstiréttur staðfestir sýknuðomi héraðsdóms í þeim sex ákæru liðum af upprunalegri ákæru sem settur ríkissaksóknari áfrýjaði. Málinu er því lokið fyrir hluta sakborninga.

■ **26. janúar 2007** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra setur Egil Guðjónsson, sýslumann í Reykjavík, í embætti ríkislögreglustjóra til að fara með rannsókn á meintum skattalagabrotum einstaklinga tengdum Baugi Group.

■ **12. febrúar 2007** Aðalmeðferð vegna endurákæru hefst í Héraðsdómi Reykjavíkur.

■ **29. mars 2007** Aðalmeðferð lýkur.

■ **3. maí 2007** Héraðsdómur kveður upp dóm í málinu. Jón Ásgeir er dæmdur til 3 mánaða fangelsisvistar og Tryggvi Jónsson til 9 mánaða fangelsisvistar, en dómarnir eru skilorðsbundnir. Ákæru á hendur Jóni Gerald er vísað frá dómi. Níu ákæru liðum sem snúa að meintum ólögmætum lánveitingum Jóns Ásgeirs er vísað frá. Þá er einum ákæru liði til viðbótar vísað frá, þar sem Tryggvi var ákærður fyrir fjárdrátt.

■ **6. maí 2007** Settur ríkissaksóknari kærir frávisun héraðsdóms á tíu ákæru liðum, auk frávisunar ákæru á hendur Jóni Gerald.

■ **1. júní 2007** Hæstiréttur fellir frávisun héraðsdóms á hluta endurákæru úr gildi og felur héraðsdómi að fella efnislega dóm í málinu.

■ **13. júní 2007** Málflutningur um frávísaða ákæru liði fer fram í héraðsdómi.

■ **28. júní 2007** Héraðsdómur sýknar Jón Ásgeir í öllum ákæru liðum sem áður var vísað frá. Jón Gerald er hins vegar sakfelldur og fær þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm. Tryggvi Jónsson er sakfelldur fyrir fjárdrátt, og bætist þriggja mánaða skilorðsbundinn dómur við níu mánaða skilorðsbundinn dóm sem hann hafði áður hlotið.

■ **6. júlí 2007** Jón Ásgeir og Tryggvi kæra meðferð málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu.

■ **1. júní 2007** Hæstiréttur fellir frávisun héraðsdóms á hluta endurákæru úr gildi og felur héraðsdómi að fella efnislega dóm í málinu.

■ **13. júní 2007** Málflutningur um frávísaða ákæru liði fer fram í héraðsdómi.

■ **28. júní 2007** Héraðsdómur sýknar Jón Ásgeir í öllum ákæru liðum sem áður var vísað frá. Jón Gerald er hins vegar sakfelldur og fær þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm. Tryggvi Jónsson er sakfelldur fyrir fjárdrátt, og bætist þriggja mánaða skilorðsbundinn dómur við níu mánaða skilorðsbundinn dóm sem hann hafði áður hlotið.

■ **6. júlí 2007** Jón Ásgeir og Tryggvi kæra meðferð málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu.

■ **1. júní 2007** Hæstiréttur fellir frávisun héraðsdóms á hluta endurákæru úr gildi og felur héraðsdómi að fella efnislega dóm í málinu.

■ **13. júní 2007** Málflutningur um frávísaða ákæru liði fer fram í héraðsdómi.

■ **28. júní 2007** Héraðsdómur sýknar Jón Ásgeir í öllum ákæru liðum sem áður var vísað frá. Jón Gerald er hins vegar sakfelldur og fær þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm. Tryggvi Jónsson er sakfelldur fyrir fjárdrátt, og bætist þriggja mánaða skilorðsbundinn dómur við níu mánaða skilorðsbundinn dóm sem hann hafði áður hlotið.

■ **6. júlí 2007** Jón Ásgeir og Tryggvi kæra meðferð málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu.

■ **1. júní 2007** Hæstiréttur fellir frávisun héraðsdóms á hluta endurákæru úr gildi og felur héraðsdómi að fella efnislega dóm í málinu.

■ **13. júní 2007** Málflutningur um frávísaða ákæru liði fer fram í héraðsdómi.

■ **28. júní 2007** Héraðsdómur sýknar Jón Ásgeir í öllum ákæru liðum sem áður var vísað frá. Jón Gerald er hins vegar sakfelldur og fær þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm. Tryggvi Jónsson er sakfelldur fyrir fjárdrátt, og bætist þriggja mánaða skilorðsbundinn dómur við níu mánaða skilorðsbundinn dóm sem hann hafði áður hlotið.

■ **6. júlí 2007** Jón Ásgeir og Tryggvi kæra meðferð málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu.

■ **1. júní 2007** Hæstiréttur fellir frávisun héraðsdóms á hluta endurákæru úr gildi og felur héraðsdómi að fella efnislega dóm í málinu.

■ **13. júní 2007** Málflutningur um frávísaða ákæru liði fer fram í héraðsdómi.

■ **28. júní 2007** Héraðsdómur sýknar Jón Ásgeir í öllum ákæru liðum sem áður var vísað frá. Jón Gerald er hins vegar sakfelldur og fær þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm. Tryggvi Jónsson er sakfelldur fyrir fjárdrátt, og bætist þriggja mánaða skilorðsbundinn dómur við níu mánaða skilorðsbundinn dóm sem hann hafði áður hlotið.

■ **6. júlí 2007** Jón Ásgeir og Tryggvi kæra meðferð málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu.

■ **1. júní 2007** Hæstiréttur fellir frávisun héraðsdóms á hluta endurákæru úr gildi og felur héraðsdómi að fella efnislega dóm í málinu.

■ **13. júní 2007** Málflutningur um frávísaða ákæru liði fer fram í héraðsdómi.

■ **28. júní 2007** Héraðsdómur sýknar Jón Ásgeir í öllum ákæru liðum sem áður var vísað frá. Jón Gerald er hins vegar sakfelldur og fær þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm. Tryggvi Jónsson er sakfelldur fyrir fjárdrátt, og bætist þriggja mánaða skilorðsbundinn dómur við níu mánaða skilorðsbundinn dóm sem hann hafði áður hlotið.

■ **6. júlí 2007** Jón Ásgeir og Tryggvi kæra meðferð málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu.



**599.900**  
Verð áður  
**799.900**

60PC45

**60" Plasma sjónvarp**

Upplausn 13366x768  
Skerpa 10.000:1

Birtustig 1.200 cd/m<sup>2</sup>  
Svartími 0,001 ms



**249.900**  
Verð áður  
**289.900**

50PC51

**50" Plasma sjónvarp**

Upplausn 1366x768  
Skerpa 15.000:1  
Birtustig 1500 cd/m<sup>2</sup>

Svartími 0,001 ms  
100Hz

# SJÁÐU EM Í LG



**Taktu upp 31 leik**  
**160 GB UPPTÖKU DISKUR**

**199.900**  
Verð áður  
**209.900**

42PT85

**42" Plasma sjónvarp**

Upplausn 1024x768  
Skerpa 15.000:1  
Birtustig 1500 cd/m<sup>2</sup>

Svartími 0,001 ms  
100Hz  
Stafrænn móttakari  
160GB upptökudiskur



**Taktu upp 31 leik**  
**160 GB UPPTÖKU DISKUR**

**219.900**  
Verð áður  
**249.900**

42LT75

**42" LCD sjónvarp**

Upplausn 1366x768  
Skerpa 8.000:1  
Birtustig 500 cd/m<sup>2</sup>

Svartími 5 ms  
Stafrænn móttakari  
160GB upptökudiskur



**Taktu upp 31 leik**  
**160 GB UPPTÖKU DISKUR**

**199.900**  
Verð áður  
**229.900**

37LT75

**37" LCD sjónvarp**

Upplausn 1366x768  
Skerpa 8.000:1  
Birtustig 500 cd/m<sup>2</sup>  
Svartími 5 ms

Stafrænn móttakari  
160GB upptökudiskur



**119.900**  
Verð áður  
**139.900**

32LC56

**32" LCD sjónvarp**

Upplausn 1366x768  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 450 cd/m<sup>2</sup>

Svartími 7 ms  
Stafrænn móttakari

## RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16



**BÓNUS****BÓNUS****BÓNUS**

# Pú gerir betri kaup í Bónus

**40%  
AFSLÁTTUR**Holta ferskir kjúklingavængir  
**239 kr./kg.** MERKT VERÐ 398 KR./KG.**40%  
AFSLÁTTUR**Holta fersk kjúkingalæri m/legg  
**449 kr./kg.** MERKT VERÐ 748 KR./KG.**40%  
AFSLÁTTUR**Holta ferskir kjúklingabitar  
**359 kr./kg.** MERKT VERÐ 598 KR./KG.**30%  
AFSLÁTTUR**Bónus ferskir kryddaðir kjúklingabitar  
**áðeins 398 kr./kg.** MERKT VERÐ 569 KR./KG.**298**Nautaveislu grillborgarar 4 stk m/brauði  
**298 kr stk.** INNIHALD NAUTKJÖT+PROTEIN.**698**Nautaveislu ferskt nautahakk  
**áðeins 698 kr./kg.****2878**Frosnar ungnautalundir  
**2878 kr./kg.** MERKT VERÐ 3598 KR./KG.**129**Myllu heimilisbrauð  
**770g 129 kr.****198**Bónus gleðipinnar 15 stk.  
Gulir/grænir **198 kr kassinn.****1798**Bónus hangiálegg  
**áðeins 1798 kr./kg.**Með fyrirvara um prentvillur  
eða uppseldar vörur.**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

**BONUS****1539****HOLTA FERSKAR  
KJUKLINGABRINGUR  
45% afsláttur:  
1539 kr./kg.****BONUS****398****MC CAIN  
RISAPIZZUR DELUXE  
398 kr.stk  
ÞRÁ GERÐIR: ÞYNGD 770g-900g****BONUS****59****EGILS GULL  
LÉTTÖL  
59 KR. DÓSIN  
500 ML. DÓS / 1/2 LTR.**

## GÓÐ BÓNUSTILBOÐ



# 25 Bónusverslanir sama verð um land allt

**50%  
AFSLÁTTUR****KS frosin lambasvið aðeins  
199 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.****30%  
AFSLÁTTUR****KS frosinn lambabógur  
489 kr./kg. MERKT VERÐ 699 KR./KG.****20 tonn á þessu  
frábæra verði.****2498****KS ferskt lambafillet m/fiturönd  
aðeins 2498 kr./kg.****30 tonn á þessu  
frábæra verði.****1198****KS frosið læri í sneiðum  
aðeins 1198 kr./kg.****NYTT  
Í BÓNUS****298****Pure Heaven hreinn léttkolsýrður  
sumardrykkur  
BLÁ VÍNBER EÐA JARÐABER/GUL VÍNBER  
750 ml. 298 kr.fl.****BONUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

Með fyrirvara um prentvillur  
eða uppseldar vörur.

# Þarf ekki stór sveitarfélög til

Koma sautján flóttamanna til Hafnar í Hornafirði var stórt verkefni fyrir ekki stærra sveitarfélag. Áhugi bæjarbúa var mikill og lögðust allir á eitt við að standa sig sem best. Hver flóttamannafjölskylda fékk þrjár stuðningsfjölskyldur. Hornfirðingar eru sam-mála um að verkefnið hafi tekist vel, verið skemmtilegt og upplífandi. Svo til allir flóttamennirnir eru fluttir frá Höfn.

Árið 1997 kom sautján manna hópur flóttamanna frá Krajina-héraði í Króatíu til Hafnar í Hornafirði. Í landi þeirra geisaði stríð milli Serba og Króata og blönduð hjónabönd Serba og Króata voru litin sérlega illu auga. Flóttafólkið sem kom á Höfn var ýmist í blönduðum hjónaböndum eða einstæðar mæður með slíkt hjónaband að baki.

Í sveitarfélaginu bjuggu þá um 2.200 íbúar, en 1.800 í þéttbýlinu á Höfn. Þessir sautján flóttamenn voru því tæpt eitt prósent af íbúum Hafnar. Frumkvæði að komu fólksins til Hafnar átti félagsmálaráðuneytið og var þá lítið til góðs árangurs við uppbyggingu heilbrigðis- og félagsþjónustu í sveitarfélaginu. Bæjaryfirvöld höfðu nokkrar áhyggjur af álagi á starfsfólk vegna uppbyggingarinnar og skorti á húsnæði en ákváðu engu að síður að taka á móti flótamönnum.

Deild Rauða krossins á Höfn var nokkuð öflug og haldinn var kynningarfundur fyrir heimamenn. Viðtökur urðu strax mjög góðar og engar úrtöluraddir heyrðust. Það hefur enda verið raunin með öll verkefni, nema á Akranesi. Skráning stuðningsfjölskyldna gekk framur vonum og svo fór að hver flóttamannafjölskylda fékk þrjár stuðningsfjölskyldur.

Álag á félagsþjónustuna varð mun minna en búist var við. Aðstoðin fólst fyrst og fremst í hjálp við að aðlagast íslensku samfélagi og þar hjálpuðu stuðningsfjölskyldurnar til. Flóttamennirnir fengu strax vinnu og aðlögunin gekk vel.

Í dag eru langflestir flóttamanna farnir frá Hornafirði. Hluti hópsins sneri aftur til föðurlandsins eftir að varanlegur friður komst þar á. Þá hafa nokkrir flutt til Reykjavíkur, sumir vegna framhaldsmenntunar barna sinna, aðrir vegna þess að þeir vildu heldur búa í borg.

Verkefnið á Höfn er dæmigert fyrir þau flóttamannaverkefni sem

Íslendingar taka þátt í. Fólk í flóttamannabúðum, sem hvorki getur verið þar né farið heim, er boðið velkomið til sveitarfélags. Flóttamennirnir njóta mikils stuðnings í eitt ár með framlagi frá ríkinu. Að því ári loknu er hverjum í sjálfsvald sett hvað hann gerir.

Þegar ástandið í föðurlandinu er orðið nógu gott, fara sumir heim, eftir að hafa þegið tímabundna neyðaraðstoð. Sumir vilja vera áfram hér á landi; aðrir flytja búferlum eins og aðrir íbúar landsins, flestir fara til höfuðborgarsvæðisins, en aðrir njóta sín á nýja staðnum.

Fréttablaðið brá sér austur á Höfn og ræddi við heimamenn um reynslu þeirra. Allir sem rætt var við báru fólkinu vel söguna. Almenna reglan var sú að menn mundu ekki hverjir hefðu komið sem flóttamenn til bæjarins og hverjir undir öðrum kringumstæðum.

Flestir kynntust einhverjum flóttamannanna vel og höfðu skondna sögu á hraðbergi. Ýmsar íslenskar venjur voru þeim framandi og flugeldarnir á gamlárkvöld minntu á sprengjuregn með tilheyrandi kvíða. Einn lítill drengur á leikskólanum kastaði sér í skjól í hvert sinn sem heyrðist í flugvél. Þegar gödgæti var á boðstólum varði hann það eins og um síðasta bitann hans væri að ræða. Snáðinn litli hefur áreiðanlega fengið að reyna ýmislegt.

Af heimamönnum að dæma hefur verkefnið heppnast vel. Flóttamennirnir hættu fljótlega að vera flóttamenn og urðu eins og hverjir aðrir bæjarbúar.



FRÉTTASKÝRING  
KOLBEINN ÓTTARSSON  
PROPPÉ  
kolbeinn@frettabladid.is

ÖNNUR GREIN AF FJÓRUM  
Á morgun:  
Saga flóttakonu



SJÁVARÚTVEGSBÆR Flóttafólkið sem kom á Höfn kom flest úr stórborgum fyrrum Júgóslavíu og þekkti lítt til sjávarútvegs. Aðalsteinn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Skinneyjar-Þinganes, segir flóttafólkið hafa verið mjög góða starfsmenn og engin vandamál hafi fylgt komu þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðný Svavarsdóttir:

## Ég lærði líka heilmikið

„Ég man að fyrst eftir að þau komu kvörtuðu þau yfir tíðum lestarsamgöngum hér við bæinn, þótt lestirnar stoppuðu aldrei hér. Þeim hafði verið sagt að hér væru engar lestir og voru því hissa. Þegar farið var að grennslast fyrir um hvað byggji að baki þessu kom í ljós að það var brímhljóðið sem minnti þau svo á lestarhljóðið,” segir Guðný Svavarsdóttir.

Guðný gegndi ekki formlegu hlutverki við komu flóttafólksins en „reynði að vera almennileg og aðstoða“ eins og hún segir. Eitt af verkefnum sem hún fékk fljótlega var að ljósrita blað með orðasamböndum á íslensku og króatísku. Það vatt upp á sig.

„Þetta var bara á annan veginn og mér fannst það ómögulegt og gerði þetta gagnvirk. Síðan tókum við okkur til, ég og Davorka, ein flóttakvennanna, og þýddum ensk/króatíska orðabók. Við dunduðum okkur við þetta eftir vinnu; lögðum heimilishaldið til hliðar og unnum fram á kvöld. Ég held að bókinn hafi nýst fólki vel.“

Ástandið í fyrrum Júgóslavíu var skelfilegt og Guðný telur

að það hafi ekki síst orðið til þess að fólk var tilbúið til að taka þátt í verkefnum.

„Örugglega skiptir máli að manni fannst þetta vera nokkuð nálægt. Svo fannst manni maður bera ábyrgð á þessu, þó óbeint væri, eftir að Nató hellti sér út í átökin. En það eru örugglega fordómar í fólki gagnvart litrahætti og klæðaburði.“

Við heyrðum líka fordóma hjá flóttafólkinu eftir að Kosovo-deilan kom. Þeim fannst Albanarnir ekkert erindi eiga hingað; þeir væru með gamaldags hugsunarhátt og myndu ekki þrífast hér.“ Guðný telur sjálfsagt fyrir Hornfirðinga að taka þátt í svona verkefni aftur. „Já tvímælalaust, þetta gekk vel. Ég held hins vegar að við þyrftum að gera þetta aðeins öðruvísi, útbúa kennsluféni í íslensku og standa öðruvísi að þessu. Fólk aðlagðist mjög vel og fljótlega var farið að líta á það sem Hornfirðinga eins og okkur hin.“



Guðmundur Ingi Sigbjörnsson:

## Íslenskukennslan mikilvægust

„Við lögðum mikið upp úr því að kenna þeim íslensku og það gekk ótrúlega vel. Sérstaklega í ljósi þess að þau töluðu litla ensku. Við töldum tungumálakennsluna mikilvægasta svo að fólk gæti bjargað sér sjálf í samfélaginu,” segir Guðmundur Ingi Sigbjörnsson skólastjóri, en hann sat í bæjarstjórn þegar flóttafólkið kom.

„Við lögðum mest upp úr daglegum aðstæðum; settum upp leikþætti um hvernig ætti að bjarga sér í búðinni og það gekk mjög vel. Við vorum annað sveitarfélagið sem bauðst til að taka á móti flóttafólki og lögðum okkur í framkröku um að gera þetta vel og það þjappaði okkur saman.“

Guðmundur segir að koma flóttafólksins hafi gert heilmikið fyrir bæjarfélagið. „Við þyrftum að leggja mikla vinnu í þetta og það reyndi á bæjarapparatið. Mundi stjórnerfið

virka eða var það bara skema í finni bók uppi í hillu hjá bæjarstjóra? En þetta gekk allt vel.“

Þótt stuðningurinn ætti bara að vera í eitt ár þá varð hann meiri í sumum tilfellum. Aðrir voru ótrúlega fljótir að koma undir sig fótunum. Þá var það líka í okkar verkahring að greiða götu þeirra sem vildu snúa heim.“

Guðmundur segir bæjarbúa hafa tekið mjög vel í verkefnið og færri komist að en vildu í sjálfböðavinnu. „Þetta gerði bæjarfélaginu mjög gott. Þarna kom fólk með aðra sýn á lífið og aðra menningu. Þeim fannst við til dæmis brúla með allt. En þrátt fyrir ólíka menningarheima urðu aldrei árekstrar; ekki einu sinni í skemmtanalífinu,” segir Guðmundur Ingi.



Lars Jóhann Andrésson:

## Ekkert vandamál

„Þetta hefur allt gengið mjög vel og er ekkert vandamál,” segir Lars Jóhann Andrésson, sem vinnur í sundlauginni á Höfn.

„Þetta fólk er mjög almennilegt, almennilegra en margur heimamaðurinn. Mér finnst út í hött að agnást út í þetta eins og menn hafa gert á Akranesi. Ekki væru menn að kvarta ef þetta væri hópur Reykjavíkinga að flytja þangað.“

Fyrst vorum við efins, en eftir kynningu þá leist okkur ljómandi vel á þetta. Enda er þetta fólk ekkert öðruvísi en við þannig að þetta er hið besta mál.“



Elin Magnúsdóttir:

## Ómetanleg lífsreynsla

„Ég man sérstaklega eftir einu myndskildi í fréttatíma. Þá var sýnt þegar ungt par, um 18 ára gamalt, var skotið fyrir það eitt að vera í blönduðu hjónabandi. Faðir stúlkunnar stóð grátandi hjá. Þegar ég sá þetta ákvað ég að láta gott af mér leiða og vinna mér inn prik áður en ég fer þarna upp,” segir Elin Magnúsdóttir og bendir til himins.

Hún og fjölskylda hennar gerðust stuðningsfjölskylda. „Við ákváðum að láta gott af okkur leiða og gerast stuðningsfjölskylda eftir kynningarfund hjá Rauða krossinum og sveitarfélaginu. Þá sáum við þær aðstæður sem þetta fólk hafði búið við.“

Elin segir þetta hafa verið ómetanlega lífsreynsla. „Þetta snýst fyrst og fremst um það að vera vinur. Að láta sjá sig sem fyrst, reyna að vera góð, sýna þeim bæinn og búðina, sundlaugin og ráðhúsið. Bara það að fara út í búð getur verið flókið því það er allt, allt öðruvísi hér en í þeirra heimkynnum.“

Elin segir að hún hafi ekki mikið velt því fyrir sér fyrirfram hvort hlutverkið yrði erfið. „Kannski vissi ég það innst inni. Þau töluðu svo til enga ensku; bara yes og nó nast. Við þyrftum að gera okkur skiljanleg með svipbrigðum, bendingum og teikningum. En þetta gekk allt saman upp.“

Fjölskyldan sem Elin studdi flutti frá Höfn fyrir tveimur árum. „Það er nú bara eins og gengur. Krakkarnir voru farnir að tala íslensku og vildu mennta sig. Þau komu úr stórborg og hefur ábyggilega þótt Höfn heldur lítil staður. Þau fluttu því suður eins og svo margir aðrir.“

Ég fylgist enn með þeim, veit að hún vinnur í verslun í Reykjavík. En sambandið hefur nú minnkað eftir að þau fóru. En þetta voru yndisleg hjón með tvö börn sem voru okkar vinir.“



Torfi Friðfinnsson og Reynir Arnarsson:

## Ekki flóttamenn heldur íbúar

Allir þeir sem þekkjá til sjávarbyggða vita að hjarta þeirra slær í hafnarskúrnum. Þar er mannlífið rætt og vandamálín ræst. Á Höfn ræður Torfi Friðfinnsson ríkjum í hafnarskúrnum. Þegar Fréttablaðið bar að garði var Reynir Arnarsson staddur í kaffi hjá Torfa. Þeir félagar voru sammála um að koma flóttamannanna hefði gengið vel.

„Ég man ekki eftir neinum vandræðum með komu fólksins hingað. Fólk tók frá upphafi þátt í undirbúningi og hafði gaman af því. Fólk hafði áhuga á að taka þátt í samfélaginu og aðlagðist fljótt. Í raun velti maður þessu lífi fyrir sér, þetta var allt svo eðlilegt,” segir Reynir.

Torfi tekur undir þetta. „Þetta gekk allt smurt fyrir sig og það segir manni nokkuð um það að maður man varla eftir þessu. Það voru einfaldlega engin vandamál.“

Allir eru þeir sammála um að fólk hafi mjög fljótlega samlagast samfélaginu. Þá hafi fólk á Höfn verið vel tilbúið til að taka þátt í þessu verkefni og „engar deilur verið um málið“ eins og Sigfús segir.

„Þetta var ósköp venjulegt samfélag og ekki mikið um útlendinga þegar fólk kom,” segir Reynir. „En manni fannst fólk vera komið til að vera; það er alltaf þannig,



SKRAFAD Í SKÚRNUM Torfi og Reynir ræða heimsmálin í hafnarskúrnum.

hver sem flytur á staðinn. Maður hugsar ekki út í annað. Svo fer fólk héðan eins og gengur.“

Torfi tekur undir það. „Maður hætti fljótlega að hugsa um fólk sem flóttamenn; þetta urðu bara íbúar á Höfn eins og aðrir. Í raun man maður ekkert hverjir komu hingað sem flóttamenn og hverjir sem venjulegir innflytjendur. Aðlögunin hefur því gengið vel.“



# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDEGA BETRI EN AÐRIR



# FLUGDAGAR BNB

## Betri Notaðir Bílar fljúga út um helgina

Hugtakið „Flug og bíll“ fær nýja merkingu á Flugdögum hjá Toyota Betri Notuðum Bílum, á Nýbýlavegi, um helgina. Hverjum seldum bíl fylgir gjafabréf fyrir tvo með Icelandair til Evrópu.

Bílar af öllum stærðum og gerðum. Nú er tækifærið til að tryggja sér Úrvalsbíl eða Gæðabíl, á glæsilegu tilboði og frábærum fjármögnunarkjörum.

Opið: laugardag kl. 12.00 - 16.00 og sunnudag kl. 13.00 - 16.00

### Komdu og veldu þér Betri Notaðan Bíl í ábyrgð

#### BNB-sölugreining

Bílar ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í floknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

#### Hvað er Úrvalsbíll?

Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð.\*\*

- Ef bíllinn bílar þá sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Við tökum umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- 14 daga skiptiréttur
- Neyðarsími

#### Hvað er Gæðabíll?

Er ekki í verksmiðjuábyrgð. 3 mánaða viðbótarábyrgð.\*\*

Ábyrgð er tekin á:  
Vélbúnaði - rafbúnaði - drifbúnaði - fjöðrunarbúnaði - stýrisbúnaði og hemlakerfi.



# Gjafabréf fyrir tvo með Icelandair til Evrópu fylgir hverjum seldum bíl.\*

# Glæsileg tilboð og frábær fjármögnunarkjör.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL

## „ORÐRÉTT“

## Drulluósáttur

„Ég er alveg drulluósáttur við þetta og það eru það bara flestir í Hveragerði.“

SIGURGEIR INGIMARSSON, ÍBÚÍ Í HVERAGERÐI, UM AÐ BÓTAÞEGAR ÚR VIÐLAGASJÓÐI BERI LÖGUM SAMKVÆMT EIGIN ÁHÆTTU SEM NEMUR FIMM PRÓSENTUM AF TJÓNINU.

Fréttablaðið, 5. júní 2008

## Sterk og gróf

„Ég tók eftir því að allar myndirnar sem ég hafði safnað voru sterkar og grófar, af mótörhjólafólki og vöðvum og allar svolitíð kynferðislegar.“

TINNA HALLBERGSDÓTTIR UM MYNDIR SEM HÚN SAFNAÐI Í LEIT AÐ INNBLÆSTRI FYRIR LOKAVERK- EFTIR SITT Í FATAHÖNNUN FRÁ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS.

Fréttablaðið, 5. júní 2008

# tilveran

nær og fjær

## HVAD ER AÐ FRÉTTA? UNNUR MARÍA BERGSVEINSDÓTTIR SAGNFRÆÐINGUR

## Á húðflúrshátíð og Hornstrandir

„Ég er á leiðinni á húðflúrshátíð um helgina,“ segir Unnur glöð í bragði, enda er hún prýdd nokkrum slíkum sjálf. „Þar verða bæði íslenskir og erlendir flúrarað að leika listir sínar og ég held að það verði mjög skemmtilegt að sjá.“

Unnur María er einnig bassaleikari Brúðarbandsins en þær gáfu út plötu fyrir nokkrum árum. Hún segir hljómsveitina hafa verið í hléi frá tónleikahaldi undanfarin misseri. „Núna starfa ég sem verkefnisstjóri Miðstöðvar munnlegrar sögu í Þjóðarbókhöfundunni og vinn hördum höndum að því að skrá það efni sem okkur hefur borist frá því að hún tók til starfa á síðasta ári. Markmið okkar er að safnkostur miðstöðvarinnar verði leitarbær í haust á heimasíðu okkar, svo að það er nóg að gera hjá mér.“

Ásamt störfum sínum hjá miðstöðinni er hún einnig komin að því að ljúka mastersnámi í sagnfræði. „Ég stefni á að nota sumarið til þess að ljúka lokaritgerðinni minni og útskrifast í haust. Ritgerðin fjallar um íslenskt pönk og samspil þess við íslenska menningu. Ég byggi hana aðallega á viðtölum við fólk sem kom að pönkmenningunni og umfjöllun fjölmiðla frá tímabilinu. Fyrir nokkru stóð ég svo að sýningunni Pönk og diskó í Árbæjarsafninu.“

Unnur María ætlar að ljúka sumrinu með því að ganga Hornstrandirnar. „Ég var að komast að því að ég kæmist með Ferðafélagi Íslands og hlakka mjög mikið til.“



## GOOGLE: SIGRADI MED EINFALDLEIKANUM

■ Saga leit- arvélarinnar Google hófst árið 1996 með því að doktorsnema við Stanford-háskóla, þeir Larry Page og Sergey Brin, fengu hugmynd að nýrri tækni fyrir leitarvél á veraldarvefnum. Fyrirtækið var stofnað í bílskúr árið 1998. Árið 1999 fór leitarvél- in fram úr AltaVista sem þá var mest notaða leitarvél. Ástæðan fyrir því að Google tók fram úr AltaVista þykir skýrast af því að Google var með einfalt útlit en AltaVista breyttist í heila vefgátt. Starfsmenn Google nú eru um 5.700 talsins.



## SJÓNARHÓLL

FLEIRI KONUR Í STJÓRNUM OG ÆÐSTU STÖÐUM FYRIRTÆKJA

### Jákvæð en hæg þróun

„Þessi þróun er hæg en jákvæð. Með jafni fimm prósentu aukingu frá ári til árs komumst til jafns við karlana,“ segir Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri um nýja skýrslu Rannsóknarseturs Vinnuréttar á Bifröst sem birt var í gær.

Í skýrslunni voru niðurstöður þær helstar að konum fjölgaði úr 8 prósent í 13 prósent í stjórnun 120 stærstu einkafyrirtækja landsins á einu ári og í æðstu stjórnunarstöðum fyrirtækja úr 14 í 19 prósent.

„Í opinbera geiranum eru konur einnig að sækja í sig veðrið. Til dæmis í menningargeiranum þar sem meðal annars menntamálaráðherra, leikhússtjórar tveggja stærstu leikhúsanna og stjórnandi Listahátíðar eru allar konur.“



TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR Þjóðleikhússtjóri

## Mikil stemning á stóra sviðinu

Sýning Halaleikhópsins á Gaukshreiðrinu þótti athyglisverðasta áhuga- sýning ársins í samkeppni Þjóðleikhússins. Verðlaunin voru afnot af stóra sviði leikhússins í eina kvöldstund og var sýningin sett þar upp á miðvikudagskvöld.

„Stemningin var mikil, alveg rifandi, bæði í hópnum og í salnum,“ segir Ása Hildur Guðjónsdóttir, formaður leikhópsins. Hún segir að mætingin á stóra sviðið hafi verið góð. „Salurinn var ofboðslega ánægður og klappið ætlaði aldrei að hætta.“

Tæplega 100 manns eru meðlimir í Halaleikhópnum, bæði fatlaðir og ófatlaðir. Í Gaukshreiðrinu léku 19 leikarar, en alls komu 42 að sýningunni með einum eða öðrum hætti.

Ádeilur verða gjarnan fyrir valinu hjá leikhópnum og sú er vissulega raunin með sýninguna nú. „Þetta verk er mjög mikil ádeila. Það gerist á stofnun og margir af leikurunum þekkja slíkar stofnanir vel,“ segir Ása og segir miklar umræður og þælingar hafa sprottið í kringum ákvörðunina um að setja verkið upp. „Það eru margir sem segja að þetta verk hafi valdið forðum gegn geðsjúkum á sínum tíma.“



FRUMSÝNINGIN UNDIRBÚIN 19 leikarar leika í uppsetningu Halaleikhópsins á Gaukshreiðrinu, sem þótti vera áhugaverðasta áhugamannasýningin í samkeppni Þjóðleikhússins. Verkið var sýnt við góðar undirtektir á stóra sviði leikhússins á miðvikudagskvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/WALLI

Sýning hópsins var valin sú athyglisverðasta af ellefu sýningum sem tóku þátt í samkeppni Þjóðleikhússins. Að sögn Ásu var einstaklega vel tekið á móti hópnum í leikhúsinu. „Þau tóku meira að segja út þrjár fremstu sætaraðirnar til þess að þar gætu verið

hjúlastólar, það hefur aldrei verið gert áður.“ Að auki var hljóðkerfið lagað að þörfum heyrnarskertra. „Svo var þetta svo skemmtilegt því þetta ber upp á fimmtán ára afmæli leikhópsins. Þetta var rúsinan í pylsuendanum.“

thorunn@frettabladid.is

## VIKA 18

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier

### Heimsótti tvo skóla í Líberíu

„Bygging heilsugæslustöðvarinnar gengur vel,“ segir Charlotte sem nú er stödd í Afríkurlíku Líberíu á vegum IceAid.

„Á mánudaginn fékk ég að heimsækja skólann hér og fræðast um mismunandi menningu og mállýkur í Líberíu. Þá tók ég eftir að ekkert barnanna átti skólatöskur svo ég, ásamt nokkrum stelpum á munaðarleysingjaheimilinu, ætlum á næstu dögum að útbúa skólatöskur. Á miðvikudaginn heimsótti ég leikskólann og afhenti börnunum þar veggspjaldíð sem börnin á leikskólanum Stakkaborg útbjuggu. Við töluðum um hversu Líbería og Ísland væru ólík lönd og í næstu viku ætla börnin á leikskólanum að teikna myndir sem ég tek með heim til Íslands.“

Algirdas Slapikas

### Sýndi þjóðdansinn

Síðasta helgi var annasöm hjá Algirdas en hann var með bás á Þjóðhátíðinni í Hafnarfirði og kynnti þar menningu Litháen. „Þetta tókst afar vel í alla staði,“ segir hann. „Ég stjórnaði undirbúningnum en það voru um tíu manns sem lögðu hönd á plóg og er ég þeim öllum afar þakklátur. Reyndar tók þetta nokkuð óvænta stefnu þegar það hafði ekki fundist neinn karlmaður til að dansa þjóðdans okkar á stóra sviðinu. Þá bárust böndin að mér og gat ég ekki skorast undan því svo ég steig dansinn og það tókst bara nokkuð vel. Ég hafði lært dans í barnaskóla og það kom sér aldeilis vel þarna.“



Rachid Benguella

### Hefði viljað sjá ísbjörninn lifa

„Mér finnst svolitíð leiðinlegt að það hafi þurft að drepa ísbjörninn. Mér var sagt að það hefði þurft þar sem hann væri hættulegur. Áður en ég fluttist hingað spáði ég í hvort það væru ísbirnir á Íslandi.

En konan mín sagði mér að þeir kæmu bara hingað af og til, með ísjökum frá Grænlandi. Þar sem ísbirnir eru í útrýmingarhættu hefði mér þótt betra ef hægt hefði verið að finna aðra lausn. Svo fann ég vel fyrir jarðskjálftanum á fimmtudaginn. Ég er ekki vanur jarðskjálftum þótt þeir séu ekki óalgengir í Marokkó. Borgin Agadir eyðilagðist til dæmis árið 1961 í sterkum skjálfta. Hún var mjög falleg, stundum líkt við París, en hefur nú verið endurbýggð.“

Junpehn Sriyoha

### Brá í skjálftanum

„Mér brá alveg svakalega í skjálftanum enda var þetta í fyrsta sinn sem ég finn fyrir jarðskjálfta,“ segir Junpehn.

„Ég var í kaffistofunni í vinnunni í Fjarðarkaupum og allt í einu fer allt að hristast. Allir stóðu upp og sumir öskruðu. Ég hafði ekki hugmynd um hvað var að gerast en fljótlega á eftir útskýrðu samstarfsmennirnir fyrir mér hvað hafði gerst. En um síðustu helgi fór ég á Þjóðhátíðina í Hafnarfirði og skemmti mér vel. Mér fannst mikið til sýningarbasanna koma og þeirra hluta sem þar gat að líta en það sem vakti mestu athygli mína var kynning á menningu hér á Íslandi til forna.“



SÝNING STENDUR TIL 8. JÚNÍ  
UMSÓKNARFRESTUR  
FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2008-2009  
RENNUR ÚT 10. júní



LJÓSMYNDASKÓLINN  
www.ljosmyndaskollinn.is



**18.950,-**

LEKSVIK hirsla/sjónvarpsbekkur.  
Svart. L191xB45, H47 cm.

# hentugar hirslulausnir

gerðu stofuna að þægilegum stað



**LACK** bókaskápur **9.990,-**  
Hvít. L105xB38, H190 cm.



**BILLY/BYOM** bókaskápur  
m/hurðum **21.850,-**  
Glærlakkaður eikarspónn/gler.  
L80xB28, H202 cm.



**EXPEDIT** bókaskápur **7.950,-**  
Hvítur. 149x39x79 cm.  
Hægt að snúa lárétt eða lóðrétt.



**3.450,-**  
**KILBY** bókaskápur. Birkiáferð.  
L67xB24, H194 cm.



**8.950,-**  
**TRÄBY** hillueining. Askarspónn.  
L80xB39, H80 cm.



**MARKÖR** sjónvarpsbekkur **24.950,-**  
Dökkbrúnt. L138xB53, H72 cm.



**LACK** sjónvarpsbekkur **4.990,-**  
Hvít. L149xB55, H35 cm.



**FRIEL** sjónvarpsbekkur **29.950,-**  
Hvít. L198xB55, H44 cm.



**BILLY/BENNO** bókaskápur/geisladiskahirsla **29.880,-**  
Birkiáferð. B200xD17/28, H202 cm.



**MARKÖR** bókaskápur **29.950,-**  
Dökkbrúnt. L156xB36, H192 cm.





**10%  
afsláttur**

**Flott úrval frá  
Casa Fiesta**



**50%  
afsláttur**

**109** kr/pk áður 219 kr/pk.  
Nettó brauð



**30%  
afsláttur**

**265** kr/pk. áður 379 kr/pk.  
Pykkvabæjar gratín 600 gr. - 2 tegundir



**30%  
afsláttur**

**440** kr/kg. áður 629 kr/kg.  
Pykkvabæjar plockfiskur - 600 gr.



**26%  
afsláttur**

**699** kr/kg. áður 937 kr/kg.  
Nettó nautahakk

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda 5. júní til 8. júní eða á meðan birgðir endast  
[www.netto.is](http://www.netto.is)



**1.749** kr/kg. áður 2.498 kr/kg.  
Goða grísalund meistarans



**1.284** kr/kg. áður 1.834 kr/kg.  
Goða grísasnitset



**1.248** kr/kg. áður 1.783 kr/kg.  
Goða grísakótiletur



**398** kr/pk. áður 568 kr/pk.  
Alvöru hamborgarar 2 x 175 gr.



**495** kr/kg áður 626 kr/kg.  
BBQ leggir - magnpoki

**netto**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15  
4.698 +0,88%Fjöldi viðskipta: 240  
Velta: 2.032 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ BAKKAVÖR +6,47%  
KAUPPING +1,18%  
FÆREYJABANKI +0,62%

## MESTA LÆKKUN

↓ CENTURY ALUMINUM -2,26%  
MAREL -2,11%  
365 -0,18%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 6,78 -0,15% ... Bakkavör 33,75 +6,47% ... Eimskipafélagið 20,00 0,00% ... Exista 9,74 -0,61% ... Glitnir 17,10 +0,59% ... Icelandair Group 18,95 +0,27% ... Kaupþing 775,00 +1,18% ... Landsbankinn 24,80 +0,41% ... Marel 93,00 -2,11% ... SPRON 4,61 -0,43% ... Straumur-Burðarás 10,71 +0,19% ... Teymi 3,04 0,00% ... Össur 95,60 -0,21%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Vöruskiptahalli dregst saman

„Það hefur verið gríðarlegur halli á utanríkisviðskiptum undanfarin ár og minni vöruskiptahalli er vísending um að horfi í átt til betra jafnvægis í þjóðarbúskapnum“ segir Ragnhildur Jónsdóttir hagfræðingur hjá Greiningardeild Glitnis.

Halli á vöruskiptum við útlönd nam 0,6 milljörðum króna í maí samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands sem birtar voru í gær. „Það hefur orðið veruleg aukning á útflutningi á föstu gengi, um 22 prósent frá sama tíma í fyrra auk þess hefur verið



RAGNHILDUR JÓNSDÓTTIR  
Segir að minni vöruskiptahalla megi rekja að hluta til veikingar krónunnar og aukins útflutnings á áli.  
MARKAÐURINN/HÖRÐUR

samdráttur um 10,6 prósent í innflutningi,“ segir Ragnhildur. Hún segir að ekki liggi fyrir sundurliðaðar tölur frá Hagstofunni en líklega megi rekja minni vöruskiptahalla nú til samdráttar í innflutningi á fjárfestingarvörum, varanlegum neyslsvörum og bifreiðum.

Ragnhildur bendir eining á að að veiking krónunnar stuðli að minni vöruskiptahalla auk þess sem útflutningur á áli hafi aukist frá fyrra ári vegna aukinnar framleiðslugetu innanlands.

- bpa

## Gengi hækkar

Í maí hækkadi raungengi um 0,4 prósent. Hækkunin kemur í kjölfar veikingar það sem af er ári, mest rúm 10 prósent í mars. Hækkunina má rekja til þess að verðbólga í mánuðinum er meiri en sem nemur gengisáhrifunum og er útkoman hækkun raungengisvísitölunnar, segja hálfmánuðsfréttir Kaupþings.

Verðbólga í maí nam 1,37 prósentum en gengið lækkaði hins vegar um 1 prósent og leiðir því hækkun verðlags umfram lækkun gengis til þess að raungengið hækkar.

Raungengi lækkaði um tæplega 10 prósent milli ársfjórðunga en búast má við að lækkun raungengis á næsta ársfjórðungi verði ekki jafn mikil og á þeim fyrsta, ef marka má viðsnúning í síðasta mánuði.

- bpa

## Kaupþing þarf að losa krónur

„Við teljum að miðað við gjaldeyrisjöfnuð bankanna í lok fyrsta ársfjórðungs hafi Landsbankinn og Glitnir haldið innan 10 prósentu gjaldeyrisstöðu af eigin fé en að staða Kaupþings hafi verið stærri en nýju reglurnar heimila. Miðað við stöðu Kaupþings í lok fyrsta ársfjórðungs má áætla að Kaupþing þurfi að selja nærri 70 milljarða króna af gjaldeyri og kaupa

krónur“, segir í morgunkorni greiningardeildar Glitnis.

Greiningardeildin er hér að vísa til nýrra reglna um fjármálagfyrirtæki frá Seðlabanka Íslands. Í reglunum er kveðið á um að misvægi milli gengisbundinna eigna og skulda fjármálagfyrirtækja skal mest nema 10 prósentum af eigin fé hverju sinni en var 30 prósent í fyrri reglum.

- bpa

## Langtímafjárfesting frá Katar

Bróðir emírsins í Katar hefur eignast tæplega þrettán prósentu hlut í Alfesca. Stjórnarformaður félagsins væntir þess að þetta sé langtímafjárfesting.

„Þetta eru langtímafjárfestar og hafa verið farsælir í því sem þeir hafa gert,“ segir Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Alfesca, um nýjan hluthafa í félaginu.

Félag í eigu Sheikh Mohamed bin Khalifa Al-Thani, bróðir emírsins í Katar hefur keypt 12,6 prósentu hlut í Alfesca, fyrir tæplega 5,5 milljarða króna. Um er að ræða 850 milljónir nýrra hluta á genginu 6,45. Fram kemur í tilkynningu til Kauphallarinnar að í verðinu felist tæplega sjö prósentu afsláttur frá lokagengi í Alfesca 23. maí. Gengið við lok viðskipta í gær var 6,9.

Hluturinn verður geymdur í eignarhaldsfélaginu ELL162 ehf. Það mun vera vegna nýlegra laga um skattfrelsi söluhagnaðar af hlutabréfum, sem Alþingi samþykkti skömmu fyrir þinglok.

Ólafur Ólafsson segir að Alfesca sé í mjög góðri stöðu og eiginfjár-



EMÍRINN AF KATAR Bróðir emírsins af Katar hefur keypt stóran hlut í Alfesca og geymir í íslensku félagi. nordicphotos/AFP

hlutfallið sé gott, en það er yfir 40 prósentum. „Við ákváðum að styrkja það enn frekar.“

Forseti Íslands hefur farið til Katars oftan en einu sinni. Menn ætla að sú kynning á Íslandi kunni að hafa haft áhrif. Ólafur Ólafsson segir hins vegar að persónuleg tengsl skýri fjárfestinguna. „Menn hafa þekkt lengi og ég veit að þeir hafa fylgst með í nokkurn tíma.“

## Óbreyttir vextir í Evrópu

Evrópski seðlabankinn ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í fjórum prósentum. Þetta er í samræmi við spár og samhljóða ákvörðun Englandsbanka fyrr um daginn. Næsti fundur bankastjórnarinnar er eftir mánuð.

„Ekki er útilokað að við hækkum stýrivexti á næsta fundi okkar,“ segir Jean-Claude Trichet, bankastjóri



JEAN-CLAUDE TRICHET

evrópska seðlabankans.

Verðbólguþrýstingur og varnaglar vegna yfirvofandi samdráttar í efnahagslífi Evrópu liggur til grundvallar ákvörðuninni líkt og fram kom í fremur svartsýnni spá Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) í fyrradag.

- jab



## Opnunaráttir Byrs í Kópavogi með Eurobandinu!

Útibúin okkar í Kópavogi eru að sameinast í nýtt og glæsilegt útibú á Digraunesvegi 1.

Af því tilefni höldum við opnunaráttir fyrir alla fjölskylduna

föstudaginn 6. júní nk. frá kl. 15 – 17.

Útigrill með öllu tilheyrandi, hoppukastali og fullt af sumarfjöri, sem nær hámarki þegar Eurobandið mætir á staðinn kl. 16.

Komdu á opnunaráttir Byrs í Kópavogi og bjóddu þeim með sem þér þykir vænt um. Eignum saman skemmtilega samverustund með Regínu Ósk og Friðriki Ómari.

Hlökkum til að sjá þig í dag, starfsfólk Byrs í Kópavogi.



Sími 575 4000 • byr.is



## VIÐ FLYTJUM AÐ ÓSEYRI 2

*Fyrst og fremst  
í heilsudýnum*



*6 mánaða  
vaxtalausir  
raðgreiðslusamningar*

**Erum með valin sýningareintök  
á tilboðsverði vegna flutninga**

**Svefn & heilsa**



Lísthúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150  
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Baugsmáli lokið.

## Loksins

### SVANBORG SIGMARSÐÓTTIR SKRIFAR

Vætanlega tók þjóðin undir með Sigurði Tómasi Magnússyni, settum ríkissaksóknara í Baugsmálinu, í gær þegar hann sagði það að minnsta kosti nokkurt ánægjuefni að málinu sé lokið með úrskurði hæstaréttar í gær. Óháð niðurstöðum nú, hefur málið í sex ár klotfið þjóðina, þar sem dregið hefur verið í dilka eftir því „í hvaða liði“ fólk stóð; með Baugi eða Davíð. Baugsmálinu, sem hefur verið eitt af helstu þjóðfélagsmálum undanfarinna ára og snúist upp í harðvítugar pólitískar deilur, er loksins lokið og allir geta varpað öndinni léttar. Fá dæmi eru um að einstök dómsmál, eins og þetta mál, hafi fengið jafnmikinn tíma í umræðum á Alþingi. Fyrir utan almenna umræðu á kaffistofum og í fermingarboðum. Nánast allir hafa haft einhverja skoðun á málinu og einstaklingum því tengdu.

Nú þegar niðurstaða liggur fyrir, og Davíð er opinberlega hættur í pólitík, virka þær deilur allar hálfhjákátlegar. Eftir sex ára ferli var Baugsmálið orðið að málinu endalausa sem fólk vildi bara losna við. Deilur um bókhaldsfíff er ekki nándar eins spennandi og hálfsgáðar sögur um ástir og örlög á skemmtibát eða um leynifundi á hótélherbergi í London, þar sem ýmist voru tveir eða þrír til frásagnar.

*Baugsmálinu, sem hefur verið eitt af helstu þjóðfélagsmálum undanfarinna ára og snúist upp í harðvítugar pólitískar deilur, er loksins lokið*

Það sem eftir stendur er að Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Jón Gerald Sullenberger voru allir fundnir sekir af einhverjum ákærulið. Jón Ásgeir í einum ákærulið af sautján, Tryggvi í fimm liðum af níu og Jón Gerald í einum. Það er alvarlegt þegar að forsvarsmenn fyrirtækja á opinberum markaði gerast sekir um bókhaldsbrot og jafnvel að draga að sér fé.

Það er einnig alvarlegt að hæstiréttur kemst að þeirri efnislegu niðurstöðu að Baugur hafi veitt óheimil lán til hluthafa. Hins vegar sé ekki hægt að vísa þeim ákæruliðum aftur til héraðsdóms til úrskurðar, þar sem þær sakargiftir væru fyrndar. Það er, það sem forsvarsmenn Baugs gerðu var rangt, en tvö lán voru veitt meira en tveim árum áður en lögreglurannsókn hófst. Ekki var svo spurt út í þriðja lánlið fyrr en tveimur árum eftir að lögreglurannsókn hófst og var þá það brot einnig fyrnt.

Enda segir hæstiréttur að meginreglu um hraða meðferð sakamáls hafi ekki verið fylgt sem skyldi. Sérstaklega í þeim tölum er urðu frá því lögreglurannsókn hófst þar til ákæra var gefin út.

Að lokum ber að athuga að hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að ríkissjóður skuli greiða tæpar 44 milljónir í málsvagnarlaun verjenda, á meðan sakborningar skuli greiða rétt rúman fimmtung þeirrar upphæðar í málsvagnarlaun verjenda. Það ber með sér að hæstiréttur telji að ákærvaldið hafi farið fram úr sér við útgáfu ákæra.

Enginn þeirra sem tengist Baugsmálinu nú á síðustu stigum þess getur því verið ánægður nú þegar því er lokið. Það er bara almennungur sem gleðst. Að minnsta kosti þar til fregnir berast af framgangi málsins fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og framhaldssögunni um skattamál.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjalmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Armannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabankum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

### TAKTU ÞÁTT!



SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ  
7. JÚNÍ 2008

SJÓVÁ

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Ný myndastefna?

Morgunblaðið hefur blásið til sóknar með nýjan skipper í brúnni. Í fyrsta tölublaði undir hans ritstjórn var útgáfustefna blaðsins birt. Þar segir: „Blaðið leggur sérstaka áherslu á góðar ljósmyndir og skýringarmyndir.“

Eins og frægt er orðið brá plastáft sér í geldsvalíki og læddi sér inn á forsiðuna á fyrsta tölublaði nýrrar ritstjórnar sem fugl af holdi og blóð. Fall er fararheill varð mönnum að orði.

Í gær mátti síðan sjá skemmtilega umfjöllun um Halaleikhópin á forsiðu þriðja tölublaðs eftir breytingar, en í hópnun eru bæði fatlaðir leikendur og ófatlaðir. Umfjöllunin var fin, en á mynd sem fylgdi fréttinni

mátti hins vegar sjá leikara úr leikfélaginu Þeðinu sem er til húsa á Grand Rokk.

Hvort þetta er til marks um nýja myndastefnu Moggans skal ósagt látið. Þar á bæ geta menn hins vegar tekið undir með Meatloaf: „Two out of three ain't bad.“

#### Kraftaverkamaður

Högværð er dyggð, svo mikil raunar að einhvers staðar segir að hinir högværu munu guðs ríki erfa.

Óvíst er hvort Össur Skarphéðinsson er einn þeirra. Í nýjum pistli á heimasíðu sinni segir hann það

„stappa kraftaverki næst“ að ákveðnum lögum hafi verið komið í

gegnum þingið.

Lögin? Jú orkulög. Fyrsti flutningsmaður? Iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson.

#### Ánægjuvaldur

Ófáir hafa eflaust velt því fyrir sér hvernig hægt sé að hafa meira gaman af tannburstum. Þeir hinir sömu þurfa ekki að leita lengur, því Jón Svavar Jósefsson kom með lausnina í Fréttablaðinu í gær.

Samkvæmt honum „eykur það ánægjuna tannburstun“ að bleyta ekki í burstanum áður en hafist er handa. Lítið er ungs manns gaman.

kolbeinn@frettabladid.is



### SPOTTIÐ



## Samrunar og aukin samkeppni

### UMRÆÐAN

Björgvin G. Sigurðsson skrifar um samkeppnismál

Eitt af mikilvægustu verkefnum Eviðskiptaráðuneytisins er að efla Samkeppniseftirlitið. Bæði með lagabótum og bættum fjárhagsramma. Án efa er það besta leiðin til þess að vinna gegn þeirri fákeppni og fjarlægð frá mörkuðum sem við búum við. Virkt Samkeppniseftirlit með eðlilegan málharaða er því sérstakt keppikefli.

Að því hefur markvisst verið unnið síðastliðið ár. Tvö ár í röð stefnir í að fjárheimildir eftirlitsins aukist um meira en 30% á ári. Þá samþykkti Alþingi mikilvæga samkeppnislöggjöf á síðustu dögum þingsins. Lagafrumvarp sem ég flutti í desember og viðskiptanefnd vann vel úr fram að þingfrestun. Þeirri löggjöf er ætlað að styrkja verulega stoðir Samkeppniseftirlitsins og skapa ný færi til að vinna gegn fákeppni og einokun á mörkuðum.

Nokkrar mikilvægar breytingar eru gerðar á gildandi reglum um samruna fyrirtækja í lögunum. Helstar þær, annars vegar, að svigrúm stofnunarinnar til efnislegs mats á áhrifum samruna er aukið verulega. Hins vegar, að skýrt er kveðið á um að heimilt sé að veða saman neikvæð áhrif vegna skertrar samkeppni og jákvæð hagkvæmnisáhrif samruna.

Aðrar breytingar eru meðal annars þær að samruni mun nú ekki koma til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann. Veltumörk sem miða skal við þegar metið er hvort samrunar séu tilkynningarskyldir eru hækkuð, þó Samkeppniseftirlitið hafi heimild til



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

að taka til athugunar smærri samruna sem uppfylla ekki tiltekin skilyrði. Loks er heimilt að setja fram styttri tilkynningar um samruna í tilteknum tilvikum.

Samrunaákvæði samkeppnislaga eru kjarni laganna. Þau er nú styrkt mjög verulega og því mikil lagabót falin í þessum breytingum. Þessar breytingar og auknar fjárheimildir sýna metnað ríkisstjórnarinnar til þess að efla Samkeppniseftirlitið verulega.

Samrunareglur eru einn af hornsteinum samkeppnisréttarins og gegna mikilvægu hlutverki við að koma í veg

fyrir að samkeppni hverfi eða minnki með samruna eða yfirtöku fyrirtækja. Helstu breytingar sem felast í lögnum eru, eins og áður sagði, að samruni komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann. Heimildir til að ógilda samruna eða setja skilyrði fyrir honum eru útvíkkaðar og breytt er ákvæðum um fresti til að taka ákvarðanir í samrunamálum. Í fjórða lagi er heimilað að setja fram styttri tilkynningar um samruna í tilteknum tilvikum. Þá er mælt fyrir um heimild til handa Samkeppniseftirlitinu til að taka mál fyrir að nýju, hafi áfrýjunarnefnd eða dómstóll ógilt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sökum formgalla og loks er lögfest að skilgreining á samruna og yfirræðum eru færð til samræmis við evrópskan samkeppnisrétt.

Allar eiga þessar breytingar að miða að því marki að efla stórum stöðu Samkeppniseftirlitsins. Því var mjög ánægjulegt að Alþingi skyldi ljúka lagabót þessari fyrir þinghlé.

Höfundur er viðskiptaráðherra.



## SMEKKLEGT FINGRAFÆÐI

Smákökubakstur tilheyrir ekki bara jólonum. Það veit Jytte Hjartarson sem lumar á uppskriftum með dönsku ívafi.

MATUR 2



## ER REBBI HEIMA?

Um helgina verður nóg um að vera í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Boðið verður upp á gönguferðir og heimsókn til Rebba.

HELGIN 3



# allt

HEIMILI HELGIN HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ



Gjafabréf Perlunnar  
Góð tækifærisgjöf!

## 4ra rétta tilboð og nýr A la Carte

- Léttreiktur lax með granateplum og wasabi sósu
- Kókos og engifersúpa með grilluðum tígrisrækjum
- Lambahryggur með lambaskanka og rósarínsósu
- Banana- og súkkulaðifrauð með vanillusósu

### 6.490 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.990 kr.



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207  
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



Kjúklingasalatið er hægt að gera með lítilli fyrirhöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Léttur og góður aðalréttur

Guðrún Matthildur Sigurbergsdóttir, nemi við Verslunarskóla Íslands, er mikill matreiðslumeistari. Hún á ekki langt að sækja hæfileika sína í eldhúsinu því faðir hennar er kokkur.

Uppáhaldsréttur Guðrúnar er kjúklingasalát sem hún fékk að bragða á hjá frænku sinni og hefur Guðrún oft gert réttinn síðan.

„Ég eldaði kjúklingasalatið í fyrsta sinn fyrir fjölskylduna í síðustu viku og því var mjög vel tekið af öllum. Það sem þarf í réttinn eru tvær til þrjár kjúklingabringur, einn poki af lambhagasalati og ruccolasalát. Svo eru það kirsuberjatómatar og mozzarella ásamt ferskum basillaufum,“ segir Guðrún og bætir við að gott sé að nota líka furuhnetur, jarðarber og melónu eftir smekk.

„Í leginum eru fimm matskeiðar af sojasósu og balsamedik, ein teskeið af hunangi, hálf teskeið af rifinni engiferrót og tvær matskeiðar sesamfræ,“ útskýrir Guðrún og bætir við aðferðinni:

„Skerið kjúklingabringurnar í bita og steikið á pönnu með salti og pipar. Hellið síðan leginum yfir kjúklinginn á pönnunni og látið malla í smá tíma. Látið salatið í skál og að lokum bætist kjúklingurinn við. Skreyta má salatið með jarðarberjum og melónum. Einnig má nota afganginn af leginum sem dressingu fyrir þá sem vilja. Hvítlauksbrauð er tilvalið meðlæti með þessum rétti og hann er borinn fram sem léttur aðalréttur,“ segir Guðrún sem hefur nóg að gera annað en að vasast í eldhúsinu og skólanum því hún er einnig í söngnámi við Söngskóla Reykjavíkur og klassísku píanónámi við Tónlistarskóla FÍH.

mikael@frettabladid.is

# BYLGJAN 989

## Sumarleiðir



Frábærir vinningar alla föstudaga í sumar!

### SUMAR TILBOÐ

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu  
Svínakjöt og grænmeti með mildri karrysósu  
Matarmiklar vorruðullur með grænmeti  
Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur  
**2790**  
fyrir tvo

krónur  
**1395**  
á mann

ATH! SUMARTILBOD ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2. EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. KÖK MED TILBODINU

Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni. Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaraskrift að Sæð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífílfelli. Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.

# NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17

PÖNTUNARSÍMI: 588 9899

NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600

allt

# matur o.fl.

**Pitsur** þurfa ekki að vera óhollar. Einfalt mál er að búa til pitsubotn úr spelti og velja svo gott og hollt álegg ofan á hann. Gaman er að gera litlar og hollar pitsur sérsniðnar að hverjum fjölskyldumeðlim fyrir sig.



"Absolutely one of the best hamburger I've ever tasted and I really mean that. The taste was excellent, fries were brilliant and the kokteilsosa was unforgettable"

SIMON COWELL

**EIKI FEITI**  
Barðastöðum 1-5  
S: 517-0667  
www.eikifeiti.is

Opnunartími  
Opnir alla daga 11:00-21:00  
Sunnudaga 14:00-21:00

Jytte er mikill matgæðingur og hefur oft bakað Hnetutoppa og litla snúða fyrir veislur vina og vandamanna.



## Uppskriftir Jytte



### KANILSNÚÐAR

300 g hveiti  
125 g smjörlíki  
1 msk sykurl  
1 ¼ dl mjólk  
25 g pressuger

### Krem

100 g smjör  
75 g sykurl  
1 msk kanill

### Glassúr

Flórsykurl  
kakó  
Smá vatn

Gerid leysist upp í volgri mjólk ásamt sykrunum. Þessu er blandað saman við hveitið og smjörlíkið og allt hnoðað vel. Látið hefast í 30 mínútur. Deigið er flatt út í ca 18 x 60 cm. Kremið er hrært saman og því smurt á deigið sem er síðan rúllað upp og skorið í um það bil 25 stk. Sett í pappírform og inn í 210°C heitan ofn. Bakist í 20 mínútur. Snúðarnir eru loks kældir og súkkulaðiglassúr settur yfir.

### HNETUTOPPAR

100 g malaðar heslihnatur  
100 g sykurl  
tæpur ½ dl eggjahvítur (ekki þeyta)  
100 g brætt súkkulaði

Hnetum, sykri og eggjahvítum blandað saman. Litlir toppar mótaðir, um 20 stykki. Passa þarf vel að blandað verði ekki of blaut og því er gott að bæta eggjahvítunni smám saman út í. Topparnir eru bakaðir við 200°C í um það bil 10 mínútur.

Súkkulaði er brætt yfir vatnsbaði og þegar topparnir eru orðnir kaldir er þeim dyft ofan í súkkulaðið.

Gaman er að skreyta toppana með smá kökuskrauti eins og perlum eða kurlum.

Best er að geyma toppana í frysti eða bara borða þá strax.



## GEORGE FOREMAN

Nýtiskuleg hönnun og mismunandi stærðir

GR-19 Með brauðhitara

GR-26 Með burstuðu stáli, tímastilli og hitarofa

GR-35 Stærri en GR-26, Með burstuðu stáli, tímastilli og hitarofa

Nánar á:  
www.marco.is

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki

## Smekklegt og smátt í eftirrétt

Sætindi eru nauðsynlegur endir á góðri veislumáltíð. Þegar veitingarnar samanstanda af fingrafæði er kjörið að útbúa girnilegar smákökur í eftirrétt

Jytte Hjartarson, matráður kennara í Hofsstaðaskóla, er fædd og uppalin í Danmörku en hefur búið á Íslandi í þrjátíu og átta ár. Hún féllst á að deila með okkur tveimur gómsætum uppskriftum sem hún hefur oft bakað í gegnum tíðina. „Uppskriftina að hnetutoppunum fékk ég frá systur minni í Danmörku fyrir mörgum árum þegar við fórum með krakkana okkar í tívolí. Þá ákvað hún klukkan tíu um kvöldið að baka hnetutoppa sem mér þótti undarlegt svona seint en þá sagði hún að það tæki enga stund

sem var og raunin. Upp frá því hafa þetta verið jólasmákökur hjá mér og ég hef bakað þetta fyrir ýmis konar veislur hjá vinum og vanda mönnum,“ útskýrir Jytte. Uppskriftina að snúðunum fann hún síðan í dönsku tímariti fyrir mörgum árum síðan. Snúðarnir henta einnig vel í barnaafmæli þar sem þeir falla vel að smekki barna og eru í þægilegri bitastærð.

Jytte segir mikið hafa breyst í matarmenningu Íslendinga frá því hún fluttist hingað. „Mér finnst eins og fyrstu árin hafi ég bara lifað á fiski og bjúgum og erfitt var að fá hráefni í svona sælkerafæði. Það var ekki hægt að fá perluger og þurrger en pressuger var hægt að kaupa í stykkjum í bakaríum,“ segir Jytte glettin en móðir hennar sendi henni stundum þurrger frá Danmörku.

hrefna@frettbladid.is

Shark Swimsuit

Lobster Triangle Bikini

Story Big bag

Edita & Eboni Shoes

Lagoon Bag

Orangutang Long top

## FRIIS COMPANY®

Kringlan • Debenhams

# allt helgin

Helgin er frítími margra og eins gott að nýta hann sem best. Hvernig væri að nota þessa helgi og taka til í klæðaskápnunum? Oftar en ekki leynist fullt af dóti í honum sem við notum aldrei.

## Rebbaskoðun og ganga

Dagskrá Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er nú að fara í gang og um helgina verður boðið upp á tvo viðburði.

Sumarið á Snæfellsnesinu hefst með gönguferð eftir endilangri strönd Þjóðgarðsins, á morgun, laugardaginn 7. júní, og refaskoðunarferð sunnudaginn 8. júní.

Gengið verður frá Þórðarkletti að Skálasnagavita og verða Tómas Gunnarsson fuglafræðingur og Sæmundur Kristjánsson leiðsögumenn um fuglalíf, sögu og náttúru svæðisins. Gangan tekur um 4-5 klst. og er fólki bent á að vera í góðum skóm og taka með nesti. Mæting er við afleggjarann út á Öndverðarnes kl. 10.45, síðan er göngufólk ferjað til baka frá Skálasnaga.

„Síðasta sumar hófst ganga eftir endilangri strönd Þjóðgarðsins með fróðu leiðsögufólki og voru þá þrír áfangar gengnir. Þetta er því fjórði áfanginn nú á morgun. Ætlunin er síðan að endurtaka leikinn og ganga hluta úr ströndinni árlega,“ segir Guðrún Lára Pálmadóttir, sérfræðingur í Þjóðgarðinum Snæfellsnesi og segir leiðina sérlega fjölbreytta, bæði gullin sandströnd Skarðsvíkur, malar- og grjótfjörur og mikilfenglegir sjávarhamrar ásamt fjölbreyttu fuglalífi og menningarmínjum.

Skyldi rebbi vera heima? er yfirskrift refaskoðunarferðar þar sem farið er að refagreni í leið-



Fróðir menn leiða gesti um dásæmdri Snæfellsnes í allt sumar. Dagskráin hefst um helgina með gönguferð og rebbaskoðun.



Rebbi verður heimsóttur á sunnudag.

sögn Sæmundar Kristjánssonar á sunnudaginn. Þar er jafnvel búist við að kunnuglegir refir láti sjá sig. Mæting er á Malarrífi kl. 11 og ferðin tekur 1-2 klst. Auk reglubundinnar dagskrár er boðið upp á

ýmsa viðburði í sumar. Göngur og náttúruskoðunarferðir verða undir leiðsögn landvarða og annarra sérfræðinga og eru öllum opnar og að kostnaðarlausu. Tjaldstæði eru ekki innan Þjóðgarðsins en gangandi og hjólandi ferðalöngum er velkommið að tjalda til einnar nætur. Einnig er gestastofan á Hellnum tilvalinn staður til áningar þar er opið alla daga frá kl. 10-18 fram til 10. september.

Guðrún Lára býlar einnig til gesta um að styggja ekki fugla, né raska gróðri og minjum, auk þess sem hún minnir á bann við utanvega akstri. Nánari upplýsingar [www.ust.is](http://www.ust.is) [rh@frettabladid.is](mailto:rh@frettabladid.is)

Hljómsveitin Feðgar skemmtir.

Veitingahúsið er opið frá 11:30-15:00 & 18:00-22:00

Reykjanesbæ • Hafnargötu 10 • Sími: 422 4601 • [www.rain.is](http://www.rain.is) • [rain@rain.is](mailto:rain@rain.is)



# Kung Fu

fyrir alla

Kennari:  
Meistar Zhang  
einkatimar og hópatimar

ÍTR námskeið hefst  
mánudag 9. júní

ÍTR  
Skráning  
er hafin

Tau lo

Tai ji

## DREKINN

WUSHU FÉLAG REYKJAVÍK

Skeifunni 3j • Sími 553 8282  
[www.heilsudrekinn.is](http://www.heilsudrekinn.is)

## Betra gengi - miklu betra verð!

**VERULEG!  
verðlækkun!**

**Verðlækkun á takmörkuðu magni af ferðavögnum.**

Tryggðu þér topp-græju núna. Höfum náð að lækka verð verulega á hjólhýsum og húsbílum frá Dethleffs og bjóðum einnig mjög góð tilboð á Camp-let tjaldvögnum og Starcraft fellihýsum.

Settu þig í samband við sveigjanlega sölumenn okkar núna!

Opið á laugardag  
**12-16**

# MotorMax

- lífið er leikur

[www.motormax.is](http://www.motormax.is) Mótormax - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400

# BK

## KJÚKLINGUR

alvöru grillaður kjúklingur

# hollt er gott

Grensásvegi 5 | Reykjavík | Sími 588 8585

Opið alla daga 11:00 - 22:00



Toyota Hiace 4x4 2,4 DT Skr.10/03 ek. 83 þ.km bsk., álf., krókur ofl. V. 1.750. þús. Uppl. í 461 2525 og á www.bilasalinn.is raðnr.104487.



Hjólhýsi Caravelair Antares Lux 426 Skr.7/06 Kojuhús sem nýtt. V. 1.890. þús. Uppl. í 461 2525 og á www.bilasalinn.is raðnr.104268.



GMC Sierra 2500 SLT 6.6 Duramax dísel Skr.4/03 ek.127þ.km, ssk, 35" br., pall-lok, leður, Bose græjur, tölvukubbur, ofl +400 HÖ V. 3.590 þús. áhv. 2.800 þús. til 81 mán. Uppl. í 461 2525 og á www.bilasalinn.is raðnr.103856.



Nissan Patrol 2.8 DT árg.1997. Ek.256. þ.km, bsk. 38" br, loftlæsingur, lækkuð hlutföll, hlaðinn búnaði Flottur fyrir verkakana, bændur og aðra höfðingja. Ásett verð:1.490.þús STGR. TILBOÐ KR:990.þús. Uppl. í 461-2525 og á www.bilasalinn.is raðnr.103689.



Skidoo Summit XP 800 X 146" árg. 2008 Svartur ek. 146" x 16" x 2,25" belti, Bakkgrj, rafstart. V. 1.300 þús Fæst fyrir yfirtöku á láni. Uppl. í 461 2525 og á www.bilasalinn.is raðnr.

**Bilasalinn.is**  
Hjalteyrargötu 2, 600 Akureyri  
Sími: 461 2525  
http://www.bilasalinn.is



MILJÓN KRÓNU AFSLÁTTUR DODGE NITRO R/T 4.0L, evrópu módel, árg 10/2007, Ónotaður, 260 hÖ, Sjálfskiptur, Leður, 20" Álfelgur, Nálægðarskynjarar, Flottur bíll, Verð 4.990.þ FRABÆRT TILBOÐ 3.990.þ Nánari uppl á www.arnarbilar.is m: 140197 S: 5672700



800.þ KRÓNU AFSLÁTTUR KIA SPORTAGE árg 7/2005, ek 61 þ. km, 2.7L V6 Sjálfskiptur, Leður/Tau sæti, Dráttarkúla, Verð 2.390 þ. FRABÆRT TILBOÐ 1.590 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is m: 120472 S: 5672700

**Arnarbilar ehf**  
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík  
Sími: 567 2700  
www.arnarbilar.is

**Bilasalan Bilfang**  
www.bilfang.is



Joint Dukato Z480 Húsbíll nýskráður 08/2007 ek. 1 þús (nýr bíll) DIESEL, fleiri myndir á bilfang.is raðnr 200186 (Nýr bíll í seglagerðinni 7450) okkar verð 5450 !!!

**Bilasalan Bilfang**  
Malarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 2000  
www.bilfang.is



**VW Beetle Bjalla 2,5 Cabriolet**

2006 árgerð . Ekinn 30þkm . Blæja - ABS hemlar - Álfelgur - Geislaspilari - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Innskýting - Leðuráklæði - Líknarbelgir - Loftkæling - Rafdrifin sæti - Rafdrifin speglar - Útvarp - Vökvastýri- 2.5 vél 150 hestöfl, 5 giru . Æðislega sætur ! Verð 3.390þ.

**Sparibill ehf**  
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is



Jeep Grand Cherokee Facelift árgerð 2008 3.7L Laredo, ekinn 14 þ.km. Kr. 3.890.000.- www.interport.is



Mercedes Benz E 200 K árgerð 2007, ekinn 23 þkm. Ásett verð kr. 4.950.000.- Nú kr. 4.450.000.- www.interport.is

**Bilaport / Interport ehf**  
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík  
Sími: 569 3300 / 897 1928  
www.interport.is



Toyota Prius Hybrid nýskr. 6/2004 ekinn 89 þ. km, sjálfskiptur eyðslu-grannur bíll. Verð 1.990.000 - Tilboð 1.690.000 - Uppl. í síma 420 6600 Toyota Reykjanesbæ.

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19, 260  
Reykjanesbær  
Sími: 420 6600

**Breiðan ehf**  
821-6292



Land Rover 110 Defender árgerð 1999, diesel, 9 manna, 5 cylindrar, ný 35" dekk, toppgrind, ljóskastarar, snorkel og fl. Sk.'09, 100% lánað, verð kr. 1.350.000.- S.821 6292.



Nissan Patrol árgerð 2001, beinskíptur, ný 44" dekk, nýtt 3" púst, ljósagrind, toppbogur, aukaljós og fl., ekinn 190 þús., þar af vél 90 þús., sk. '09, verð kr. 2.200.000.- S. 821 6292.



Nissan Patrol árgerð 1999, 6 cylindrar, beinskíptur, 38" dekk, 3" púst, loftlæsing á framan, stýrisjakkur, ljósagrind, toppbogur, ekinn 210 þús., þar af vél 110 þús., sk.'09, 100% lánað, verð kr. 1.680.000.- 821 6292.

**Breiðan ehf**  
Sími: 821 6292

### Bílar til sölu



Við stórlækkuð sölukostnað!  
Skráðu bílinn hjá okkur - fritt!  
**NETBÍLAR**  
www.netbilar.is

**Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala**

Netbilar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bilasalan Netbilar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300



Suzuki XL-7 Luxury 2007. V6 3,6L ek 20þús.km sjálfsk. Leður sæti + hiti, m. krók. Hlaðinn aukabúnaði. Sjá nánar www.suzuki.com, Tilboð 3.200þús, Sími:8237238



VW Passat '98 1.6 Ek. 157 þ. Tilboð V. 350 þ. S. 869 6701.



3990þ..3990þ..3990þ  
2milljónir í afslátt!!! Listaverð 5990þ Range Rover 4.4 vougé árg. '03 ekinn 83þ., ssk., með öllu. Áhv 3.3m. Uppl. í s. 857 7245.



500.000.- afsláttur  
fæst gegn yfirtöku 700þ afb. 23þ en listaverð er 1200þ. Hyundai Elantra árg 2003 ek 90þ sjálfskiptur, 5dyra, uppl. í s. 857 7245.

**LAGERSALA Fólksbílar**



Fáðu Betra Tilboð!  
10% afsláttur - Tækniskráður  
**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com



Mitsubishi Montero árg. '01. Ek. 84.600 mílur. Margt hefur verið gert fyrir þennan glæsilega bíl. Topp eintak. Tilb. óskast. S. 898 9819 Þorsteinn.



MAN H29 TGA 26,530 6X4 . Árgerð 10/2004 sjálfskiptur. Eurotrailer árg. 6/2005. verð 12.5 millj m vsk. Erl. lán hjá Glitnir c.a 8.5 millj. Uppl Síma 892 1435 eða 698 0070.



Galopper 2,5 TDI 9/98 ek 150 þ.km ssk 32" 7 Manna toppstandi V. 350 stgr 8572696



BMW 730D Shadowline 6/2004 ek115 þ Ssk dísil 19" vel útbúinn listav 6,7 millj fyrir utan aukabúnað Verð 5,9 Millj sk óð 8572696



Fiat Ducato Clipper '04, dísel, ríkulega útbúinn bíll, 6 manna. TV, dvd, mp3, sjónvarpsgeriða, sturta, möguleg skipti á fellihýsi. Ek. 28 þ. S. 861 4414.



Suzuki Grand Vitara'03 til sölu ek 78þkm sk'09 5gíra 2,0ltr ásett verð 1180þkr áhv 870þkr 18000þkr á mán skoða öll skipti uppl 8652377/gigg@simnet.is



Ert þú leiður á að hanga fyrir aftan M5 kerrumar endilega komdu þá og náðu í mig. E55 AMG bíll til sölu '05 517 hÖ sá langflottasti á landinu fæst á 9.900.000.- Stgr. S. 587-8888 Bilasala Reykjavíkur.



Audi S4 QUATTRO 2005. 350 HÖ, 6 giru, sólluga, Recaro innrétting, OZ felgur, rafm í öllu, sem nýr, ek. 40 þ. Svaka tæki. Uppl. í s. 894 9002.



Touareq V8 með öllu. árg. 04, ek. 55 þús. Frábær lúxusjeppi, áhvílandi lán. Uppl. í s. 894 9002.



**Útsala útsala**  
kia sportege árg. '00 toppbíll, skoðaður. Ásett 490 fæst á 250 þús. Útvega visalán. Uppl. í s. 894 9119 & 869 6696.



Pontiac Fireburn Formula árg. '95. 6g. bsk., leðurklæddur, kömfelgur. Tpeintak. Verð 1480 þ. Uppl. í s. 899 5424.



Ford 150 lightning suprcharger 385 hö. árg. '01. 22" felgur og dekk, ek. 36 þ.m. Verð 2780 þ. Uppl. í s. 899 5424.



**Hilux 3.990 þús. kr**  
2007 Hilux 3.0, ssk. 35" breyttur, ek. aðeins 5.000 km til sölu. Kostar nýr 5,380þkr. Tilboð 3,990þkr stgr. Hagstætt lán áhv. Uppl. í s. 820 8707 & 893 5011.



Pajero á 38" og drifhlutfall 4:88 árg. '89, ek. 270 þ. Fullt af aukadótí. V. 450 þ. Uppl. í s. 895 0188.




VW Transporter árg. '98, ek. 163 þ. Bensin, ssk. opnanlegur allan hringin, glæsilegur bíll. V. 480 þ. S. 861 9959.



**TIL SÖLU!**  
**Nýlegur Langendorf mal-arvagn.**  
árg. '07 m/Cramaro segli og fjarstýringu. Lán að hluta af kaupverði getur fylgt. Uppl. í s. 866 3987.



**M5 Individual 2001**  
M5 2001 individual með öllu + lækkunar kitt,20" felgur,18" felgur bad look húdd, sport siur, splunku ný 20"dekk og margt annað einn sá fallagasti. verð 3.9 mill. lán 3,1 mill. Uppl. í s. 847 7663.



NISSAN PATROL 2008 sjálfsk/5 sæta skr 22/2.08 dráttarkr/topp bogar 8937211

Pallhús Camper 8 fet með upphækkun árg. '91. Ísskápur, tv- loftnet og wc. Tilboð. Uppl. í s. 822 4920.

Polaris árg. '05. Tilboð. Uppl. í s. 822 4920.

Til sölu Polo '00, ek. 80 þ. Jeep Willis '86. Bmw 316, station '98. Fást á góðu verði. S. 845 9297.

MMC Lancer '97 ssk.. Nýtt í bremsum, dekkjum. sk. '09. Tilboð. S. 869 6977.

Suzuki Grand Vitara XLC árg. '02. Yfirtaka á láni. Uppl. í s. 864 0154 e. kl. 19.

### 0-250 þús.



vw golf árg.'94 beinsk. keyrður 207þ. skoðun 09. uppl. í s: 865-2255 tilboð óskast



Toyota Carina E 96' ek. 168 þús. skoðaður 09. nýleg tímareim verð 210 þ. 8239890



Til sölu Bakus 400cc buggy Frábært leiktæki.Sjálfstæð fjöðrun, diskabremsur, 3ja punkta belti 5 giru + bakk. verð 669.000kr. hjakrissa@simnet.is. s-8935777

Toyota Corolla Sedam árg. '94, ek. 180 þús. Biluð sjúk. V. 50 þús. S. 892 4690.

Ford Econline 85, 35" breyttur 2 eig, þarfnast smálagfær boddy ágaett selst á 90 þús. 6906708, 5545191 eftir kl 18:00

Nissan Primera 98 ek.176þ 09skoðun bíll í toppstandi 280þús en ekki heilagt s:6956916

### 250-499 þús.



Renault Kangoo 2001 ekinn 95þús. Verð 290þús. Í góðu standi S:8966800

### 1-2 milljónir



**TOYOTA CAMRY HYBRID**  
192hp - 5,5L/100km!



Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzin og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

### 2 milljónir +



**TOYOTA HIGHLANDER HYBRID**  
270hp - 7,5L/100km!



Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzin og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

# FÖSTUDAGUR

6. JÚNÍ 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS



Er  
streita  
&  
slæmt  
mataræði  
að fara með  
heilsu  
þjóðarinnar?

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

Svanhildur Hólm Valsdóttir, ritstjóri Íslands í dag

„Við ætlum að taka það rólega um helgina, sýnist þetta verða hálfgerð innihelgi, ef veðurspá Sigga storms gengur eftir. Við erum reyndar sjö í heimili þessa dagana, þannig að það er nóg að gera heima við. Vonandi fæ ég svo að hitta nýja litla vinkonu mína, dóttur Ingu Lindar og Árna, mannsins hennar, sem ætti að koma í heiminn í dag.“



# Karlakvöld í KronKron

„Við höfum áður haldið dömkvöld og langaði nú að gera eitthvað fyrir strákana enda kominn tími til,“ segir Stefán Svan Aðalheiðarson, verslunarstjóri Kron Kron, en verslunin heldur í kvöld herrakvöld í húsnæði verslunarinnar, Laugavegi 63.

„Sumarvörurnar eru allar komnar í verslunina og okkar langaði bæði að kynna þær fyrir strákunum auk þess að halda sumarpartí,“ segir Stefán en herrakvöldið stendur frá 18.30-20.00 en eftir það mega stelpurnar vera með í gleðinni. „Við verðum ekki með neina stæla og læti. Gísli Galdur og Benni B. Ruff munu sjá um tónlistina auk þess sem við ætlum að grilla og hver veit nema að herrarnir fái eitt viskíglas eða svo,“ segir Stefán að lokum og gerir ráð fyrir miklu stuði fram eftir nóttu.

bergthora@frettabladid.is



Stefán Svan Aðalheiðarson

## fréttir

### BÚNIR AÐ LEGGJA EINKAÞOTUNNI

Það má með sanni segja að það öri á pínulítili kreppu þegar forstjórar Kaupþings eru hættir að nota einkaflugvél sína og farnir að ferðast á milli landa með almúganum. Þeir eru þó kannski ekki alveg meðal almúgans því bankinn splæsir enn þá í Saga Class-sæti með öllum þeim lúxus sem því tilheyrir. Það er þó ekki verið að splæsa í lúxus fyrir aðra starfsmenn bankans og fá þeir ekki að vera á Saga Class nema mikið liggi við ...



### GUÐNI HÁMAR Í SIG GRÆNMETI

Í gegnum tíðina hefur Guðni Ágústsson verið duglegur að hrósa íslenskum landbúnaðarvörum, aðallega kjöti, og sú saga gekk lengi að eina grænmetið sem hann borðaði væri rauðkál úr dós og grænar baunir. Nú kveður við annan tón því til Guðna hefur sést á Manni lífandi en sá staður sérhæfir sig í grænmetisfæði þar sem grænar baunir úr dós og rauðkál koma hvergi við sögu.



Þrjár ungar konur opna tannlæknastofu í Turninum

## Tannlæknar á uppleið

Við erum að útskrifast frá tannlæknadeild Háskóla Íslands 14. júní og ákváðum að láta draum okkar verða að veruleika og opna okkar eigin stofu,“ segir Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, verðandi tannlæknir, en hún og bekkjarsystur hennar, þær Sólveig Anna Þorvaldsdóttir og Heiðís Halldórsdóttir, eru að standsetja sína eigin tannlæknastofu á 14. hæð í Turninum í Kópavogi. „Við kynntumst í tannlæknáminu og urðum vinkonur en bekkurinn er afar nán þar sem einungis sex nemendur eru teknir inn á ári hverju. Okkur langaði að opna okkar eigin stofu og þegar við höfðum spurnir af húsnæðinu í Turninum ákváðum við að slá til,“ segir Jóhanna en síðustu misseri hefur það ekki tíðkast hjá nýútskrifuðum tannlæknunum að opna sína eigin stofu strax að námi loknu enda er þetta heilmikil fjárfesting. „Vissulega er leigan dýr en á móti sjáum við marga möguleika með staðsetningunni. Þetta er skemmtilegt og spennandi hús sem við hlökkum mikið til að vinna í,“ segir Jóhanna og vonar svo sannarlega að fólk hætti ekki að fara til tannlæknis þrátt fyrir yfirvofandi kreppu. „Væntanlega mun eitthvað draga úr tannfegrunar- aðgerðum en tannpínan hverfur ekki af sjálfu sér og hvað þá þörfin fyrir tannlækna og forvarnarstarf,“ bætir Jóhanna við en þær stöllur ætla að leggja sig fram við að bjóða upp á fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavinum sínum auk þess að vera með það nýjasta í fræðunum. „Það má



Verðandi tannlæknar. Sólveig Anna Þorvaldsdóttir og Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir en á myndina vantar Heiðís Halldórsdóttir. Þær stöllur munu reka saman tannlæknastofu á 14. hæð í Turninum.

bæta því við að þrátt fyrir að við séum að útskrifast sem tannlæknar þá höfum við verið í verklegu námi í þrjú ár þar sem við höfum með-

höndlað sjúklinga og erum því langt í frá ekki að fara að bora okkar fyrstu skemmd á 14. hæð,“ segir Jóhanna hlæjandi að lokum.bergthora@365.

## FÖSTUDAGUR

Útgáfufélag 365 prentmiðlar  
Ritstjóri Marta María Jónasdóttir  
martamaria@365.is  
Bergþóra Magnúsdóttir  
bergthora@365.is  
Forsíðumynd Getty Images  
Útlitshönnun  
Arnór Bogason og  
Kristín Agnarsdóttir  
Auglýsingar Sigríður Dagný  
Sigurbjörnsdóttir  
sigridurdagny@365.is sími 512 5462  
Föstudagur Skaftahlíð 24  
105 Reykjavík, sími 512 5000

## Unglingar fá umbun fyrir að krotta ekki á vegg

„Upphaflega byrjaði þetta sem samstarfsverkefni Réttarholtskóla, Reykjavíkurborgar og Brimarhólms. Svavar Knútur hjá Reykjavíkurborg hafði unnið með unglingum úr Réttarholtskóla og okkar langaði að vinna saman að verkefni með þeim,“ segir Áróra Gústafsdóttir, framkvæmdastjóri Brimarhólms, en afrakstur þessa tilraunaverkefnis mun fljótlega líta dagsins ljós á heimasíðunni www.inmate.is.

Brimarhólmur framleiðir meðal annars Made in Jail, fatalínauna sem framleidd er á Kvía-bryggju.

„Við fengum til liðs við okkur Frosta Gnarr, nema í grafískri hönnun, til að kenna unglingsstrákum úr Réttarholtskóla undirstöðuatriði í grafík. Þátttökuskiyrðin voru þau að þeir þurftu að skrifa undir samning þess eðlis að þeir myndu ekki krotta á vegg,“ segir Áróra en námskeið-

id gekk vonum fram og skiladói sýnilegum árangri í hverfinu á skömmu tíma en veggjakortid hefur þar minnkað til muna.

„Hægt verður að panta myndir strákanna á heimasíðunni okkar eftir tvær vikur og fá þær prentaðar á boli en strákarnir fá síðan föst sölulaun af hverjum bol,“ segir Áróra að lokum alsæl með samstarfið sem vonandi verður framhald á í framtíðinni.

bergthora@frettabladid.is



Áróra Gústafsdóttir

**Vinnufatabúðin**  
Fagmennska og þjónusta í fyrirrúmi!  
**Wrangler®**

nítjándu.



Brunch  
á Nítjándu alla laugardaga og  
sunnudaga frá 11.30 - 14.00

## Við bjóðum í brunch!

The Pier og Nítjándu, hádegisverðarstaður í Turninum, bjóða viðskiptavinum upp á glæsilegan brunch, ef verslað er fyrir 10.000.- eða meira um helgina.



**Keros garðsett**  
Grind úr áli og seta og bak úr nælonefni.  
Settið inniheldur borð og fjóra stóla  
564762 áður 39.900.- nú 29.000.-

**Keros borð**  
120cm í þvermál  
564748 12.900.-

**Keros stóll m/örmmum**  
Staffanlegur  
564755 6.990.-

**Keros garðsett  
nú 29.900.-**



**Stranddýna Hot House**  
60x180sm 567053  
Áður 6.990.- nú 4.990.-



**Hengirúm Hot House**  
80X200sm 567022  
Áður 5990.- nú 3990.-



**Stólsessa Hot House**  
50X50sm 567046  
Áður 2.490.- nú 1.990.-



**Glas Acrylic minna**  
561556 290.-  
**Glas Acrylic stærra**  
561594 290.-  
**Vínlas Acrylic**  
561631 390.-  
**Hnífapör Hot House 12 stk.**  
568920 1.590.-

**Mikið úrval af textílvörum á allt að 30% afslætti.**

# the PIER

## gleðjumst í sumar

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 / laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00



# Leikkonuföt á flóamarkaði

„Við erum á fullu við að undirbúa flóamarkað sem við höldum á morgun í húsi Félags íslenskra leikara, Lindargötu 6,“ segir leikkonan Elma Lís Gunnarsdóttir en hún heldur markaðinn ásamt systrum sínum, Nínu Björk og Tinnu, leikkonunni Maríu Hebu og leikstjóranum Silju Hauksdóttur. „Ég og Silja sáum um markaðinn sem haldinn var í portinu á Sirkus í þrjú sumur og höfðum gaman af enda er fátt skemmtilegra

en stemningin sem skapast á flóamörkuðum,“ segir Elma Lís sem lofar heitu á könnunni fyrir gesti og gangandi. „Við verðum með óvæntar upptökum og bjóðum upp á fatnað, skó, barnaföt og alls kyns glingur á góðu verði svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Elma Lís að lokum og hlakkar mikið til morgundagsins.

bergthora@frettabladid.is



## EKKI MISSA AF BLUNT

Fimmtudaginn 12. júní næstkomandi mætir James Blunt til landsins og heldur tónleika í Laugardalshöllinni. Aðdáendur söngvarans ættu ekki að láta tónleikana fram hjá sér fara. Nýjasta plata Blunts, All the Lost Souls, kom út í september á síðasta ári og náði gullsölu á innan við viku. Hver hefur ekki raulað lögin 1973 og Same Mistake? Dudurddu ...



Charlie Strand gerir bók um íslenska menningarfrumkvöðla

# Flutti til Íslands til að fanga stemninguna

„Bókin er hugarfóstur Charlies Strand en hann kom til okkar fyrir tæpum þremur árum og kynnti fyrir okkur hugmyndina sem okkur leist mjög vel á,“ segir Heiðar Ingi Svansson, markaðsstjóri Forlagsins, en þeir gefa út bókina Project: Iceland sem kemur í verslanir á þriðjudaginn. Charlie sá um að ritstýra bókinni auk þess sem hann tók allar ljósmyndirnar í hana. „Hann langaði að gera bók um frumkvöðla í íslensku menningarlífi og kynna um leið Ísland með öðrum hætti en áður hefur verið gert.“ Í kjölfarið flutti Charlie til Íslands og hefur verið búsettur hér í tæp þrjú



ár, eða þann tíma sem hann hefur unnið að bókinni. „Charlie hefur helgað líf sitt bókinni og unnið hana af mikilli ástríðu og hugsjón en Charlie ólst upp í Bretlandi og átti íslenska móður sem útskýrir að einhverju leyti þennan mikla áhuga fyrir landi og þjóð,“ segir Heiðar og bætir því við að það hafi verið mikill fengur fyrir Forlagið að fá hann til liðs við sig en útkoman er víst engu lík. „Ég hef aldrei séð neitt í líkingu við þessa bók og það er gaman að sjá hvernig honum tekst að stilla upp myndlist, gjörningum, tónlist og tísku, svo fátt eitt sé nefnt, á heilsteiptan hátt,“ segir Heiðar og hefur mikla trú á bókinni. Með bókinni fylgir geisladiskur með íslenski tónlist sem Valgeir Sigurðsson tónlistarmaður setti saman og því má vænta að margur Íslandsvinurinn finni sitt hvað við sitt hæfi í þessum óvenjulega Íslandspakka. „Þrátt fyrir að bókinn sé á ensku ætti hún ekki að vera síður áhugaverð fyrir okkur Íslendinga en hún fer ofan í saumana á menningu og jaðarlist okkar

og enduspeglar samtíma okkar á sannfærandi hátt,“ segir Heiðar en þess má til gamans geta að virt breskt listaverkabókaforlag á Englandi gefur bókina út á sama tíma og Forlagið. Útgáfupartí Project: Iceland verður haldið í versluninni Libros, Laugavegi 7, á morgun milli kl. 19-21.30.

bergthora@frettabladid.is

# Topp SKÍFULISTINN 20 Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum | Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Listinn glíðir 6. - 13 júní 2008

## VINSÆLSTA TÓNLISTIN

1	Bang Gang	↘	Ghosts From The Past
2	Dísa	↑	Dísa
3	Ýmsir	↓	100 Eurovisionlög
4	Páll Óskar	↑	Allt fyrir átíuna
5	Ýmsir	↓	Eurovision Song Contest
6	Eurobandið	↓	This is My Life
7	Múgsefjun	↘	Skiptar skoðanir
8	Super Mama Djombo	↑	Ar Puro
9	Hjálmar	↘	Ferðasót
10	Mugison	↓	Mugiboogie
11	Bloodgroup	↓	Sticky Situation
12	Madonna	↑	Hard Candy
13	Gus Gus	↗	Forever
14	Ýmsir	↓	Pottþétt 48
15	Björk	↗	Gling Gló
16	Ýmsir	↑	Rokkland 2007
17	Sigur Rós	↗	Takk
18	Sigur Rós	↓	Takk / Heima
19	Hjaltalín	↗	Sleepdrunk Sessions
20	James Blunt	↗	All The Lost Souls

↗ Aftur á milli   ↘ Þetta á milli   ↓ Lokað frá skífunni   ↑ Hættir frá skífunni   ↘ Zenskipti

## VINSÆLSTA DVD

1	Alvin og ikornarnir
2	Underdog
3	Golden Compass
4	Latibær 7
5	Brettin upp
6	Sweeney Todd
7	Cloverfield
8	Bee Movie
9	3:10 To Yuma
10	Death At A Funeral
11	Næturvaktin
12	Ratatouille
13	Charlie Wilsons War
14	American Gangster
15	Rendition
16	Gone Baby Gone
17	Jungle Book 2
18	The Last Legion
19	Börn náttúrunnar
20	Doddi þættir 1-8






Frábærir  
vinningar alla  
föstudaga í  
sumar!

BYLGJAN  
989

# Sumarveikur NINGS



Vinnur þú einn  
sparneytnasta bíl  
landsins til afnota  
í heilt ár?

Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni. Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaraskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli. Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.

**SUMAR  
TILBOD**

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu  
Svínakjöt og grænmeti með mildri karrýsósu  
Matarmiklar vorrúllur með grænmeti  
Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur  
**2790**  
fyrir tvo

krónur  
**1395**  
á mann

ATH! SUMARTILBOD  
ER EINGÖNGU  
AFGREITT FYRIR 2.  
EDA FLEIRI • EF ÞÚ  
HRINGIR OG SÆKIR  
FYLGI 2L. KÖK MED  
TILBODINU

## NINGS

SUÐURLANDSBRÁUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17  
PÖNTUNARSÍMI: 588 9899  
NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600

Þú finnur ótrúlegt  
úrval ljúffengra rétta  
á matseðli okkar á  
[www.nings.is](http://www.nings.is)

...og kroppurinn  
blómstrar!

Fylltu út seðilinn hér að neðan og skilaðu til okkar á Nings og þú ert með í leiknum.

Nafn \_\_\_\_\_  
Heimili \_\_\_\_\_  
Sími \_\_\_\_\_ netfang \_\_\_\_\_

# fatastíllinn

Inga María Leifsdóttir, markaðsstjóri Íslensku Óperunnar

1. Þennan kjól keypti Inga María í Danmörku. 2. Gamliir Bally-skór sem hún gróf upp í Hjálpræðishernum. 3. „Þetta er gamalt úr frá ömmu minni sem er í miklu uppáhaldi.“ 4. Þessa Lacoste-tösku hnaut Inga María um í Hjálpræðishernum. 5. H&M klikkar aldrei. Þessir skór eru þaðan. 6. Vintage eyrnalokkar sem hún fékk í afmælisgjöf síðast frá mikilli tiskufærnu sinni. 7. Inga María í kjól sem hún keypti í Danmörku.

## Hjálpræðisherinn er í uppáhaldi

**Getur þú lýst þínum stíl?** „Maður reynir að vera hress. Nota líti, þora að vera í hvítu, endurvinna og endurnýta fót. Og vera í fallegum skóm.“

**Kaupir þú mikið af fötum?** „Já, já. Ég kaupi oftast fleiri fót og ódýrari, oft notuð, en gef fljótt slatta aftur. Mér finnst það ferli vera hluti af því að byggja upp góðan fataskáp.“

**Hverju fellur þú yfirleitt fyrir?** „Svörtum ermalausum kjólum.“

**Hvaða flík er í mestu uppáhaldi hjá þér?** „Fínasta flíkin mín er Marc Jacobs-ullarjakinn sem börnin mín gáfu mér í afmælisgjöf.“

**Snobbar þú fyrir merkjum?** „Já, auðvitað! En samt á ég eitt-hvað voðalega lítið af merkjafötum. Því miður.“

**Hugsar þú mikið um útlitið?** „Nei, það finnst mér ekki - hver hefur tíma til þess? En klæðnaður og ýmislegt tengt honum er vissulega eitt af áhugamálum mínum.“

**Í hvernig fötum líður þér best?** „Mér líður best í kjól, enda er ég oftast í kjól.“

**Uppáhaldsverslun?** „Hjálpræðisherinn.“

**Eru einhver tiskuslys í fataskápnunum þínum?** „Hvað á ég að segja? Nei, eiginlega ekki. Allt var einfaldlega hluti af tíðaranum.“

**Í hvað myndir þú aldrei fara?** „Ekkert sérstakt. Öll fót hafa sinn tíma og sína notkun. En ég reyni að forðast það sem er mjög hnökrað og þvegið. Og þó ...“

*martamaria@365.is*



Vandaðir leður  
Lúxus-hvildar

# sólfar

með stillanlegu baki og skemli  
Frábærir sjónvarps-sófar og stólar  
Einnig fánlegir rafknúnir



2 sæti m/borði  
Verð kr. 175.000.-  
Verð nú aðeins kr. **140.000.-**

3 sæti m/2 borðum  
Verð kr. 273.000.-  
Verð nú aðeins kr. **218.400.-**

4 sæti m/2 borðum  
Verð kr. 336.000.-  
Verð nú aðeins kr. **268.800.-**

Raðgr. Visa og Euro

Einnig fánlegir stakir stólar

**Val húsgögn**

Ármúla 8 • 108 Reykjavík  
Símar 581 2275 • 568 5375

Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16



# **GEGGJAÐ INNIVÉÐUR KLÆDDU ÞIG EFTIR VERÐI**

**BERTONI jakkaföt  
með flottu sniðunum  
í gríðarlegu úrvali.**

**Aðsniðnar BERTONI  
skyrtur.  
Bolir frá 1.990.  
Skyrtur frá 2.990.**

**Quart-buxur  
og stuttermabolur  
frá kr. 4.900.**

opið til kl. 17 á laugardag

**Herra  
hafnarfjörður**

- besta verðið!

Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073

Fyrir nokkrum áratugum fór fólk í megrun þegar ummálið var orðið of mikið. Hver megrunarkúrin á fætur öðrum leit dagsins ljós á milli þess sem fólk taldi hitaeiningar í gríð og erg. Seinna komst það í tísku að fara í átak og á síðustu árum hefur svokallað detoxæði gripið landann. Þrátt fyrir þessar sveiflur eimir þó alltaf af gömlu kúramenningunni þótt þjóðin sé löngu hætt að telja hitaeiningar. Föstudagur leitaði til náttúrulæknis, hómópata og næringarþerapista og komst að því að í dag leita flestir til þessara aðila til að losa um streitu frekar en að megra sig.

# Fyrirsætukroppar eða hraustir líkamar?

## Töfralausnir virka ekki

Matthildur Þorláksdóttir náttúrulæknir segir að það sé erfitt að greina einhverjar tískubylgjur í dag. Fólk sem leiti til hennar sé flest að hugsa um breyttan lífsstíl og vilji vera meðvitað um ábyrgð á eigin heilsu. „Það er mikið vinnuálag á fólk og mér finnst það oft



Matthildur Þorláksdóttir náttúrulæknir.

gleyma að huga að því hvað það er að setja ofan í sig,“ segir hún og nefnir dæmi um að fólk sem sé yfirbugað af streitu detti fyrst í hug að drífa sig í ræktina þegar það er orkulaust.

„Jafnframt þarf fólk að hugsa um hvað það er að borða þótt það sé alltaf af hinu jákvæða að hreyfa sig.“ Þegar hún er spurð að því hvort fólk vilji greinast sem komi

til hennar segir hún svo ekki vera. „Það er ekki mikið talað um þyngd hjá mér og fólk er löngu hætt að telja hitaeiningar. Hjá mér kvartar fólk yfir þreytu og orkuleysi. Fólk vill fyrst og fremst líða betur, fá meiri orku og koma jafnvægi á heilsuna í heild sinni. Fólk sem kemur til mín finnur mikinn mun á sér um leið og það fer að borða meira af trefjarikara korni, grænmeti og ávöxtum. Svo hvet ég fólk til að borða meira af feittum fiski.“ Hún segir að morgunmatúrinn sé gífurlega mikilvægur. „Ég ráðlegg fólk að borða gróft á morgnana, annaðhvort graut eða hristing með ávöxtum, olíu og fræjum. Það góða við hristinginn er að fólk fær góða fyllingu án þess að það sé kolvetnasprengja. Það er mikill munur á magafylli og næringarfylli.“

Matthildur segir að það sé ekki til neinar töfralausnir í þessum efnunum en fólk geti gert ýmislegt til að láta sér líða betur. „Fyrsta skrefið er að minnka brauðið og sætindi almennt og svo er gott að drekka fennel- eða piparmyntute ef fólk er með uppþembu, en auðvitað er mikilvægast að finna út hvað valdi þessum vandkvæðum.“ Hún leggur áherslu á að þegar fólk taki fæðutegundir út verði það að fá eitthvað annað í staðinn og bendir á að aðgengi að heilsuvörum sé mun betra núna en fyrir sjö árum þegar hún útskrifaðist sem náttúrulæknir frá Þýskalandi. Þegar kúrar berast í tal segir hún að það eimi enn þá af kúrahugsun hjá fólk. „Ef fólk lítur á þetta sem kúr þá er fólk að bíða eftir að þetta sé búið og þá fellur fólk alltaf í sama farið.“ Hvað um fæðubótarefni? „Mér finnst að fólk eigi að fá fjölbreytta næringu úr fæðunni í stað þess að taka inn fæðubótarefni. Það er mikilvægt að fólk hugi að fitusýrunum og taki þær sérstaklega inn og sé duglegt að borða fræ og hnetur. Síðan nota ég jurtir, hómopatiu og fleiri meðferðir til að hjálpa viðkomandi til að komast í sem besta jafnvægið,“ segir Matthildur og leggur mikla áherslu á að fólk fari þó ekki út í neinar öfgar og leyfi sér að borða óhollustu inn á milli. „Það er allt í lagi að hafa sín frávík. Við erum hluti af fjölskyldu og samfélagi og þegar það eru veislur eða annað í gangi eigum við að leyfa okkur að vera með því það er ekki tilbreiðing sem er að fara með okkur,“ segir hún og bætir því við að fólk

og svo mikill hluti af okkar matarvenjum. Þegar fólk er búið að borða brauð í morgunmat, hádegismat og í kaffitímanum og fær sér kannski pasta í kvöldmatinn þá er fæðið orðið of einhliða. Korn er gott og holl fæða en aðrir fæðuflokkar þurfa að vera með. Fólk sem kemur til mín finnur mikinn mun á sér um leið og það fer að borða meira af trefjarikara korni, grænmeti og ávöxtum. Svo hvet ég fólk til að borða meira af feittum fiski.“ Hún segir að morgunmatúrinn sé gífurlega mikilvægur. „Ég ráðlegg fólk að borða gróft á morgnana, annaðhvort graut eða hristing með ávöxtum, olíu og fræjum. Það góða við hristinginn er að fólk fær góða fyllingu án þess að það sé kolvetnasprengja. Það er mikill munur á magafylli og næringarfylli.“

Matthildur segir að það sé ekki til neinar töfralausnir í þessum efnunum en fólk geti gert ýmislegt til að láta sér líða betur. „Fyrsta skrefið er að minnka brauðið og sætindi almennt og svo er gott að drekka fennel- eða piparmyntute ef fólk er með uppþembu, en auðvitað er mikilvægast að finna út hvað valdi þessum vandkvæðum.“ Hún leggur áherslu á að þegar fólk taki fæðutegundir út verði það að fá eitthvað annað í staðinn og bendir á að aðgengi að heilsuvörum sé mun betra núna en fyrir sjö árum þegar hún útskrifaðist sem náttúrulæknir frá Þýskalandi. Þegar kúrar berast í tal segir hún að það eimi enn þá af kúrahugsun hjá fólk. „Ef fólk lítur á þetta sem kúr þá er fólk að bíða eftir að þetta sé búið og þá fellur fólk alltaf í sama farið.“ Hvað um fæðubótarefni? „Mér finnst að fólk eigi að fá fjölbreytta næringu úr fæðunni í stað þess að taka inn fæðubótarefni. Það er mikilvægt að fólk hugi að fitusýrunum og taki þær sérstaklega inn og sé duglegt að borða fræ og hnetur. Síðan nota ég jurtir, hómopatiu og fleiri meðferðir til að hjálpa viðkomandi til að komast í sem besta jafnvægið,“ segir Matthildur og leggur mikla áherslu á að fólk fari þó ekki út í neinar öfgar og leyfi sér að borða óhollustu inn á milli. „Það er allt í lagi að hafa sín frávík. Við erum hluti af fjölskyldu og samfélagi og þegar það eru veislur eða annað í gangi eigum við að leyfa okkur að vera með því það er ekki tilbreiðing sem er að fara með okkur,“ segir hún og bætir því við að fólk

borði allt of mikið slíkkeri dagsdaglega. Hún leggur líka áherslu á að breyting á fæðu eigi ekki að vera leiðinleg. „Allt sem við gerum á hnefanum gengur ekki upp. Fólk á að búa til góðan mat úr góðu hráefni. Það er hægt að baka kökur án þess að þær séu sykraudar, til dæmis með því að nota dödlur eða agave-sýróp í staðinn fyrir sykurl.“

## Vel ræktaður líkami þýðir gott sjálfstraust

Þorbjörg Hafsteinsdóttir, næringarþerapisti í Danmörku, segir að fólk sé alls ekki hætt því að vera í megrun og að helsta tískubylgjan í Danmörku, þar sem hún býr og starfar, sé að rækta sjálfan sig. „Fyrir marga gefur vel ræktaður líkami auknið og betra sjálfstraust. Fyrir aðra getur vel ræktaður líkami í kjörþyngd sjálfsagt fjallað um öldrunarhræðslu.“ Þegar hún er spurð að því hvort fólk sé enn þá að detoxa segir hún að svo sé. „Ég held að detoxbylgjan snúist aðallega um það að fólk er komið með nóg af skyndibitamum, mengun, eiturefnum í matvælu og þungmálmum í umhverfinu sem kallar á hreinsun. Ég er samt ekkert á því að það sé árangursríkt að lifa bara á grænmetissöfum í heila viku.“ Þorbjörg segir að þeir sem leiti til hennar séu ekki á höttunum eftir skyndilausnum. „Fólk vill fæði og næringarefni sem eru líkamanum eðlileg og sem vinnur með líkamanum frekar en á móti. Að sama skapi er mikilvægt að velja hreyfingu sem er eðlileg líkamanum eins og jóga, hugleiðsla, pilates, hjólréiðar og sund í stað þess að pumpa í ræktinni. Fólk vill orku og líf í jafnvægi. Mér finnst líka áberandi að fólk vilji hrausta líkama í staðinn fyrir fyrirsætukroppa. Þetta er svolítið nýr lífsstíll sem ég lít á sem leik á móti skarkala, hávaða, ofvirkni, skyndibitamum, ofurrækt og öfgum.“

Í dag er alltaf verið að tala um að fólk sé að fitna. Hver heldur þú að sé aðalástæðan fyrir því? „Rangt fæði, of mikill sykurl, brauðmeti og skyndimatur. Að sama skapi er of mikið álag og streita á fólk sem oft þjáist af fæðuþöpoli. Fólk er með of miklar bólgur í líkamanum og uppfullt af alls konar skít, bæði efnalegum og sálrænum,“ segir Þorbjörg og dregur ekkert undan.

Hvað er fólk upp til hópa að gera rangt þegar kemur að mat-



Þorbjörg Hafsteinsdóttir, næringarþerapisti í Danmörku.

aræði? „Það eru alltaf einhverjar hindranir í gangi, það er of erfitt, tímafrekt og dýrt að borða hollt og alveg örugglega 50 ástæður í viðbót. Þegar fólk er tilbúið að vinna í þeim öllum og horfast í augu við það sem liggur neðst, hræðsluna eða óttann, sigrast á honum og finnur hugrekki eru því allir vegir færir. Það kostar stundum öryggi á meðan verið er að venja sig við nýjar venjur eins og til dæmis að borða alltaf Kentucky á sunnudögum en þegar það er komið getur fólk sigrað heiminn.“

Þorbjörg segir að þreyta, orkuleysi, depurð, streita, verkir og ofþyngd sé helst að hrjá hennar kúnna. Þegar hún er spurð að því hvað valdi helst streitunni nefnir hún áreiði frá vinnu, samskiptum við fólk, hjónabandi sem ekki virkar, rangt fæði, skortur á næringarefnum og réttu fitu, skortur á sjálfsvirðingu, ást og kærleika, þörf fyrir viðurkenningu frá sjálfum sér og sínum nánustu. Spurð um töfralausnina við að láta sér líða betur nefnir Þorbjörg að hún standi í heilli bók, 10 árum yngri á 10 vikum, sem hún skrifaði sjálf og hefur algerlega slegið í gegn í Danmörku. „Þetta snýst samt fyrst og fremst um að halda með sjálfum sér og skapa rými fyrir sjálfan sig. Finna sér markmið, sleppa viðbættum sykri, kaupa sér góða hlaupaskó og elska meira,“ segir hún og hlær.

Hvað finnst þér um fæðubótarefni? „Þau eru góð og gild ef framleiðslan er með gæðastimpli. Þau eru nauðsynleg að mínu mati ef maður vill láta sér líða vel. Ég tek meðal annars Q-10, B-vítamín, Æskubrunn, magnesium, Pomegranate, grænt te og fullt af lífrænum olíum. Ég borða vel og hollt, einnig fisk og kjúkling, stunda eðlilega líkamsrækt, útiveru og jóga.“ Hún segist líka vera dugleg við að segja nei þegar henni bjóðast spennandi verkefni, ef verkefni gætu hugsanlega stolið tíma frá henni. „Ég er minnst 10 árum yngri í lífaldri. Ég er að verða 49 ára og hefur aldrei liðið eins vel.“

„Heillandi texti ... ein besta proskasaga stelpu sem ég hef lesið.“  
Gunnþórunn Guðmundsdóttir / Morgunblaðið

„Svo sannarlega ævisaga sem á erindi á bók ... gefur lifandi innsýn í andrúmsloft 20. aldar.“  
Auður Aðalsteinsdóttir / Viðsjá, RÚV

„... með bestu ævisögum sem ég hef lesið, ef ekki sú besta ...“  
Guðríður Haraldsdóttir / Vikan

„... á eftir að grípa lesendur sem hafa áhuga á örlögum óvenjulegra einstaklinga.“  
Þórdís Gísladóttir / kistan.is

„Fantagóð tök á stíl og frásagnarhætti ... mjög vel heppnuð.“  
Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan, RÚV



## INGA VILL HAFA MATARÆÐIÐ Í ÞESSA ÁTT:

**Morgunmat:** Byrja daginn á prótínriku fæði og ekki neyta of mikils ávaxta-sykurs. Rökin fyrir því eru að það gefur betri undirstöðu fyrir orkuna.

**Hádeggi:** Próteinríkt fæði með góðum fitusýrum (olíu og fræ), grænmeti, ef kolvetni fylgja með þá verða þau að vera flókin.

**Seinni partinn:** Gróft brauð eða hrökkbrauð. Það væri líka hægt að baka múffur eða skonsur úr heilheiti og halda sykri í lágmarki.

**Kvöldmat:** Helmingurinn á að vera grænmeti, einn fjórði gróf kolvetni (hýðis-hrisgrjón eða heilkornapasta) og einn fjórði góður fitu- og prótíngrafi (kjöt eða fiskur).

Listhúsinu Laugardal  
Reykjavík  
Sími: 581 2233

Dalsbraut 1  
Akureyri  
Sími 461 1150

www.svefn.is

# Svefn & heilsa



## Ég mæli hiklaust með IQ-CARE

Effir að ég fékk mér IQ-CARE  
hef ég ekki fundið til í bakinu!

6 mán.  
vaxtalausradgr.

Sölvi Fannar Viðarsson  
Frækvæmdastjóri Heilsuráðgjafar



# golf

FÖSTUDAGUR 6. JÚNÍ 2008



Tiger Woods  
þykir sigurstranglegur á  
Opna bandaríska meist-  
aramótinu BLS. 2



Íslandsmótið  
í högggleik  
haldið í fjórða sinn í  
Eyjum BLS. 6



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**weber**  
– flott á veröndina

**weber** – mikið úrval af aukahlutum

Sölustaðir: Járn og gler · Garðheimar · Húsasmíðjan · Egg · www.weber.is

Genesis S310  
KENNISGÆFA 2008



Golfvöllurinn í Panther Creek er einn af þeim erfiðari í heiminum.

## Einn sá erfið-asti í heimi

Eina lengstu golfbraut Bandaríkjana, ef ekki í heimi, er að finna á Panther Creek-vellinum í Jacksonville í norðurhluta Flórída. Brautin er þar sex og 800 yardar, um 730 metrar, á lengd.

Völlurinn sjálfur í Panther Creek er heldur ekkert slor. Á hverri braut er hægt að slá af sex teigum. Fyrir meðal kylfinginn er lengd vallarins 7.039 yardar, slopið 143 og rating 75,1 (slope og CR segir til um hversu erfiður völlurinn er. Því hærra slope og CR því erfiðari er völlurinn). Til samanburðar er golfvöllurinn í Grafarholti með slope upp á 130 og CR upp á 72,3 af meistaraflokksteigum. Fyrir þá sem vilja hins vegar reyna sig fyrir alvöru á Panther Creek-vellinum er hægt að tía upp á svörtum teigum en þá er völlurinn 7.526 yardar með slope upp á 149 og CR 77,7. Þar af eru tvær þar fjórar holur sem eru meira en 500 yardar á lengd.

Á vellinum er einnig að finna stærstu flöt í heimi. Hún er á níundu holu, þar þrjú, og eru rúmí 3.500 fermetrar.

Panther Creek-völlurinn er átján holur, teiknaður af arkitektinum Andy Dye.

-kh

## Sigursælustu kylfingar heims

Af tíu sigursælustu kylfingum heims koma átta frá Bandaríkjunum. Jack Nicklaus er sem stendur sigursælasti kylfingur heims. Á árunum 1962 til 1986 vann hann Masters-mótið sex sinnum, Opna bandaríska fjórum sinnum, Opna breska þrisvar og fimm sinnum PGA, alls átján titla. Næstur á eftir Nicklaus kemur landi hans, Tiger Woods, sem hefur landað þrettán stórum titlum. Tiger er þó enn að og gæti hæglega náð Nicklaus. Gary Player frá Suður-Afríku er sá kylfingur utan Bandaríkjanna sem hefur unnið flesta titla, níu talsins, á árunum 1959 til 1978.

Jack Nicklaus frá Bandaríkjunum er sigursælasti kylfingur heims.



# Tiger líklegur á US Open

Opna bandaríska meistaramótið í golfi hefst á Torrey Pines-golfvellinum í San Diego í Kaliforníu á fimmtudaginn í næstu viku. Tiger Woods er brattur þótt hann sé nýkominn úr uppskurði.

Argentínumaðurinn Angel Cabrera á titil að verja en hann sigraði með glæsibrag á hinum ótrúlega erfiða Oakmont-velli í Pennsylvaníu á síðasta ári. Það dugði honum að leika á fimm höggum yfir pari til að hreppa sigurlaunin.

Tiger Woods, sem fór í uppskurð á hné eftir að hafa lent í öðru sæti á Masters-mótinu í apríl, ætlar að mæta til leiks í Kaliforníu. Þrátt fyrir meiðslin og þótt hann hafi „aðeins“ sigrað tvisvar á Opna bandaríska mótinu á sínum ferli, þykir Tiger mjög sigurstranglegur í ár. Spekingar eru sammála um að erfitt verði að hemja tígurinn, þar sem völlurinn þykir henta leikstíl hans vel (hvaða völlur gerir það ekki?). Tiger sigraði nefnilega á Buick International-mótinu sem haldið var á Torrey Pines í janúar.


Tiger var nýlega spurður hvort hann hefði ekki áhyggjur af meiðslunum og leikforminu.

„Vonandi verð ég búinn að ná mér hundrad prósent,“ svaraði hann. „Ef ekki þá er það ekkert stórmál. Ég hef sigrað á mótum þrátt fyrir að vera aðeins haltur.“



Tiger Woods sigraði á Buick-mótinu sem fór einmitt fram á Torrey Pines-vellinum í byrjun ársins.

NORDICPHOTOS/AFP



Eins og áður sagði fer mótið nú í fyrsta skiptið fram á Torrey Pines-golfvellinum. Athygli vekur að völlurinn er ekki einkavöllur heldur í eigu San Diego-borgar. Þrátt fyrir það þykir hann meðal bestu valla Bandaríkjanna. Hann er hæðóttur og stendur við Kyrrahafið þar sem ansi vindasamt getur orðið. Það segir kannski ýmislegt um völlinn að áhugamönnum sem hyggjast leika þar er ráðlagt að:

**A)** Taka með sér uppáhalds dræverinn, þennan sem þeir slá langt og beint með.

**B)** Æfa vel með millijárnunum því þeir komi til með að nota þau langmest á par 4 og par 3 holunum.

**C)** Taka auka-púttæfingar, því líklegt sé að þeir þurfi að púttu niður þrjá palla og í gegnum fjórfalt brot.

**D)** Taka með sér sína eigin ofur-léttu títaniumhrifu svo þeir verði ekki alltof þreyttir í höndunum eftir allar strandferðirnar.

-th

### MÓTIÐ HEFUR SEX SINNUM FALLIÐ NIÐUR

Opna bandaríska meistaramótið í golfi á sér langa sögu. Það var fyrst haldið árið 1895 í Newport á Rhode Island.

Í 113 ára sögu mótsins hefur það sex sinnum fallið niður. Árin 1917 og 1918 féll það niður vegna fyrri heimsstyrjaldarinnar og frá 1942 til 1945 vegna síðari heimsstyrjaldarinnar.

Horace Rawlins, 21 árs Englendingur, sigraði á fyrsta mótinu og fékk 150 dollara í verðlaun.

Bretar einukuðu mótið fyrstu sextán árin en eftir það hafa bandarískir kylfingar verið nánast einráðir og sigrað alls 78 sinnum. Bandaríkjamenn hafa hins vegar ekki unnið síðan 2003 þegar Jim Furyk vann á Olympia Fields í Illinois. Eftir það hafa Retief Goosen (Suður-Afríku), Michael Campbell (Nýja-Sjálandi), Geoff Ogilvy (Ástralíu) og loks Angel Cabrera (Argentínu) farið með sigur af hólmi.

# Pönkari í hnésíðum ullarbuxum

Kormákur Geirharðsson vekur jafnan mikla athygli á golfvöllum landsins enda fáir kylfingar sem klæða sig jafn skemmtilega og hann.

„Ég hef spilað golf í 35 ár. Kannski með tíu ára hléi þegar ég var í pönkinu. Það þótti víst ekki fara saman,“ segir Kormákur kylfingur. „Ég skrapp samt alltaf einu sinni til tvisvar á ári á völlinn til að halda mér við.“

Kormákur er afar liðtækur kylfingur. Með 8,9 í forgjöf eftir að forgjöfinni var breytt. „Nú er ég kannski nærri eðlilegri forgjöf,“ segir hann.

Kormákur vekur gjarnan athygli þegar hann spásserar um vellina grænu enda klæddur eins og breskur hefðarmaður, í hnésíðum ullarbuxum og gamaldags sportsokkum. „Það er alltaf gott að spila í slíkum fötum. Ég geri það yfirleitt nema það sé of heitt, sem er nú sjaldnast, enda eru fötin úr þjúra ull,“ segir Kormákur, sem hafði lengi dreymt um að leika golf í gamaldags fatnaði. „Mig hafði lengi langað í slík föt en þau voru ekki seld hér á landi. Það var ekki fyrr ég komst í samband við birgja erlendis í kringum Herra-fataverslun Kormáks og Skjaldar, að ég fór að kaupa svona föt,“ útskýrir hann en föt af þessu tagi fást nú einmitt í þeirri verslun.

Hann segir fólk iðulega taka því vel þegar hann mætir í fötunum. „Ég hef bæði fengið hrós héraðs erlendis. Jafnvel í golfvögunni Bretlandi.“

Kormákur bendir á að æ fleiri kylfingar kaupi sér gamaldags golffatnað. „Það eru alltaf fleiri og fleiri sem kaupa sér svona föt. Ég hef til dæmis tekið eftir því með íslensku atvinnumennina sem spila fótbolta á Englandi. Þegar þeir koma hingað til lands að spila golf eru þeir yfirleitt í svona fötum.“

Kormákur segir hins vegar að flestir íslenskir kylfingar klæðist hefðbundnum golf-eða hlífðarfatnaði. „Það er nauðsynlegt að klæðast hlífðarfatnaði eins og veðráttan er hér á landi.“

Flestir Íslendingar spila líka í svoleiðis fötum. Það hefur þó breyst töluvert síðustu ár þar sem það eru svo margir sem fara í golfferðir til útlanda. Þá kaupa þeir sér föt á golfvöllum og þeir eru alltaf að verða smartari.“

Þótt Kormákur spili yfirleitt í hnésíðum ullarbuxum lætur hann ullarjakkann eiga sig. „Það er eitthvað minna til í þeirri deild og þeir eru líka svo þykkir. Ég hef samt prófað að spila í jakka sem var gerður fyrir fasanaveiðar, með svona aukarými á öxlunum. Það svínvirkaði.“

-kh



Kormákur lék fyrsta golfringinn í sumar á þriðjudaginn var. Í apríl fór hann hins vegar í golfferð til Írlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Full búð af hjólum



## SCOTT ASPECT 26"

Vandað og flott fjallahjól,  
Ál stelli, dempari og Shimano girar.

**Kr. 46.500**



## GIANT MTX fjallahjól

Vandað fjallahjól með álstelli,  
dempara og Shimano girum.

**20" 6-8 ára 23.900**  
**24" 8-11 ára 27.900**



## GIANT Boulder fjallahjól

Vandað 24 gíra fjallahjól, ál stelli  
og stillanlegur dempari.  
Til í dömu og herra stelli.

**Kr. 41.700**



## BRONCO Windsor 26"

26" 3 gíra dömu hjól  
með fótbremsu

**kr. 32.900**



## Scott Voltage fjallahjól

Super stíft álstelli með fram-  
dempara fyrir hressa stráka.

**21 gíra Shimano**



## GIANT ROCK fjallahjól

Vandað fjallahjól með álstelli,  
fram dempara og Shimano girum.  
Dömu og herra stelli í XS - XL.

**Kr. 32.900**



www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

Upplýsingar um raðgreiðslur veittar í versluninni.

Hjólín eru afhent tilbúin til notkunar, samsett og stillt á fullkomnu reiðhjólaverkstæði. Aðeins vönduð hjól með ábyrgð, öll barnahjól með CE viðurkenningu. Frí upphersla fylgir innan tveggja mánaða.

# GOLF FJÓRUR á góðu verði



## Pro Quip Silk Touch

Besti gallinn skv.

Today's Golfer.

Jakki aðeins **kr. 12.560**

Buxur aðeins **kr. 8.960**



## LYNX Black Cat Tour járn

Frábært járnasett á viðráðanlegu  
verði. Dynamic Gold sköft regular  
eða stíf. Á Golf Monthly HOTLIST  
Today's Golfer "Best Budget  
better-player irons"  
Verð aðeins **kr. 59.900**



## Rafmagnsgolfkerra

Powerhouse Freedom

28 AH geymir **kr. 39.900**

Fjarstýrð **kr. 49.900**



## Golfsett í poka

Heilt sett frá **kr. 24.900**

Hálft sett í poka

frá **kr. 14.820**



## Glicgear kerra

Priggja hjóla

verðlaunakerra

Aðeins **kr. 23.500**

## Barna- og

unglingagolfsett

í poka verð frá **kr. 9.900**

Púttar, kylfa og kúlur **kr. 4.500**

Opnunartími  
mánudaga –  
föstudaga  
11 til 18

Golfboltar -15%  
í heilum kössum

Golfboltar 10 stk, kr. 900

Golfpokar frá kr. 3.400

Golfskór 30 – 60% afsláttur



## HIPPO

HIPPO HEX driver. Verðlauna  
driverinn. Carbon – titanal  
haus, með nýja laginu. Gefur beinni og  
lengri högg.

Verð aðeins **kr. 16.915**

# Golf Outlet

Ármúla 40 • 2. hæð • Sími 553 9800



Allt er lagt undir á Augusta National. Hver vildi ekki spila á svona velli sem er fyrirmynd „þess litla“.

NORDICPHOTOS/AFP

## Frægasti par 3 í heimi

Skammt frá Augusta-veginum í Bandaríkjunum er par 3 völlum sem margir af færustu kylfingum heims telja vera þann besta.

Þeir eru margir kylfingarnir sem sitja límdir við skjáinn á meðan hið fræga Mastersmót er haldið á Augusta-veginum í Bandaríkjunum. Færri vita þó að frægasti par 3 holi völlum heims er á þessu svæði og er eftirlíking af nýu frægustu holu Augusta-vallarins sem Bobby Jones hannaði eftir að hann hætti að spila. „Þetta er besti golfvöllur í heimi,“ er haft eftir Paul Azinger, fyrirliða Ryder-liðs Bandaríkjanna um skeið, um par 3 holi völlum.

Par 3 holi völluminn var gerður fyrir fimmtíu árum. Frá árinu 1960 hefur verið haldin keppni á honum sem fer fram deginum áður en Masters-mótið hefst. Hún leysti af hólmi drive-keppni og golfskóla þar sem keppendur léku listir sínar og miðluðu upplýsingum til áhorfenda. Síðan hafa keppendur farið 63 sinnum holi í höggi á par 3 holi völlum og árið 2002 var sett met þegar fimm keppendur fóru holi í höggi. Gary Player hefur þrívégis farið holi í höggi á



Börnin fá að fylgja feðrum sínum á par 3-mótinu og þau sjá um að þúttu. MYND/AFP

þessum velli en hann hefur aldrei sigrað á par 3 holi mótinu. Bein sjónvarpsútsending frá keppinni var í fyrsta sinn í fyrri og um 30.000 áhorfendur greiddu aðgangseyri til þess að fylgjast með henni.

Kylfingarnir Art Wall og Gay Brewer deila vallarmetinu sem er tuttugu högg en árið 1987 var völluminn breytt af Tom Fazio en hann breytti 8. og 9. braut vallarins. Frá árinu 1960 hefur það aldrei gerst að sigurvegurinn á par 3 holi mótinu klæðist græna jakkanum í mótslok á Mastersmótinu.

-sh

### VISSIR ÞÚ?

Amen-hornið. Annað höggið á elleftu holi, öll tólfta holi og upphafshöggið á þeirri þrettándu kallast „amen-hornið.“ Nafnið kom fyrst fram í grein eftir skáldið Herbert Warren Wind í Sports Illustrated árið 1958. Í leit að nafni eftir mikil átök á þessum stað á völlum notaði hann nafn á djasslagi eftir hljómsveit sem Milton Mezzrow stjórnaði. Lagið hét „Shouting at Amen Corner“.

Tjörnin hans Ikes í heimsókn á völluminn gekk Dwight D. Eisenhower, forseti Bandaríkjanna, um skóg á völluminn. Hann stakk upp á því að fiskitjörn yrði búin til á völluminn. Tjörnin var gerð með stíflu á þeim stað sem hann mælti með að hún yrði.

Í Augusta National-golfklúbbum eru 300 félagar sem eru sérvaldir eins og stofnandinn Bobby Jones sagði til um. Gjald-ið er sagt vera lágt vegna hinna miklu tekna sem völluminn fær vegna sjónvarpsútsendinga ár hvert.

Fyrsti þeldökki maðurinn fékk inngöngu árið 1990.

Engin kona hefur nokkru sinni verið félagi í klúbbum.

# Prófaðu

og þú veist hvað þú vilt...

**Golfbílar Rafmagnsbílar og bensínbílar**

4ra ára ábyrgð á rafgeymum



Vönduð Curtis hús á golfbíla

Vetrarsól ehf. - Askalind 4 - Kópavogi - s. 564 1864  
Sölu- og umboðsaðili Club Car og Curtis húsa á Íslandi

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



Spánverjinn Sergio Garcia fékk 130 milljónir króna í vasann fyrir sigurinn á Players-mótinu í síðasta mánuði.

NORDICPHOTOS/AFP

## Mesta verðlaunaféð í boði á Players-mótinu

Mesta virðingin fylgir sigri á einu af stórmótunum en hægt er að þéna meira á öðrum mótum.

Hápunktur golfvertíðarinnar á hverju ári er þegar bestu kylfingar heims keppa á móti hver öðrum á stórmótunum fjórum.

Veislan byrjar í apríl þegar Masters-mótið er haldið á Augusta National-veginum í Georgíu í Bandaríkjunum. Í júní er keppt á Opna bandaríska mótinu, sem að þessu sinni fer fram á Torrey Pines-veginum í San Diego. Mánuði síðar keppa síðan snillingarnir á Opna breska meistaramótinu, sem í

ár er haldið á Royal Birkdale-veginum á Englandi. Síðasta stórmótið, PGA Championship, er svo haldið í ágúst. Það verður nú haldið á Oakland Hills-veginum í Michigan.

Fremstu kylfingar veraldar leggja allt í sölnurnar til að sigra á þessum mótum. Þó svo þeir fái dagóðan skilding fyrir sigur er það líklega virðingin sem fylgir hverjum þessara titla sem dregur menn áfram. Hægt er að þéna meira eða jafn mikið á mörgum öðrum mótum eins og sjá má á meðfylgjandi töflu. Mesta verðlaunaféð sem í boði er á þessu ári er á Players-meistaramótinu, sem haldið var í síðasta mánuði. Þar var heildarvinningsupphæðin um 730 milljónir króna.

-th

### MÓTIN SEM BORGAST MEST Í ÁR

Mót	Staður	Milljónir króna
Players	TPCSawgrass (Flórída)	730
British Open	Royal Birkdale (England)	660*
WGC Holukeppnin	Dove Mountain (Arizona)	615
WGC	Doral (Flórída)	615
WGC	Firestone (Ohio)	615
Masters	Augusta (Georgia)	540*
US Open	Torrey Pines (Kalifornía)	540*
PGA Ch.	Oakland Hills (Michigan)	540*
Barclays	Ridgewood (New Jersey)	540
Deutsche Bank	TPC Boston (Massachusetts)	540
BMW	Bellerive (Missouri)	540
The Tour Ch.	East Lake (Georgia)	540

\* EITT AF STÓRMÓTUNUM FJÓRUM



# ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

**NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALÐAN HÁTT**

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkflugvöll

*Alltaf laus sæti*

[www.flybus.is](http://www.flybus.is)



EXPO

**NÓG PLÁSS FYRIR ÞIG OG GOLFSETTIÐ**  
Sjá áætlun Flugrúttunnar á [www.flybus.is](http://www.flybus.is)

## flugrútan

BSÍ / 101 Reykjavík / Sími 562-1011 / [main@re.is](mailto:main@re.is) / [www.flybus.is](http://www.flybus.is)

## GOLFGRÍN



● **WC** Á sínum tíma skilgreindi Winston Churchill golf sem „gagnslausa tilraun til að koma stjórnlausum bolta niður í óaðgengilega holu, með áhöldum sem eru illa fallin til síns brúks“.

● **HOLA Í HÖGGI** Einstakt snilldarverk sem á ekkert skylt við heppni.

● **PAR** Stærðfræðileg fullkomnun. Algangast er að hún sé staðfest með svörtum blýanti og enn svartari samvisku.

● **SPEKI GOLFEKKJUNNAR** Besta aðferðin til að fá eiginmanninn til að róta í blómabeðinu er að kalla það glompu.

● **EDLILEG VIÐBRÖÐ**

Kylfingurinn: „Læknir, litli guttinn koms-t í golfpokann og gleypti öll tí-in mín!“

Læknirinn: „Ég kem eins fljótt og ég get. Hvað ætlar þú að gera þangað til?“

Kylfingurinn: „Ég æfi bara þúttin á meðan!“



# Íslandsmótið aftur í Eyjum

Íslandsmótið í högggleik er haldið í fjórða sinn í Vestmannaeyjum á 70 ára afmæli golfklúbbsins.

„Við breytum vellinum ekki neitt í þetta skiptið þar sem breytingar voru gerðar á vellinum fyrir landsmótið 2003. Þá voru brautirnar lengdar og við höfum haldið því fyrirkomulagi á vellinum,“ segir Örlygur Helgi Grímsson, vallasstjóri Golfklúbbs Vestmannaeyja.

Íslandsmótið í högggleik verður haldið á Vestmannaeyjavelli í fjórða sinn. Mótið er haldið í Vestmannaeyjum að þessu sinni í tilefni þess að GV heldur upp á 70 ára afmæli sitt um þessar mundir.

Örlygur segir það óþarfa að leggja út í sérstakar framkvæmdir við völinn nú þrátt fyrir að Íslandsmótið sé haldið í Eyjum. „Við njótum staðsetningarinnar og völlurinn hjá okkur er mun fyrr kominn í sumarfötin en flest allir aðrir vellar á landinu. Við notum þó meiri áburð til að fá þéttara röff en vanalegt er, en að flestu leyti er þetta hefðbundinn undirbúningur undir golfsumarið. Við erum þó einnig að leggja stíga úr gervigrasi og hlynnu að einstaka teigum sem fóru illa úr saltbruna í vetur.“ Um tíu starfsmenn vinna við Vestmannaeyjavöll á hverju sumri. „Við erum lítill klúbbur og verðum að sníða okkur stakk eftir vexti.“

Íslandsmótið er nú haldið í fjórða sinn á Vestmannaeyjavelli eins og fyrr sagði. „Við fengum mótið núna af því við erum að halda upp á sjötíu ára afmæli klúbbsins. Við ætlum af því tilefni að endurvekja



Gömlu holurnar í Herjólfssdal eru þær elstu á landinu sem enn eru í leik.

MYND/ELSA VALGEIRSDÓTTIR

gamla völinn í inndalnum og verðum með mót 21. júní þar sem við spilum upprunalegu sex holurnar. Þrjár þeirra hafa lítið sem ekkert breyst og eru hluti af vellinum og gaman frá því að segja að þessar þrjár holur í Herjólfssdalnum eru þær elstu sem eru í leik. Það eru 6., 7. og 8. holan sem eru frá 1938.“

Örlygur segir að völlurinn hafi komið vel undan vetri og sé glæsilegur þó stutt sé liðið á sumarið. „Það eru helst flatirnar og teigarnir við sjóinn sem við eigum í vandræðum með, en þetta er allt að koma.“

-shá

## Stofnun Golfklúbbs Vestmannaeyja

Magnús Magnússon, skipstjóri frá Boston í Bandaríkjunum, var á ferð í Eyjum sumarið 1937 og kenndi nokkrum mönnum undirstöðuatriðin í golfþróttinni. Nokkrir af þeim sem meðtöku golfsóttina ákváðu að boða til fundar Golfklúbbs Vestmannaeyja. Fundurinn var haldinn hinn 4. desember 1938 og voru 20 mættir.

## BETRA BAÐ MEIRA ÚRVAL LÆGRA VERÐ

nettoline

**VAXTALAUS**  
Euro eða Visa lán  
til allt að 12 mánaða  
án útborgunar

15% afsláttur  
sé greitt við  
pöntun



PISA HÖLDULAUST  
Nýjasta hátíska!

hvítt matt  
hvítt háglans  
svart háglans



Heilsteipt vaskborð í úrvali:

Breiddir: 60, 80, 90, 120, 140, 160, 180 cm.  
Litir: Hvít, svört, offwhite, ljósgrá, sandgrá

Ótæmandi möguleikar  
á uppröðun eininga:

Komdu með málsetta  
grunnmynd af baðinu.  
Við hönnum, teiknum og  
gerum þér hagstætt tilboð.



www.nettoline.dk

ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR

**Friiform**

Mán.-föst. kl. 10-18 - Laugard. 11-16

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT



15% afsláttur  
sé greitt við  
pöntun

nettoline  
ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR  
**VAXTALAUS**  
Euro eða Visa lán  
til allt að 12 mánaða  
án útborgunar

www.nettoline.dk

## Rennihurðafataskápar

Afgreiddir eftir máli - sniðnir að þínum óskum

Hurðirnar eru afgreiddar eftir máli, hæð allt að 275 cm og breidd 40-150 cm. Í boði eru 3 rammalitir (hvítur, silfur, messing) og 39 panilgerðir (plastlagðar, spónlagðar, málaðar, speglar o.fl.). Að innan er val um 6 litir (plast - eða spónlagt) og boðið er upp á mikið úrval af hillum, skúffum, kórffum o.fl.

Fullkomin þjónusta!

Komdu með málin - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð. Við önnumst líka uppsetningu fyrir þá sem þess óska.



Það er hugsað fyrir öllu, svo allt sé í röð og reglu!

nettoline  
ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR

NÝTT Í FRÍFORM  
SKRIFSTOFUINNRETTINGAR



SKRIFSTOFAN

Nú bjóðum við rennihurðaskápa og fleira fyrir skrifstofuna, alveg eftir máli!

**Friiform**

Mán.-föst. kl. 10-18 - Laugard. 11-16

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

ÞÝSKALAND | VERÐ FRÁ 15.200 KR.  
Á MANN\*



ISLENSKA SÍÐIS ICE 42529 06008

Í sumar bjóðum við flug og bíl á þrjá áfangastaði í Þýskalandi, Berlin, München og Frankfurt. Njóttu dásemda þýskra heimsborga og sumarfergurðar landsins. Í Þýskalandi er eitthvert besta þjóðvegakerfi heims og leiðin er greið þangað sem þig lystir. Bókaðu bílinn í bókunarvél Hertz á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

+ Nánari upplýsingar á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

Safnaðu  
Vildarpunktur

VISA  
Punkturinn upp í

MasterCard  
Ferðaávisun gildir



WWW.ICELANDAIR.IS

\* Flug aðra leiðina með sköttum.

# NÝ GESTAHÚS OG GARÐHÚS

*Volundarhús.is* hafa til sölu glæsileg ný gesta- og garðhús sem eru enn sterkbyggðari en áður. Nýju húsin eru bjálkahús frá 34mm að þykkt og koma með tvöfaldri vatnslæingu. Fyrsta sending er uppseld, önnur sending er að seljast upp, erum enn að taka niður pantanir.



45 mm bjálki

GESTAHÚS 21m<sup>2</sup>

Einbýlishús

Sumarhús

Parhús

Raðhús

Garðhúsi



44 mm bjálki


GESTAHÚS 15m<sup>2</sup>

[www.volundarhus.is](http://www.volundarhus.is)



28 mm bjálki

BARNAHÚS 2,1m<sup>2</sup>



34 mm bjálki

GARÐHÚS 4,7-9,7m<sup>2</sup>

080075 Hinnar löðign

Staðgreiðsla  
Lán

VISA Lán  
-NAÐGRIÐLA AFVIRÐING

  
**volundarhús.is**  
Vel valið fyrir húsið þitt

# NÚ ER TÆKIFAERI TIL AÐ KAUPA ÞAÐ SEM ÞIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í



## LJÓASALA – ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

HÖFUM OPNAÐ RISA LAGERÚTSÖLU  
Í SKIPHOLTI 33 (VIÐ HLIÐINA Á VINABÆ)

OPIÐ VIRKA FRÁ 12 - 18, LAUGARDAGA FRÁ 10 - 16

Lumex  
Skiopholti 37  
Sími 568 8388  
[www.lumex.is](http://www.lumex.is)



## Út með sektarkenndina

Kristín Kristjánsdóttir hómópati segir að fólk sé að ná jafnvægi í dag eftir sveiflur í mataræðinu og í matarvenjum. „Fólk er að taka það besta úr öllu og reyna að byggja upp jafnvægi fyrir sinn eigin líkama. Í mínu starfi finnst mér ég vera að kenna fólki að læra að þekkja sjálf sig og líkama sinn, hvað það þolir og hvað ekki,“ segir Kristín. Hún segir að kröfurnar séu mjög miklar og þar sem fólk sé mikið á hlaupum, þá njóti það ekki matarins. „Fólk gleypir matinn í sig, alveg sama hvort það er að borða grænmeti eða steik með rjómasósu.“ Hún segir að þessu fylgi oftast ekki sektarkennd. „Mér finnst hafa orðið mikil heilsuvakning á síðustu árum. Ég nota Scio-vélina til að finna út hvað hentar best hverjum og einum. Ég banna fólki aldrei að borða neitt en ég vek athygli á því þegar ákveðnar fæðutegundir henta fólki ekki.“ Þegar hún er spurð út í kúnnahópinn sinn og hvað hann er að berjast við nefnir hún þreytu. „Fólk er ofboðslega þreytt og margir fá ekki neina næringu. Maturinn er orðinn svo mikið unninn og fólk borðar allt of mikið af hveiti, sykri og geri. Þarmaflóran er stífluð og næringarinntakan nánast engin. Fólk er svo fast í viðjum vanans og nennir ekki að breyta til. Á sama tíma vill fólk meiri orku og vill líða betur í líkamanum. Mér finnst fólk ekki bara vilja greinast, heldur einfaldlega að líða betur.“

Hverju á fólk að sleppa til að verða hressari? „Unnum matvörum og þungum mat. Fólk borðar allt of lítið af lifandi mat. Mér finnst að fólk eigi að horfa á diskinn sinn áður en það lætur matinn upp í sig og virða hann fyrir sér. Fólk borðar samlokur á hlaupum, þetta er kannski í lagi stundum, en ekki á hverjum einasta degi.“ Kristín segir að það sé mikilvægt að taka afleiðingunum þegar það sleppi aðeins fram af sér beislinu. „Ég hef það til dæmis fyrir reglu að reyna að borða létt í hádeginu ef ég ætla að vera með heitan mat um kvöldið. Það er alger óþarfi að vera með tvær heitar máltíðir á dag.“ Hún vill ekki að fólk taki nein heljarstökk heldur sorteri óhollustu út úr mataræðinu smátt og smátt og bæti hollum mat inn í staðinn, annars gefst fólk bara upp. „Sykur getur verið mjög mikill stressvaldur í líkama fólks og fólk vinnur mismunandi úr sykrinum, það er svo einstaklingsbundið,“ segir hún. Sumir verði hressir af einu rauðvinsglasi á meðan aðrir verði syfjaðir. Mér finnst vera vitundarvakning í gangi. Fólk horfir öðruvísi á hluti eins og megrun og er að átta sig á því að næring og samsetning fæðunnar skiptir meira máli.“

Litlu hlutirnir skipta máli  
Inga Kristjánsdóttir, næringarþerapisti D.E.T. og einkaþjálfari, segir að það séu alltaf einhverjar tiskubylgjur í gangi og detoxið sé búið að vera sérlega vinsælt. „Mér finnst detox vera hlutur sem þarf að fara varlega í. Það þarf helst að gera það undir eftirliti þess sem vit hefur á. Ég verð þó að viðurkenna að það er mun betra að detoxa á sumrin en á veturna, en að það ætti enginn að detoxa óundir-

búinn eða án hjálpar,“ segir Inga.

Finnst þér fólk vera komið á það stig að vilja lifa í jafnvægi? „Það er vakning í þjóðfélaginu og við erum að verða meðvitaðri og þetta er að þróast í skemmtilega átt. Allt sem leiðir til líkamlegs og andlegs jafnvægis er leiðin.“ Þegar Inga er spurð um öfga í matarvenjum segist hún helst ekki vilja sjá þá. Hún viðurkennir þó að stundum þurfi að setja fólk á stíft mataræði í ákveðinn tíma til að fólk náti bata. „Ég reyni að ganga aldrei lengra en fólk er tilbúið til,“ segir hún og bendir á að litlu hlutirnir geti skipt sköpum og þá á hún við að breyta hvítum sykri í hrásykur eða agave, hveiti í heilhvæiti og þar

fram eftir götunum. „Það getur líka virkað vel á fólk að taka góð bætiefni fyrir meltinguna. Byrja á litlum breytingum sem eru ekki orkukrefjandi en geta gert ótrúlegustu hluti fyrir fólk. Það er svo lítið mál að nálgast hollari vöru í dag en það var mun flóknara fyrir tíu árum.“

Í dag er alltaf verið að tala um að fólk sé að fitna. Hver heldur þú að sé aðalástæðan fyrir því?

Óskar eftir dyravörðum og barþjónum í aukavinnu. Áhugasamir hafi samband í síma 697 8333 & 848 4924 e. kl. 12.

**Lagerstarf**

Hýsing-vörubúð, Skútuvogi 9, leitar að rösku og áreiðanlegu fólki til starfa við vörumerkingar og meðhöndlun á sér-vöru. Vinnutími 8-16.30. Í boði er bæði sumar- og framtiðarstarf. Nánari upplýsingar og umsóknarblöð á staðnum.

Vertakafyrirtæki óskar eftir að ráða vana smiði, verða að geta unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 697 3592.

Bilstjóra með rútopróf vantar í skála og tjaldförðir, stakir túrar koma til greina. Upplýsingar í gsm. 894 0026 fjallatrúkk-ar@fjallatrúkkar.is

**Sveitasæla!**

Viltu komast út fyrir borgina? Einstæður faðir með 2 börn óskar eftir heimilis-hjálpi í sveit. Starfið felur í sér barna-pössun og létt heimilisverk. Uppl. í s. 865 5613.

Óskum eftir íslenskumælandi smiðum í gífsvinnu, kerfisloft og uppsteypu. Mjög mikil vinna framundan. Uppl. í s. 893 0174 & 864 7414.

Óska eftir vönum bifvélavirkja eða manni vönum víðgerðum sem fyrst. S. 557 1010.

**Framtíðarstarf**

Okkur vantar vana menn til stafa við smiði & uppsetningu á álguggum. Mjög góð vinnuástaða, góða laun fyrir góða menn. Uppl. sendast á algluggar@algluggar.is

Gefðu þér gjöf. Fjárfestu 10 tímum í viku og hafðu +5 m á ári eftir 2 ár. Ir-ear@internet.is

**Smiður óskast**

Fjölbætt vinna úti og inni. Þarf að vinna sjálfstætt. Uppl. í s. 894 2523.

Óska eftir bilstjóra á sendibíl, góðir tekjumöguleikar í boði. Uppl. í s. 662 0155.

**Atvinna óskast**

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413 Marteinn. Rvk og kefl.

**TILKYNNINGAR****Tapað - Fundið**

Snögghærð hvít tik með gulan haus tapaðist í Heiðmörk. S. 897 5005.

**Tilkynningar**

**BAR POLONIA**  
ZAPRASZA WSZYSTKICH NA  
DYSKOTEKE, W PIATEK W  
SOBOTE, NA ZABAWE (muzyka  
dla wszystkich) W NIEDZIE,  
ZAPRASZAMY NA MECZ PIKI  
NOZNEJ NIEMCY -  
POLSKA O GODZ. 18.45.

**Einkamál****SÍMAPJÓNUSTUR**

**Stefnumót**  
905-2000 (símatorg)  
535-9920 (kreditkort)  
535-9923 (fritt, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)  
**Spjall**  
904-5434 (símatorg, karlar)  
535-9940 (kreditkort, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)  
**Gay spjall**  
535-9988 (kreditkort)  
**Sögur**  
905-2002 (símatorg)  
535-9930 (kreditkort)  
**Spjaldómur**  
908-6000 (símatorg)  
535-9999 (kreditkort)

908 6666

Við viljum vera sumardisimar þínar í nótt. Ópið allan sólarhringinn.

**MÁLARAR ÓSKAST**

HS Málverk óskar eftir nokkrum vönum mönnum í málingarvinnu. Góð framtíðarstörf í boði hjá traustu fyrirtæki.



Upplýsingar í síma 660 0221 & 660 0222.

**STYRKIR****Sýslumaðurinn á Húsavík UPPBOÐ**

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Garðarsbraut 69, fnr. 215-2673, 640 Húsavík, þingl. eig. Friðrik Atli Sigfússon, gerðarbeiðendur Garðarsbraut 69, húsfélag og Norðurþing, föstudaginn 13. júní 2008 kl. 10:00.

Garðarsbraut 69, fnr. 215-2676, 640 Húsavík, þingl. eig. Friðrik Atli Sigfússon, gerðarbeiðendur Garðarsbraut 69, húsfélag og Norðurþing, föstudaginn 13. júní 2008 kl. 10:30.

Lautavegur 8, fnr. 227-1586, 641 Húsavík, þingl. eig. Verktakafélagið Steinholt ehf, gerðarbeiðendur Glitnir banki hf, Íbúðalánasjóður og Sýslumaðurinn á Húsavík, föstudaginn 13. júní 2008 kl. 14:00.

Lautavegur 8, fnr. 227-1587, 641 Húsavík, þingl. eig. Verktakafélagið Steinholt ehf, gerðarbeiðendur Glitnir banki hf, Íbúðalánasjóður og Sýslumaðurinn á Húsavík, föstudaginn 13. júní 2008 kl. 14:15.

Röndin 13, fnr. 222-7271, 670 Kópaskeri, þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðandi Norðurþing, miðvikudaginn 11. júní 2008 kl. 10:00.

Vesturvegur 7, fnr. 216-7953, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Sumarrós Kristín Jóhannsdóttir og Þorleifur Hannes Sigurbjörnsson, gerðarbeiðendur Leifur Arnason og Sparisjóður Rvíkur og nágr,útib, miðvikudaginn 11. júní 2008 kl. 13:30.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 5. júní 2008.

**Nauðungarsala til slita á sameign - Húsavík**

Framhald uppboðs vegna beiðni um nauðungarsölu til slita á sameign skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/1991, fer fram á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík fimmtudaginn 12. Júní 2008, kl. 15.00, hafi hún ekki verið felld niður.

Heiti eignar: Höfði, fastanr. 216-3058, Skútustaðahreppi

Gerðarþolar: Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Laufey Sigurðardóttir og Guðrún Theódóra Sigurðardóttir.

Gerðarbeiðendur: Laufey Sigurðardóttir og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 5. júní 2008.

**TILKYNNINGAR**

SJÁVARÚTVEGS- OG  
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Tollkvótar vegna innflutnings  
á blómum.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr. A, laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar nr. 1198/2007, er hér með auglýst eftir umsókn um tollkvóta vegna innflutnings á blómum, fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2008.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins:  
[www.stjr.is/slr](http://www.stjr.is/slr)

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00, miðvikudaginn 11. júní 2008.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu,  
4. Júní 2008.

**VANTAR ÞIG**

SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN  
EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?

Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu.  
Getur hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000


**TIL SÖLU****Náttúrulækningabúðin**

[www.ullogsilki.is](http://www.ullogsilki.is)

**100% silki**

Sokkar 2.290 kr.

Mikið úrval  
af silki og ull  
fyrir útivistina



Hlíðasmára 14 • 201 Kópavogur  
Ópið mán - fös 11-18 og lau 11 - 17  
Sendum frítt um land allt

**FUNDIR / MANNFAGNAÐIR****Hvað svo?**

fyrirlestur um heyrnar-  
skerðingu og lífsgæði.

Velkomin á fyrirlestur  
Lotte Römer sunnu-  
daginn 8. júní nk !!  
Staður og tími:  
Safnaðarheimili  
Langholtskirkju kl 17:00



Lotte er þekkt söngkona, rithöfundur og fyrirlesari í Danmörku. Hún byggir frásögnina á eigin reynslu, er lífandi og lítrikur fyrirlesari og hefur einstakt lag á því að segja skemmtilega frá.

Aðgangur ókeypis. Rittúlkun. Tónmöskei.  
Heyrnarhjálp, félag heyrnarkertra á Íslandi.

**FASTEIGNIR**

**EIGNAMIDLUN**  
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095  
[www.eignamidun.is](http://www.eignamidun.is) • [eignamidun@eignamidun.is](mailto:eignamidun@eignamidun.is)  
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Höfum verið beðin um að útvega 2ja, 3ja og 4 herb. íbúðir í Reykjavík. Traustar greiðslur í boði.

Nánari uppl. veitir Heiðar Bimir sölumaður á Eignamidun í síma 824-9092 eða [heidar@eignamidun.is](mailto:heidar@eignamidun.is)

**EIGNAMIDLUN**  
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095  
[www.eignamidun.is](http://www.eignamidun.is) • [eignamidun@eignamidun.is](mailto:eignamidun@eignamidun.is)  
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Höfum verið beðin um að útvega leigjendur að stór-  
glæsilegri efri sérhæð og risi með bílskúr á besta stað í miðbæ  
Hafnarfjarðar. Glæsilegt útsýni. Samtals er eignin 148,3 fm.

Nánari uppl. veitir Heiðar Bimir sölumaður á Eignamidun í síma 824-9092 eða [heidar@eignamidun.is](mailto:heidar@eignamidun.is)

**TILKYNNINGAR****Mat á umhverfisáhrifum - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

- Tengibrautin Urriðaholtsstræti, Garðabæ
- Akstursípróttasvæði á Glerárdal, Akureyri
- Jarðgerðarstöð, Þveráreyrum, Eyjafjarðarsveit
- Gerð varnargarða við Rifshöfn, Snæfellsbæ

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: [www.skiplag.is](http://www.skiplag.is).

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærefrestur til 7. júlí 2008.

Skiplagsstofnun

**VÍSIR.IS**  
"...ég sá það á vísi"



# Hvítabjarnardrápið

## UMRÆÐAN

Birgir Guðjónsson skrifar um móttökur Ísbjarna

Enn á ný hefur hvítabjörn verið drepinn á Íslandi og nú með sérstöku leyfi „umhverfisráðuneytis“ og blessun stofnana þess, sem virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því að hann er reglulegur gestur á Íslandi, er í útrýmingarhættu og alfríðaður skv. alþjóðasamningum. Samkvæmt fræðimönnum hafa 600-700 dýr gengið á land frá landnáms-tíma, þar af um nú verið hér frá 1960 samkvæmt mínum upplýsingum. Dýrin hætta varla að koma. Hann er hvergi skotinn fyrirvara-



BIRGIR  
GUÐJÓNSSON

laust þótt hann virði fyrir sér skrautbúna tvífatlinga.

Hvítabjörnninn er af mannfólkinu vissulega flokkaður sem rándýr og þykir selur góður á bragðið. Litlar sögur fara af áti hans á Grænlandi, Norðmönnum eða Kanadamönnum sem þó búa oft í návist hans. Varla má búast

við að hann éti mikið af landsmönnum bjóðist honum bragðbetri fæða.

Fyrsta grein mín birtist 1974 eftir dráp bjarnar á Hornströndum og benti ég á þekkt önnur úrræði og aflaði mikilla upplýsinga hvernig mætti fanga slík dýr og hvatti til

þess að það yrði sportið fremur en drápið. Samkvæmt upplýsingum á þeim tíma höfðu þrjú dýr verið felld áratuginn á undan. Viðbrögð við grein minni urðu engin. Hvorki frá ráðuneyti, dýralæknum, náttúruverndarsamtökum, fréttamiðlum né sportmönnum.

Aftur skrifaði ég 1988 eftir dráp bjarnar og vitnaði þá til annars dráps í millitíðinni. Boðskapur minn var svipaður og „viðbragðsleysi“ yfirvalda eins. Árið 1993 skrifaði ég aftur eftir að dýr var drepit á mjög frumlegan hátt sem vakti alþjóðaathygli. „Aftaka“ þess olli nokkrum viðbrögðum en varð þó til þess að ráðherra bannaði að dýr væru drepin með hengingu eins og Hussein.

Nú hefur enn eitt dýrið verið

drepit og nú fyrst örlar á því að einhver viðbragðsáætlun ætti að vera til þess að reyna í fyrstu að fanga birni fremur en að tortíma þeim umsvifalaust. Í fyrri greinum mínum benti ég á hvernig mætti ráðstafa þeim.

Umhverfisvernd landsmanna er oft kostuleg. Rostungur sem heim-sækir Holland og er ekki í neinni útrýmingarhættu er með miklu auglýsingaflóði fluttur flugleiðis til Íslands og síðan með varðskipi til Grænlands, en alfríðuð dýr drepin.

Auðunn hinn vestfirski gat farið utan með bjarndýr án nútímataekni og gefið kóngi. Umhverfisráðuneyti lætur drepa alfríðuð dýr án viðleitni til bjargar. Ætti ekki að breyta nafni ráðuneytisins?

Höfundur er læknir.



# 8000 5555

Alla daga  
frá 10 til 22



## Opnar 7. júní kl. 14

Boðið verður upp á léttar veitingar í tilefni dagsins.

# Lóan er komin!

### Ljósafossstöð við Sog

Einstakt tækifæri til að sjá valin verk úr sýningu Steingríms Eyfjörð „Lóan er komin“ sem var framlag Íslendinga á Feneyjatvíæringnum 2007.

Sýningin er opin alla eftirmiðdaga í sumar.

Kynnið ykkur raforkuframléiðslu og sjáið einnig skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Búrfelli, Kröflustöð, Laxárstöð og Gestastofu Fljótsdalsstöðvar í Végarði.

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.

Végarður er opin frá kl. 9-17 alla daga vikunnar.

Heimsókn til Landsvirkjunar er ókeypis.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum eru á [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is) og í síma 515 9000.

  
**Landsvirkjun**

Handhafi Íslensku gæðaverðlaunanna 2007



Linde Gas } **AGA**

# Gallarnir yfirgnæfa kostina



Eftir Ragnar Arnalds

Spurningin um aðild Íslands að ESB er margþætt álitamál sem bæði hefur kosti og galla. En í hálföld hefur mikill meirihluti Alþingis talið gallana svo yfirgnæfandi að óhyggilegt væri að sækja um aðild.

Langflestir Íslendingar eru Evrópusinnar og vilja hafa gott samstarf við aðrar þjóðir álfunnar. Aðalkosturinn við aðild er sá að fulltrúar okkar fá sæti í stjórnarstofnunum ESB. Aðalágallinn felst hins vegar í þeirri samþjöppun og miðstýringu valds sem fylgir aðild. ESB er vísir að nýju stórríki sem sviptir aðildarríkin fullveldi og ákvörðunarrétti á fjölmörgum sviðum.

## Yrði Íslandi betur stjórnað?

Sumir líta á framsal valds til ESB sem góðan kost vegna þess að þá fengjum við hlutdeild í ákvörðunum ESB og réðum yfir 5 atkvæðum af um 730 á þingi ESB og 3 atkvæðum af 345 í Ráðherraráðinu þar sem endanlegar ákvarðanir eru teknar. Atkvæðisréttur okkar næmi tæpu einu prósentu af samanlögðu atkvæðamagni. Spurningin sem svara þarf er einmitt sú hvort hyggilegt sé fyrir mjög fámenn ríki að framselja réttinn

til töku ákvarðana á fjölmörgum sviðum í því skyni að fá í staðinn tæp 1% atkvæða á fjöldsamkomum í Brussel? Er víst að Íslandi yrði betur stjórnað af valdamönnum sem vegna fjarlægðar hafa litla þekkingu á sérþörfum okkar og staðbundnum vandamálum?

Við getum gagnrýnt íslenska stjórnmalamenn. Þeir hafa oft tekið rangar ákvarðanir og margt mætti vera á annan veg í landi okkar. En þrátt fyrir allt verðum við að játa, hvaða stjórnmalaskoðun sem við aðhyllumst, að Íslendingum hefur farnast býsna vel frá því að þeir unnu sér rétt til að stjórna sér sjálfir og hér hefur verið hraðari framþróun en víðast hvar í ríkjum ESB. Engar líkur eru á því að okkur hefði farnast betur sem aðildarríki ESB eða sem fylki í Þýskalandi eða Bretlandi.

## Réttindi sem yrði að framselja

Hvaða réttindi eru það þá einkum sem við yrðum að framselja við aðild? Nefna má ótal dæmi á sviði löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómvalds. Það skýrir jafnframt hvers vegna við þyrftum að breyta stjórnarskrá lýðveldisins ef framselja ætti fullveldisréttindi sem forfeður okkar endurheimtu frá Dönem í hundráð ára sjálfstæðisbaráttu. Ég nefni fjögur dæmi um þessi réttindi til skýringar:

1) Rétturinn til að ráða yfir sjávarauðlindum innan 200 mílna lögsögu á hafsvæði sem er sjö sinnum stærra en landið sjálft. Þetta skapar Íslendingum, sem háðari eru sjávarútvegi en önnur Evrópuríki, algera sérstöðu. Oft hafa áhugamenn um ESB-aðild reynt að fá forsvarsmenn ESB til að lýsa því yfir að við fengjum undanþágu frá

meginreglunni um úrslitavald ESB yfir sjávarauðlindum. En þeir hafa hafnað því. Ekki bætir úr skák að fiskveiðistjórn ESB þykir mjög misheppnuð.

2) Rétturinn til að gera sjálfstæða fríverslunarsamninga við ríki utan ESB. Þessi réttur hefur margoft komið sér vel fyrir okkur.

3) Rétturinn til að gera fiskveiðisamsninga við önnur ríki um flökkustofnana en verðmæti þess afla nemur um 30% af heildarverðmæti sjávarafurða.

4) Rétturinn til að stjórna efnahagsmálum á þann hátt að hér verði ekki gríðarlegt atvinnuleysi sem verið hefur landlægt í ESB um áraraðir.

## Þurfum okkar olnbogarymi

Fréttablaðið spyr hvort fljótlega þurfi að taka ákvörðun um aðildarumsókn. Svarið er að mikill meirihluti Alþingis telur það ekki samrýmast hagsmunum þjóðarinnar. Ég er sammála því mati og sé ekki að á því verði nein breyting í náinni framtíð. Þótt tímabundnir erfiðleikar gangi nú yfir er ekkert sem bendir til að ESB-aðild sé lausn á vanda okkar. Margt er hér í ólagi en ekkert af því jafnast á við óreiðuna í ESB þar sem pólitísk spilling er svo alvarlegt vandamál að í rúman áratug hafa endurskoðendur ekki treyst sér til að skrifa upp á reikninga ESB.

Engu síður þurfum við að hafa góð samskipti við ESB og fylgjast grannt með því sem þar er að gerast því að margt af því er lærdómsríkt. En Íslendingar eru fámennir og þurfa sitt olnbogarymi. Þeir gætu ekki gert meiri skyssu en þá að farna mikilvægum þáttum sjálfstæðis síns í hendur skriffinnsku-báksins í Brussel sem auk alls annars er þunglamalegt, fjarlæg og ólýðræðislegt.

Höfundur er fyrrverandi ráðherra og formaður Heimssýnar.

# Víst voru þeir sviknir

## UMRÆÐAN

Guðni Ágústsson skrifar um efnidir ríkisstjórnarinnar



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, sendi mér tóninn í laugardagsblaðinu. Hrannar vænir mig um að fara með ósannindi og lætur að því liggja að slíkt leggi ég í vana minn. Sem betur fer bý ég við þá gæfu að fáir væna mig um það sem stjórnmalamann að fara með ósannindi eða hafa rangt við. Samfylkingin vissi hins vegar fyrir síðustu kosningar að samningur er samningur og við hann á að standa.

Ég fór í minni eldhúsdagsræðu yfir þær fullyrðingar sem fulltrúar bæði aldraðra og öryrkja lögðu fyrir félagsmálanefnd Alþingis. Það sem enn fremur staðfestir brot ríkisstjórnarinnar á svonefndu Ásmundarsamkomulagi er það að Alþýðusamband Íslands hefur reiknað það svo að það vanti átta til tíu þúsund krónur í umslög aldradra og öryrkja um hver mánaðamót, eða um 3,6 milljarða á ári. Ég minnti þar Samfylkinguna á að ASÍ kann að reikna og hef engan heyrð vefengja það og alls ekki Samfylkinguna. Enda fór svo í utandagskrárumræðu á Alþingi, sem ég átti við forsætisráðherra, að þeir Helgi Hjörvar alþingismaður og Ellert Schram viðurkenndu að í þessu máli væri brotalöm.

Ég hvet þig, ágæti Hrannar, til þess að þú Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra eigið fund með ASÍ, þar sem kæmu Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, Halldór Sævar Guðbergsson, formaður ÖBÍ, Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ÖBÍ, Helgi Hjálmarsson, formaður LEB, og Margrét Marteinsdóttir, formaður FEB. Gott væri einnig að bjóða Ingi-björgu Sólrúnu og Össuri á fundinn. Ekkert af þessu fólki tilheyrir því miður Framsóknarflokki en þetta fólk myndi staðfesta allt það sem ég sagði um svikin á Ásmundarsamkomulaginu.

Ágæti Hrannar. Lokaorð greinar þinnar um afrek Samfylkingarinnar á fyrsta ári hennar í ríkisstjórn ber vott um hroka og eru í ætt við átta tíu prósent vitleysuna hennar Ingi-

bjargar Sólrúnar sem henti Geir H. Haarde að éta upp eftir henni.

Lægstu laun á vinnu-markaði hækkðu um 18 þúsund krónur í samningum í vetur en bæt看 almannatrygginga aðeins um 8-10 þúsund krónur í kjölfarið. Lífeyrisþegar telja þess vegna í dag að ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks hafi svikið sig um kjarabætur og á ný valið sér annað viðmið til að spara peninga.

Ég læt svo fylgja hér með hvert ríkisstjórnin getur sótt mörg önnur atriði sem koma öldruðum og öryrkjum til bóta. Þær niðurstöður sem við framsóknarmenn ásamt sjálfstæðismönnum staðfestum hinn 19. júlí 2006 í Ráðherra-bústaðnum í Reykjavík í lok starfs Ásmundarnefndarinnar voru eftirfarandi:

- Hækkun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga.
- Einföldun bótakerfisins með fækkun og sameiningu bótaflokka.
- Lækkun skerðingar bóta vegna tekna maka.
- Lækkun skerðingar bóta vegna annarra tekna bótaþega.
- Tekið verði upp frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Hækkun vasapeninga.
- Starfslok verði sveigjanleg þannig að lífeyrisgreiðslur hæki við frestun á töku lífeyris.
- Heimaþjónusta verði stóraukin og áhersla færð frá stofnanþjónustu.
- Fjármagn sem nú gengur til reksturs stofnana úr Framkvæmdasjóði aldraðra gangi til uppbyggingar öldrunarstofnana.
- Verulega aukin fjármagn til framkvæmda og reksturs til átaks vegna biðlista eftir hjúkrunarrými.
- Aukin áhersla verði lögð á fullnægjandi framboð þjónustu og öryggisbiðúða.

Ég bið svo Hrannar B. Arnarsson að spara stóru orðin og bera ekki á mig ósannindi. Ég skal glaður, ef félagsmálaráðherra kys svo, vera gestur á þessum morgunfundum þar sem þetta fólk sem ég hef nefnt hér mun bæði reikna út sinn skerta hlut og segja satt.

Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.

# Með djörfung og festu

## UMRÆÐAN

Jakob Hrafnsson skrifar um landsfund SUF



JAKOB HRAFNSSON

Samband ungra framsóknarmanna (SUF) heldur sitt 34. þing nú um helgina 7.-8. júní að hóteli Heklu á Suðurlandi. Fjöl-margir af öllu landinu hafa skráð sig á þingið og ég hvet unga framsóknarmenn sem ekki eru búnir að því að gera það hið fyrsta.

Fyrir þinginu liggja margar spennandi tillögur sem ég tel að eftir verði tekið á næstu misserum. Fyrir liggur metnaðarfullur málefnapakki sem mótast stefnu SUF til framtíðar. Hvernig leysum við húsnæðisvanda ungs fólks? Á að aðskilja ríki og kirkju? Eiga stjórnvöld að sækja strax um aðild að ESB? Eigum við að taka upp evru? Þessum spurningum og fleiri verður svarað á þinginu.

Stofnþing SUF var haldið árið 1938 og því er um 70 ára afmælisþing að ræða. Ungt framsóknarfólk skilgreinir sig á miðju íslenskra stjórnmalá í þjóðfélagi sem snýst um að tryggja fólki frelsi, velmegun, velferð, jöfnuð, öryggi, stöðugleika og réttlæti. Í stað þess að horfa til fortíðar er horft fram á veginn þar sem alltaf biða ný verkefni. Framsóknarflokkurinn hefur í gegnum tíðina verið tengdur samvinnufélögum. Það er athyglisvert að samvinnufélagaformið er á mikilli siglingu allt í kringum okkur bæði í Evrópu

og Bandaríkjunum. Ég spái að samvinnufélögum muni aftur fjölga á Íslandi í náinni framtíð, sérstaklega byggingarsamvinnufélögum. Þau tel ég geta verið raunhæf leið út á húsnæðismarkaðinn fyrir ungt fólk, sem í núverandi ástandi getur í raun hvorki keypt né leigt. Við

því þarf að bregðast. Á þessu þingi hætti ég sem formaður SUF eftir þriggja ára formennsku. Ég þakka öllum þeim fjölmörgu vinum og félögum sem ég hef kynnst fyrir frábærr samstarf. Nú eru tveir góðir frambjóðendur til formanns SUF. Óska ég þeim og nýrri stjórn alls hins besta.

Ég lýk grein minni með orðum Jónasar Jónssonar, fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, í ræðu sinni á stofnþingi SUF: „Ungir Framsóknarmenn! Notið þetta fyrsta flokksþing ykkar til að festa heit í málum lands og þjóðar. Vitið, að á ykkur hvílir mikil ábyrgð. Við ykkur eru tengdar miklar vonir. Gangið því fram með djörfung og festu í því mikla verki sem biður Íslendinga að gera þjóðina frjálsa, sterka og samheldna. Munið að hin fyrsta sókn hefur verið hafin og hennar sjást glögg merki um allt land. Ykkar sókn á að verða enn meiri. Verkefni ykkar og átök stærri. Gangið hugheilir til starfa. Þá mun gífta fylgja hverju ykkar fót máli um mörg ókomin ár.“

Höfundur er formaður SUF.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI - VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



**Miele**

Miele S381 Tango Plus 1800W mótur

## Meðal fánlegra fylgihluta:

- Hepafilter:** Hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- Kolafilter:** Hreinsar óæskilega lykt. Góður fyrir gældýraeigendur.
- Parketbursti:** Skilar parketinu glansandi.

## Miele ryksugur

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og úrval fylgihluta er innbyggjt í vélina.

TILBOÐ kr.: 18.900

EIRVÍK -háæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

www.eirvik.is

# LAGGER SALA!!

VIÐ RÝMUM VÖRUHÚS OKKAR AÐ HÉÐINGÖTU. GERÐU STÓRKOSTLEG KAUP FRÁ 6. TIL 14. JÚNÍ. ALLT FRÁ GJAFAVÖRU UPP Í ELDHÚSINNRETTINGAR.



ALLT AÐ  
**80%**  
AFSLÁTTUR

## DESIGNA INNRETTINGAR

Heilu eldhúsin, skápar og skápahurðir, innréttingaefni



LÍN OG  
GJAFAVARA FRÁ  
**199**

LÍN OG  
GJAFAVARA FRÁ  
**399**

LÍN OG  
GJAFAVARA FRÁ  
**299**

## GJAFAVARA OG LÍN

Glös, blómavasar, kertastjakar, borðdúkar, rúmföt og fleira



SÓFAR FRÁ  
**29.900**

SÓFABORÐ FRÁ  
**14.900**

MÁLVERK FRÁ  
**1.490**

## HÚSGÖGN

3ja sæta og 2ja sæta sófar, stólar, sófaborð, skemlar, málverk og fleira




STÓLAR FRÁ  
**3.900**

BORÐSTOFU-  
BORÐ FRÁ  
**29.900**

SJÓNVARPS-  
SKÁPAR FRÁ  
**4.900**

## HÚSGÖGN

Borðstofustólar, borðstofuborð, sjónvarpsskápar, hillur og fleira



**70%**  
AFSLÁTTUR

**60%**  
AFSLÁTTUR

**50%**  
AFSLÁTTUR

## RAFTÆKI OG LJÓS

Háfar, ofnar og helluborð, loftljós, lampar og veggjós



## ★ EGG VÖRUHÚS

OPIÐ VIRKA DAGA 14 - 18  
LAUGARDAGA 11 - 18  
LOKAÐ SUNNUDAG

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ  
INNRETTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

**EGG**  
SMÁRATORGI

\*Enn meiri afsláttur af útlitsgallaðri vöru og sýningareintökum. Athugið að skilaréttur er takmarkaður.

BJÖRN BORG TENNISLEIKARI ER  
52 ÁRA.

„Ef þú ert hræddur við að  
tapa, þá þorirðu heldur  
ekki að vinna.“

Björn Rune Borg er af mörgum  
talinn besti tennisleikari sög-  
unnar. Hann er eini tennisleik-  
arinn sem hefur unnið bæði  
Wimbledon og Opna franska  
tennismótið sama ár, þrjú ár  
í röð.



## tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 6. JÚNÍ 1925

## Chrysler-samsteypa stofnuð

Á þessum degi árið 1925 stofnaði  
Walter Percy Chrysler bílafram-  
leiðslufyrirtækið Chrysler.

Hann fæddist árið 1875 í Kans-  
as og fór fyrst að vinna í bílaíðn-  
aðinum þegar bandaríska lestar-  
fyrirtækið ALCO ákvað að fara út  
í bílabransann. Þar vann hann  
sem yfirmaður í verksmíðju þeirra. Árið 1911  
flutti hann sig yfir til bílafyrirtækisins Buick og var  
mjög ánægður með starfseminu þar.

Chrysler var síðar ráðinn til að stjórna bílafyrir-  
tækinu Willys-Overland í Ohio og fékk hann eina  
milljón dali í árslauð, sem þótti svimandi upp-  
hæð á þeim tíma. Chrysler reyndi að yfirtaka fyrir-  
tækið en mistókst þannig að hann yfirgaf Willys-  
Overland árið 1921. Hann hafði þó eignast meiri-  
hlutann í mótörfyrirtækinu Maxwell. Chrysler  
breytti því fyrirtæki og stofnaði Chrysler-sam-



steypuna árið 1925. Á sama tíma  
stofnaði hann Plymouth og DeSoto  
og árið 1928 keypti hann fyrirtækið  
Dodge. Chrysler fjármagnaði bygg-  
ingu háhýsis í New York sem ber  
nafn hans. Árið 1928 var hann  
nefndur maður ársins af tímaritinu  
Time.

Chrysler-samsteypa hefur gengið í gegnum  
miklar breytingar í gegnum tíðina. Árið 1998 færð-  
ist Mercedes-Benz inn í samsteypuna og úr varð  
nýtt fyrirtæki Daimler-Chrysler. Þjóðverjarnir hjá  
Mercedes-Benz hafa nú selt Chrysler til fjárfest-  
ingafyrirtækisins Cerberus Capital Management.  
Chrysler byggði sér sveitabýli í Virginíuríki sem  
sonur hans notaði til að rækta hesta eftir andlát  
föður síns.

Walter Chrysler lést árið 1940 og var jarðaður í  
kirkjugarðinum Sleepy Hollow í New York.

MERKISATBURÐIR

- 1584 Prentun Guðbrands-  
biblíu lýkur. Bókin er  
gefin út í 500 eintökum.
- 1889 Stóri Seattle-bruninn  
eyðileggur mest alla  
miðborg Seattle.
- 1912 Eldfjallið Novarupta í Al-  
aska gýs. Gosið er annað  
stærsta eldgos sögun-  
nar.
- 1938 Sjómannadagurinn er  
haldinn hátíðlegur í  
fyrsta sinn. Fjórdi hver  
Reykjavíkingur tekur þátt.
- 1946 Bandaríska körfuknatt-  
leikssambandið er stofn-  
að í New York.
- 1982 Minnisvarði um Oddgeir  
Kristjánsson tónskáld er  
afhjúpaður í Vestmanna-  
eyjum. Hann samdi  
meðal annars Ég veit þú  
kemur og Ágústnótt.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur  
samúð og hlýju við andlát ástkærs eigin-  
manns míns, föður, sonar, bróður, tengda-  
sonar og mágs,

**Björgvins Björgvinssonar**  
bifvélavirkja frá Tálknafirði.

Telma Magnúsdóttir

Aldís Jóna Björgvinsdóttir

Sölvi Leó Björgvinsson

Björgvin Sigurjónsson

Guðlaug A. Björgvinsdóttir

Sigurjón Björgvinsson

Magnús Matthíasson

Sigurjón Magnússon

Sædis Magnúsdóttir

Sigurður Jónsson

Rakel Magnúsdóttir

Ragna Jóna Sigurjónsdóttir

Borghildur Kristjánisdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, tengdasonur,  
faðir, tengdafaðir og afi,

**Baldur Sigurðsson**  
Baldurshaga,

lést á heimili sínu þann 30. maí. Útför fer fram  
laugardaginn 7. júní kl. 13 frá Hólmavíkurkirkju.  
Jarðsett verður í Kaldranes Kirkjugarði.

Erna Arngrímsdóttir

Þórdís Loftsdóttir

Árni Þór Violetta

Hafðís

Steinar Þór

Sölvi Þór

barnabörn og systkini hins látna.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,

**Pétur Kristinn Elisson**

sem lést þriðjudaginn 27. maí, verður jarðsunninn frá  
Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 7. júní kl. 14.00.  
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

Ela Krystyna Elisson

Adriana K. Pétursdóttir

Gabriel A. Pétursson

Daniel K. Pétursson

Piotr D. Bialobrzski

Adam S. Ástþórsson

Erika Nótt Einarsdóttir.

Einar J. Ingason



HALDA DAGINN HÁTÍÐLEGAN Anna Maria Hedman, formaður Félags Svía á Íslandi, og dætur hennar, Anna Björk og Karen Inga, reyna ávallt að halda daginn hátíðlegan.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SVÍAR Á ÍSLANDI: FAGNA ÞJÓÐHÁTÍÐARDEGINUM

## Loksins formlegur frídagur

Þjóðhátíðardagur Svía er haldinn há-  
tíðlegur víða um heim í dag. Þó eiga  
hátíðarhöldin ekki langa sögu, því  
sænski fánadagurinn, eins og Svíar  
nefna hann, var ekki tekinn upp fyrir  
en á millistríðsárunum.

Dagurinn 6. júní varð fyrir valinu  
vegna þess að Gustav Vasa var krýndur  
konungur Svíþjóðar á þessum degi  
árið 1523 og sænska stjórnarskráin  
undirrituð sama dag árið 1809. Það  
var svo ekki fyrir en árið 1983 að dagurinn  
varð að opinberum þjóðhátíðar-  
degi og árið 2005 varð dagurinn svo  
opinber frídagur þar í landi.

Hérlendis hefur verið hefð fyrir  
því að sænska sendiráðið haldi daginn  
hátíðlegan og hafa þeir Svíar  
sem búsettir eru á landinu tekið þátt  
í hátíðarhöldunum. Í fyrra var haldið  
upp á daginn í Norræna húsinu, fjöl-  
mennt var og hátíðin í alla staði vel  
heppnuð.

Anna Maria Hedman, formaður Fé-  
lags Svía á Íslandi, hefur verið búsett  
hér á landi í sjó ár. Hún segir að hingað  
til hafi sænska sendiráðið staðið fyrir  
hátíðarhöldum en í ár verður breyt-  
ing á vegna komu sænska menningar-  
ráðherrans, Lenu Adelson Liljeroth,  
til landsins. Formleg þjóðhátíðar-  
móttaka var haldin í Þjóðminjasafni-  
nu í gær, 5. júní, þar sem sýningin  
„Yfir hafið og heim“ var opnuð. Sýnd-  
ir eru íslenskir fornmunir sem hafa  
verið í varðveislu á norræna safninu  
í Stokkhólmi síðan á níttjándu öld, en  
þeir voru afhentir íslenska mennta-  
málaráðherranum, Þorgerði Katrínu  
Gunnarsdóttur, við formlega opnun  
sýningarinnar í gærkveldi.

Samkvæmt sænska sendiráðinu var  
ákveðið að halda þjóðhátíðardaginn  
hátíðlegan degi fyrir vegna komu ráð-  
herrans til landsins, en hann mun fara  
af landinu í dag.

Að sögn Önnu Mariu er þjóðhátíðar-  
dagurinn í ár sá þriðji sem er formlegur  
frídagur í Svíþjóð. „Áður fyrir var  
ekki gert mikið úr deginum þar sem  
enginn átti frí. Núna er reynt að gera  
mun meira úr honum en áður.“

Í félagi Svía á Íslandi eru um hund-  
að og fimmtíu fjölskyldur og er félagið  
mjög virkt að sögn Önnu Mariu. „Við  
hittumst að meðaltali einu sinni í mán-  
uði og yfirleitt erum við með um tíu  
uppakomur á ári, allar tengdar sænsk-  
um hefðum. Mest er þó um að vera hjá  
okkur í kringum jólni,“ útskýrir Anna  
Maria.

Félagið var stofnað árið 1954 af  
tuttugu og fjórum sænskum konum  
búsettum hérlendis og eru þrjár þeirra  
enn meðlimir.

Sýningin „Yfir hafið og heim“ er nú  
opin almenningi og stendur til 31. jan-  
úar 2009 í Bogasal Þjóðminjasafnsins.

klara@frettabladid.is

## Legsteinar

í miklu úrvali



Steinsmiðja

• Viðarhöfða 1

• 110 Reykjavík

• 566 7878

• Netfang: rein@rein.is

REIN



Okkar ástkæri

**Jón Örn Pálsson**

Hamrabbyggð 20, Hafnarfirði,

lést laugardaginn 31. maí. Útförin fer fram frá  
Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 9. júní kl. 15.00.

Ása Bjarney Árnadóttir

Karl Hjálmar Jónsson

Árni Páll Jónsson

Páll Ágúst Hjálmarsson

og aðrir aðstandendur.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur  
samúð og hlýðug við andlát og útför ást-  
kærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu  
og langömmu,

**Sigurveigar Sigurðardóttir.**

Sverrir Hjaltason

Sigurður Hjaltason

Anna Hjaltadóttir

Þorvarður Hjaltason

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Eyja Erlingsdóttir

Aagot F. Snorradóttir

Guðmundur Þorsteinsson

Ólafía Sigurðardóttir

AFMÆLI



**BRYNJA VALDÍS GÍSLADÓTTIR**  
leikkona er 35 ára.



**BUBBI MORTHENS**  
tónlistarmaður er 52 ára.



**SVERRIR ÞÓR SVERRIÐSSON**  
skemmtikraftur er 36 ára.

NAFNÍÐ MITT: MAGNÝ JÓHANNESDÓTTIR

Frábært að heita svona sjaldgæfu nafni

„Ég er mjög ánægð með nafnið mitt núorðið og í rauninni hefur það aldrei verið mér til mikilla ama,“ segir Magný Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri. Magný heitir í höfuðið á ömmu sinni sem aftur á móti var skírð í höfuðið á manni sem hét Magnús. „Samkvæmt Íslendingabók var amma mín önnur konan á Íslandi sem fékk þetta nafn. Hún var fædd 1910,“ segir Magný og bætir því við að það hafi ekki verið fyrir en á unglingsárunum sem hún átti sig á því að nafnið væri óvenjulegt. „Ég spáði ekkert í þetta sem krakki. Það var í rauninni ekki fyrir en ég fór að beita mér sjálf í lífinu sem ég fann að fólk hváði oft þegar ég sagði til nafns. Ég hef hins vegar aldrei tekið það nærri mér,“ segir Magný. Hún

segir að margir viti ekki hvernig á að stafsetja nafnið og eins haldi sumir að það sé stytting á einhverju öðru. „Mér finnst frábært að heita svona sjaldgæfu nafni. Ég held ég hafi tvisvar sinnum hitt konur sem heita það sama og ég. Önnur bjó í sömu götu og ég og hina rakst ég á svona í forbifarten og kynnti mig fyrir henni,“ segir Magný og viðurkennir að hún hafi lúmskan áhuga á nöfnum. „Ég á Nafna-bókina uppi í hillu og hef lesið hana alveg í gegn. Ég held það sé algengt að þeir sem heita sérstökum nöfnum hafi áhuga á nöfnum. Nafnið er svo stór hluti af manni,“ segir Magný. Samkvæmt Hagstofu Íslands bera níu konur nafnið Magný sem fyrra nafn og ellefu sem seinna nafn.



ÁNÆGÐ MEÐ NAFNIÐ Magný segir að margir haldi að Magnýarnafnið sé stytting á einhverju öðru. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**MIKILL HEIÐUR** Blái fáninn er alþjóðleg umhverfisviðurkenning sem veitt er baðströndum og smábátahöfnum.

Sjóttá Bláfána-viðurkenningin

Bláa lónið hlaut á dögnum alþjóðlegu umhverfisviðurkenninguna Bláfánann í sjötta sinn. Fáninn er virt umhverfisviðurkenning og er veitt baðströndum og smábátahöfnum. Börn af leikskólanum Króki í Grindavík fengu það hlutverk að draga Bláfánann að húni og við það tækifæri sungu þau tvö lög í tilefni dagsins. Til gamans má geta þess að leikskólinn fékk nýlega afhentan Grænfánann fyrir góða vinnu í tengslum við umhverfisverndarmál. Bláa lónið var fyrsti staður-

inn til að hljóta Bláfánann og það fyrir sex árum. Sigrún Pálsdóttir, verkefnastjóri Landverndar, segir að ánægjulegt hafi verið að veita Bláa lóninu þessa alþjóðlegu viðurkenningu og það í sjötta sinn og minnir á að Bláa lónið sé einn þekktasti staður ferðamanna og sé táknrænn fyrir hreina náttúru landsins. Dagný Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, sagði það bæði hvetjandi og ánægjulegt fyrir starfsmenn Bláa lónsins að flagga Bláfánanum í sjötta sinn.

Ljósmyndasamkeppni SAMAN

„Fjölskyldan í fókus“ er ljósmyndasamkeppni sem varir út sumarið og er ætlað að vekja athygli á samverustundum með fjölskyldunni. SAMAN-hópurinn stendur fyrir verkefninu sem hefst formlega í dag. Einnig er markmiðið að vekja athygli á hve dýrmætar samverustundir fjölskyldunnar í lífi hvers og eins eru. Allar fjölskyldur eru hvattar til að senda myndir inn í keppnina af fjölskyldunni í

leik og starfi, vetur, sumar, vor og haust. Einnig vill hópurinn hvetja fjölskyldur til að fjölga þessum góðu stundum sem þær eiga saman. Katrín Jakobsdóttir þingkona yfir ljósmyndasamkeppninni úr vör og opnar um leið nýja heimasíðu SAMAN-hópsins. Athöfnin fer fram í Vesturbæjarskóla við Sólvallegötu og hefst kl. 13.30 og sumarlegar veitingar eru í boði.

†  
Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Magnús Jónsson**  
frá Kambi, Tunguvegi 84,  
andaðist á dvalarheimilinu Barmahlíð, Reykhólum 3 júní 2008.

Guðlaug Bergþórsdóttir	Sonja Guðmundsdóttir
Bergþóra B. Magnúsdóttir	Sigrún Sighvatsdóttir
Jón Hjaltalín Magnússon	Hlynur Ólafsson
Karl Georg Magnússon	Kristín Svavarsdóttir
Þórdís Magnúsdóttir	
Stefán Magnússon	

barnabörn og barnabarnabörn.

†  
**Jóna Birta Óskarsdóttir**  
frá Hábae, Þykkvabæ,  
Stangarholti 5, Reykjavík,  
sem lést sunnudaginn 1. júní, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 10. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Gísli Jónsson	Ísólfur Gylfi Pálmason
Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir	Bryndís Hulda
Sigurður Hreinsson	Guðmundsdóttir

Ragnheiður Gísladóttir  
Björk Gísladóttir  
og barnabörn.

Guðbrandur Örn Arnarson

†  
Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,  
**Helgu Bjarnadóttur**  
Hlíðarbyggð 37, Garðabæ.  
Sérstakar þakkir fyrir umhyggju og hlýju, færum við starfsfólki heimahjúkrunar Garðabæjar, félagssviðs Garðabæjar og deild 7b á Landspítalanum Fossvogi.

Bjarni Sæberg Þórarinnsson	Gilly Skúladóttir
Steinunn Jóhannsdóttir	Anna Björg Samúelsdóttir
Bjarni Danival Bjarnason	Jóna Björg Jónsdóttir
Einar Bragi Bjarnason	Bjarghildur Finnsdóttir
Skúli Bjarnason	Gunnar Finnsson
Helga Svanlaug Bjarnadóttir	
Ingiberg Steinar Bjarnason	

langömmubörn og langalangömmubörn.

†  
Ástkær eiginkona mín,  
**Svanlaug Alda Árnadóttir**  
hjúkrunarfræðingur, Grenilundi 1,  
Garðabæ,  
lést þriðjudaginn 3. júní á Landspítalanum í Fossvogi.  
Óli Björn Hannesson.

†  
Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Eiríkur Sigfússon**  
Sóltúni 2, Reykjavík,  
verður jarðsöngin mánudaginn 9. júní kl. 15 frá Fossvogskirkju.

Jens Ingi Magnússon	Anna Hannesdóttir
Kristbjörn Margeir Eiríksson	Aldís Óskarsdóttir
Sigfús Eiríksson	Hanna Garðarsdóttir
Finnur Eyjólfur Eiríksson	Gunnhildur Hrólfsdóttir
Halla Matthildur Eiríksdóttir	Fróði I. Jónsson
Sigríður Una Eiríksdóttir	Guðmundur Guðmundsson

barnabörn og barnabarnabörn.

†  
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Ingibjörg Halldóra Jóelsdóttir**  
sem lést í Sóltúni 29. maí sl., verður jarðsöngin frá Seljakirkju mánudaginn 9. júní kl. 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð K.F.U.M. og K.F.U.K.

Valgeir Ástráðsson	Emilía Björg Möller
Sigurður Ástráðsson	Guðný Bjarnadóttir
Herdís Ástráðsdóttir	Þorvaldur Sigurðsson

barnabörn og langömmubörn.

†  
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Jóhanna Sigurbjörnsdóttir**  
Hraunbæ 10, Reykjavík,  
lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 3. júní. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 9. júní kl. 11.00.

Margrét Snorradóttir	Jón Magngeirsson
Sigríður Snorradóttir	Jóhanna Baldvinsdóttir
Guðfinna Snorradóttir	Jim Clark
Jónas Snorrason	Þórdís Ingadóttir
Auður Snorradóttir	
Arnar Snorrason	

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

**LEGO INDIANA JONES**  
THE ORIGINAL ADVENTURES

Vinningsvegi og afhendingar hjá BT Smáralmi. Kopavogi. Með því að búa þattertu kominn SMS klubb. 149 kr/skeytib.

**9. HVER VINNUR!**

**SENDU SMS BTC LTB Á NÚMERIÐ 1900**  
OG SVARÐU EINNI SPURNINGU OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!  
AUKAVINNINGAR: TÖLVULEIKIR OG DVD MYNDIR OG FLEIRA  
LENDIR 6. JÚNÍ!

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Hinn ljúfi pollur lífsins

KJARTAN GUÐMUNDSSON LÉT ÆSKUDRAUMA SÍNA RÆTAST Á ANFIELD ROAD



Mig rekur ekki minni til þess að hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að fylgja Liverpool að málum í ensku knattspyrnunni. Rétt eins og ég kom í heiminn með tíu fingur, tíu tær og of stórt nef trúi ég að ég hafi hreinlega fæðst undir stórum Liverpool-mána. Ekki að það hafi reynst ungum dreng mikil þrekaun að styðja þá alraudu á öndverðum níunda áratugnum. Liðið bar höfuð og herðar yfir keppinauta sína og lék knattspyrnu sem hrein unun var á að horfa. Yfirburðirnir voru slíkir að ég velti því oft fyrir mér í barnslegri einfaldni hvers vegna í ósköpunum einhver með réttu ráði kysi að halda með öðru liði. Þá vissi

ég ekki að mannshugurinn er margslunginn. Sumir hafa ekki jafnréttar skoðanir og aðrir.

Ég man heldur ekki hvenær ég heyrði fyrst í Bítlunum. Ég veit hins vegar að ég hef verið Bítla-áddandi frá því ég man eftir mér. Sem illa haldinn tónlistarfíkill hef ég átt margar eftirlætishljómsveitir og -tónlistarmenn í gegnum tíðina. Hippiasveitir sjöunda áratugarins voru einu sinni málið. Á tímabili átti pönkið hug minn allan. Ég missti mig í kántrý um hríð og ekki sér fyrir endann á rappskeldinu. Bítlarnir hafa rennt sér á skriði í gegnum þetta allt. Ég ber ómælda virðingu fyrir þeim og þeirri virðingargjöf sem þeir gegna í tónlistarsögunni.

Það er því óhætt að segja að ég hafi lengi verið ginnkeyptur fyrir því sem Liverpoolborg hefur upp á að bjóða. Fyrir tveimur árum lét ég gamlan draum rætast og fluttist með björg og bú til borgarinnar. Þar dvaldi ég í ár við nám, fór reglulega á Bítlaslóðir og enn reglulegar á Liverpoolleiki á Anfield, heimavelli liðsins. Ég komst að því að undir hrjúfu yfirborðinu hefur borgin að geyma bullandi menningu og gott og skemmtilegt fólk.

Um síðustu helgi varð ég svo þess heiðurs aðnjótandi að standa á miðjum Anfield-vellinum, meðan Paul McCartney kyrjaði Bítlalög til heiðurs Liverpoolborg og íbúum hennar. Fullorðnir menn felldu tár. Kannski var ég einn af þeim.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli



### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Þrjár góðar ástæður til að vakna klukkan sjö á morgnana...

Svali, Gassi og Sigga á FM957

**Zumber**

Alla síkra daga frá klukkan 7 til 10

67% landsmanna undir fertugu hlusta á FM957

Capacent

FM957



FERSKUR

# KJÚKLINGUR

## Metnaðarfull framleiðsla á fersku og hollu kjúklingakjöti

Ali byrjar nú sölu á hreinu kjúklingakjöti sem er án varnarefna, hormóna og viðbættis vatns og sykurs. Um er að ræða náttúrulega framleiðsluaðferð þar sem mikið eftirlit er haft með vinnslu, þökkun og geymslu auk þess sem fuglinn er alinn á hreinu og næringaríku korni.





NÓÐLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 551 1200  
og á www.leikhusid.is

## Þjóðleikhúsið um hel(l)gina

ASTIN ER  
DISKÓ  
LIFER PÖNK

eftir Hallgrím Helgason



### Svaðalegur söngleikur

Yndislegar  
andstæður.  
MBL 2/5

Stuðjöld  
er á  
Stóra sviðinu!



Síðustu sýningar vorsins!

Fös. 6/6 örfá sæti laus

Lau. 7/6 örfá sæti laus

Lau. 14/6 örfá sæti laus, síðasta sýning

# Sálin er á gráu svæði

Nýverið kom út á vegum bókaforlagsins Bjarts bókin Í þokunni eftir franska rithöfundinn Philippe Claudel í íslenskri þýðingu Guðrúnar Vilmundardóttur. Claudel heim-sótti landið í tilefni útgáfunnar og las upp fyrir gesti Borgarbókasafnsins.

Í þokunni gerist árið 1937 í litlu frönsku þorpi sem var við frönsku víglínuna í fyrri heimsstyrjöldinni. Lögreglumaður sem unnið hafði að rannsókn á skelfilegu morðmáli tuttugu árum áður tekur upp þráðinn að nýju með ófyrirséðum afleiðingum.

Stemning millistríðsáranna svífur yfir vötnum í bókinni, enda segir höfundurinn Claudel tímaramma sögunnar fyrst og fremst þjóna þeim tilgangi að skapa visst andrúmsloft innan atburðarrásarinnar. „Ég hef mikinn áhuga á heimsstyrjöldunum tveimur og áhrifunum sem þær höfðu á hversdagslegt líf fólks, líkast til vegna þess að ég er fæddur og uppalinn í bæ sem var nálægt sumum af helstu vígstöðvunum. Þar sem ég lék mér sem drengur mátti enn sjá glitta í þann skaða sem umhverfið hafði orðið fyrir af völdum átakanna og þessi nálægð við afleiðingar stríðs hafði mikil áhrif á mig. Ég myndi þó ekki segja að hægt sé að fella þessa bók mína í flokk sagnfræðilegra skáldsagna, né heldur í flokk glæpasagna, þó svo að hún nýti sér ótvírætt þætti úr þessum frásagnarhefðum. Maður þarf einhvern veginn að góma lesandann og ná honum á vald sitt og mér þykja bæði glæpasögur og sagnfræðilegar sögur vera vel til þess fallnar að heilla lesendur. En sagan er í raun réttari rannsókn á mannlegu eðli og gæti þannig hafa verið klædd í ýmsa búa.“

Mannlegt eðli og þá sérlega tvær ólíkar hliðar mannsálarinnar heilla Claudel að eigin sögn. „Mannskapan er sú eina sem fær er um að skapa ótrúlega fegurð og stórfengleg listaverk, en er jafnframt fær um mikla grimmd og eyðileggingu. Við búum öll yfir þessum tveimur hliðum, í misjöfnum mæli þó, og lifum flest lífi okkar á gráu svæði á milli þessara öfga. Bókstafleg íslensk þýðing á frönskum titli bókar minnar væri „Gráar sálir“ þar sem ég er þeirrar skoðunar að sálir manna eru aldrei bara svartar eða hvítar.“

Claudel á mikilli velgengi að fagna sem rithöfundur, en hann hefur nýverið einnig snúið sér að kvikmyndaleikstjórn. Fyrir á árinu var frumsýnd kvikmynd sem hann samdi handritið að og leikstýrði. Myndin hefur gengið afar vel í Frakklandi og hafa hátt í milljón áhorfendur séð hana í kvikmyndahúsum landsins. „Á námsárum mínum lærði ég meðal annars kvikmyndafræði og gerði stuttmyndir. Fyrir um tíu árum bað kunningi minn, sem er kvikmyndagerðar-



RITHÖFUNDURINN PHILIPPE CLAUDEL Las nýverið upp úr skáldsögu sinni fyrir gesti Borgarbókasafnsins.

maður, mig um að koma að gerð kvikmyndahandrits og síðan þá hef ég unnið að handritagerð meðfram því að ég skrifa skáldsögur. Ég skrifaði meðal annars handritið að kvikmynd sem gerð var eftir sögunni Í þokunni. Því meira sem ég kom að handritagerð, því meira fór mig að langa til þess að leikstýra handritunum mínum. Fyrir tveimur árum skrifaði ég svo handrit sem ég gat ekki hugsað mér að leyfa öðrum að leikstýra og því fékk ég í lið með mér frábæra framleiðendur sem gerðu mér kleift að láta drauminn ræstast.“

Að lokinni heimsókn sinni til Íslands segist Claudel ætla að taka sér nokkurn tíma til þess að sinna næstu verkefnum. „Ég er afar heppinn þar sem vinna mín gerir mér kleift að ferðast um allan heim, en ferðalög-in hafa verið full tímafrek undanfarið. Ég hef í hyggju að nota næstu mánuði til þess að vinna í kvikmynda-handriti og öðrum verkefnum, þangað til að næsta ferðahrina tekur við.“

vigdis@frettabladid.is

## Samtímatónlist og þjóðlög

Tónlistarhópurinn Njúton og útgáfufyrirtækið Bedroom Community efna til tónleika í Frikirkjunni í Reykjavík í kvöld kl. 21 og á sunnudagskvöld kl. 20. Á efnis-skrá verður íslensk og amerísk tónlist af ýmsum toga; allt frá amerískri þjóðlagatónlist til þar-lendrar og hérlendrar samtímatónlistar.

Á tónleikunum í kvöld flytur Njúton klassísk amerísk kammerverk frá sjöunda áratug síðustu aldar eftir tónskáldin George Crumb og Morton Feldman. Valgeir Sigurðsson og Sam Amidon, sem eru nýkomnir úr tónleikaferð um Evrópu, stíga jafnframt á svið og flytja efni af nýlegum plötum sínum, Ekvílibríum og All Is Well, ásamt félagum úr Njúton.

Á seinni tónleikunum verður minning tónskáldsins Stephen Lucky Mosko heiðruð. Mosko kom fyrst til Íslands snemma á áttunda áratugnum, heillaðist af íslenskri tónlistarhefð og sótti innblástur í brunn hennar æ síðan. Hann kenndi um árabil við hinn víðfræga listaskóla California Institute of the Arts þar sem íslensku tónskáldin Hilmar Þórðarson og Kolbeinn Einarsson voru meðal nemenda hans. Á tónleikunum flytur Njúton stórvirki Moskos, Indigenous Music II, fyrir 11 manna hóp hljóðfæraleikara. Á tónleikunum verða jafnframt leikin verk eftir Hilmar Þórðarson, Kolbeinn Einarsson og Atla Heimi Sveinsson.

- vþ



VALGEIR SIGURÐSSON Tekur skófluna líklega ekki með sér á tónleikana í Frikirkjunni í Reykjavík í kvöld.

## Brúðubíllinn boðar sumar

Fátt staðfestir komu sumars í hugum Reykvíkinga á jafn afgerandi hátt og sýningar Brúðubílsins sem kætt hafa börn svo áratugum skiptir. Frumsýning sumarleikritsins í ár fer fram í Árbæjarsafni í dag kl. 14 og ber sýningin hið töfrandi heiti Hókus-Pókus. Það gengur heilmikið á í sýningunni; Dúskur fikrar sig áfram með töfrabrogð og má segja að ýmislegt fari úrskeiðis. Að auki verður fjallað um fyrstu víkingana sem sigldu til Íslands og gáfu landinu nafn og einnig kemur við sögu pylsusali sem á í vandræðum með svangan hund.



LEIKHÚS FYRIR ÞAU YNGSTU Frá sýningu Brúðubílsins síðasta sumar.

Lilli og Dúskur eru kynnar sýningarinnar og að venju verða

leikin nokkur valin lög sem krakkarnir geta sungið með.

Leikstjóri sýningarinnar er Sigrún Edda Björnsdóttir og um handrit og brúðugerð sá Helga Steffensen, en hún stjórnar einnig brúðunum ásamt Sigríði Eir Zophoníasdóttur. Bílstjóri þetta sumarið er Magnús Sigurðsson. Það eru leikararnir Pálmi Gestsson, Þórhallur Sigurðsson og Sigrún Edda Björnsdóttir, ásamt þeim Helgu og Sigríði Eir, sem ljá brúðunum raddir sínar. Frekari upplýsingar um sýningar Brúðubílsins í sumar má nálgast á síðunni www.brudubillinn.is. - vþ



Sveitaball með  
**Karma**  
í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérreittamatseðill öll kvöld vikunnar

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið





vörurnar fást í Bónus!

**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**

# Sól og sumar!

## BBQ grísakótilettur, reyktar frá Kjarnafæði

# 1.189 kr./kg.

Merkt verð 1.698 kr./kg

# Nýtt!

30% afsláttur



**Mexico-pylsur** frá Kjarnafæði.

**649 kr./kg.**  
Merkt verð 928 kr./kg.

**Grill-lambarifjur** frá Kjarnafæði.

**399 kr./kg.**  
Merkt verð 498 kr./kg.

**Brauðskinka, pakkar** frá Kjarnafæði.

**959 kr./kg.**  
Merkt verð 1.598 kr./kg.

**Villibráðakrydd, lambalærissn.** frá Kjarnafæði.

**1.398 kr./kg.**  
Merkt verð 1.998 kr./kg.

**Bayonne-skinka** frá Kjarnafæði.

**959 kr./kg.**  
Merkt verð 1.598 kr./kg.

# Nýtt!



# BONUS

Opið:  
Mán. - fim. 12:00 - 18:30  
Fös. 10:00 - 19:30  
Lau. 10:00 - 18:00  
Sun. 12:00 - 18:00



BONNIE 'PRINCE' BILLY



COLDPLAY

## > Í SPILARANUM

**Bonnie 'Prince' Billy** - Lie Down in the Light  
**Fleet Foxes** - Fleet Foxes  
**The Futureheads** - This Is Not The World  
**Weezer** - Weezer (Red Album)  
**Coldplay** - Viva la Vida or Death and All His Friends

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Ný plata frá Brian Wilson

Brian Wilson, snillingurinn mikli á bak við hljómsveitina Beach Boys, hefur snúið aftur til Capitol-útgáfunnar, sem gaf út alla smelli hljómsveitarinnar. Ný sólóplata er væntanleg í byrjun september, That Lucky Old Sun, sem Brian segir að sé „tónlistarlegt ástarbréf frá Kaliforníu“.

Brian verður 66 ára síðar í mánuðinum og er eini eftirlifandi Wilson-bróðirinn.



MÆTTUR AFTUR Brian Wilson gefur út nýja sólóplötu í september.

Hann fær Van Dyke Parks enn á ný til liðs við sig á nýju plötunni, en Van Dyke gerði textana í frægustu verkum Brians. Lögin verða tengd saman með frásögnum Brians, en platan er eins konar sjálfsvísing um heimahagana í Kaliforníu. Sólbakad landsvæðið hefur áður verið Brian hugleikið um.



## > Plata vikunnar

Múgsefjun - Skiptar skoðanir

★★★★

„Er Múgsefjun spútnikhljómsveit ársins 2008? Allavega er Skiptar skoðanir hörkuplata frá hljómsveit sem kann að semja flott lög, en fer líka sínar eigin leiðir.“

TJ



## TÓNINN GEFINN Steinþór Helgi Arnsteinsson

### Björgum Airwaves

Tíðindin um alla ringulreiðina í kringum Iceland Airwaves-hátíðina og Hr. Örlyg eru einar alverstu fregnir sem íslensku tónlistarlífi hefur borist. Hér ætti ekki að þurfa að tíunda um mikilvægi hátíðarinnar en þó virðist blasa við að ekki nærri því allir gera sér grein fyrir hversu stórt og veigamikli hlutverk hennar er. Hátíðin er ekkert annað en árs hátíð grasrótarinnar í íslensku tónlistarlífi og hefur þess vegna viðhaldið og bætt þá mögnuðu grósku sem einkennir senuna.

Ekki má heldur gleyma að hátíðin er eitt sterkasta vörumerki landsins úti í hinum stóra heimi. Umfjöllunin sem þessi ágæta hátíð hefur fengið er hreint með ólíkindum og það þarf þess vegna ekki að koma á óvart að fleiri útlendingar sækja hátíðina en Íslendingar. Ég hef til að mynda ósjaldan lent í því á ferðum mínum erlendis að fólk hefur potað í mig vegna þess að ég var með Airwaves-hliðartösku og spurt mig spjörum um hátíðina. Það er því engin spurning um það að hátíðin er ekkert annað en þjóðþrifamál, ekki eingöngu fyrir fólk í hundradögum eins og margir halda fram, heldur alla þjóðina. Fjármagnnið sem erlendir gestir koma með til landsins yfir þessa einu helgi hleypur sem dæmi á nokkur hundruð milljónum króna.

Auðvitað má samt athuga margt í sambandi við sjálfa hátíðina. Margir hafa bent á að hún sé ekki sú lyftistöng fyrir íslenska tónlistarmenn sem af er látið enda sannreynt að aðeins brotabrot af þeim íslensku tónlistarmönnum sem þar koma fram fá frekari tækifæri eftir spilerí á Airwaves. Íslenskir tónlistarmenn geta samt varla búist við því að pláss á Airwaves færi þeim plötusamning á erlendri grundu. Staðreyndin er samt sú að hjólin hjá fjölmörgum tónlistarmönnum hafa byrjað að snúast eftir framkomu þeirra á Airwaves.

Upp hefur einnig komið sú umræða meðal tónlistarmanna að hátíðin komi ekki nógu vel fram við þá og að enginn íslenskur tónlistarmaður fái greitt fyrir framkomu sína. Vissulega fær enginn (eða nánast enginn) listamaður greitt fyrir að spila á hátíðinni en það á líka við um margar erlenda listamenn sem þar koma fram. Sama er líka upp á teningnum með fjölmargar aðrar tónlistarhátíðir. Sem dæmi má nefna að íslenskar sveitir sem fara á hina vel þekktu tónlistarhátíð South By Southwest fá ekki eingöngu núll krónur fyrir að spila, þær þurfa einnig að redda sér sjálfar gistingu og hljóðkerfi. Það er hins vegar ekki jákvætt að svo fáir íslenskir tónlistarmenn hafi fengið greitt fyrir að koma fram á Airwaves og slíkt ber að skoða.

Hins vegar verður að viðurkennast að það er grafalvarlegt mál að hátíðin sé að lenda í þessum kröggum vegna einhvers konar braks og ótrausts bókhalds, það er segja ef satt reynist. Það liggur allavega ljóst fyrir að hátíðin þarf að fara í gegnum ærlega naflaskoðun á sínum innra strúktúr og leita þarf allra mögulegra ráða til þess að koma í veg fyrir dauða hennar. Þó það væri ekki nema bara til að bæta upp fyrir ísbjörninn og hvalina.

## Þrjú heit nöfn í sumar

Nú þegar árið 2008 er brátt hálfnað er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvaða nýliðar í popheiminum eru að koma sterkast inn á árinu. Trausti Júlíusson skoðaði málið og staldraði sérstaklega við þrjár plötur sem eru nýkomnar í hillur íslenskra plötuverslana, **Silent Movie** með **Quiet Village**, **For Emma Forever Ago** með **Bon Iver** og **We Started Nothing** með **The Ting Tings**.

Þegar maður veltir fyrir sér hverjir séu mest spennandi nýliðarnir í popheiminum á árinu 2008 koma ótal nöfn upp í hugann. Aðgengi að tónlist hefur aldrei verið auðveldara og úrvalið aldrei meira þannig að ef maður hefði til þess orku og tíma gæti maður eflaust hlustað á endalausa nýliða allan sólarhringinn til dæmis í gegnum tónlistarblogg og Myspace síður. Á meðal þeirra nafna sem komu upp í hugann þegar ég velti upp spurningunni voru (í engri sérstakri röð): Santogold, Vampire Weekend, MGMT, Duffy, Crystal Castles, Benga og svo þau þrjú nöfn sem eru til umfjöllunar í þessari grein, **Bon Iver**, **Quiet Village** og **The Ting Tings**.

### Í uppáhaldi hjá gagnrýnendum

**Bon Iver** er listamannsnafn Bandaríkjamannsins Justin Vernon. **For Emma Forever Ago** er hans fyrsta sólóplata, en áður var hann í ýmsum hljómsveitum í Wisconsin. Justin gaf plötuna



THE TING TINGS Bretar fá ekki nóg af þeim skötuþjúm, Jules De Martino og Katie White.

sjálfur út í fyrra í litlu upplagi, en hún er nú fyrst að fá almenna dreifingu. Plötuna tók hann að mestu upp í afskekktum kofa að vetri til í Wisconsin þar sem hann dvaldi í þrjú mánuði með gítar og upptökugræjur. Nafnið **Bon Iver** er vísun í frönsku: **Bon Hiver** þýðir „góður vetur“. Tónlistin er frekar lágstemmt en mjög áhrifamikil þjóðlagapopp. Platan hefur fengið þrusudóma og afrekaði það meðal annars að fá fimm stjörnur og vera fyrsti dómurinn sama mánuðinn bæði í Mojo og Uncut.

### Gramsað, grúskað, skorið og skeytt

**Quiet Village** er samstarfsverkefni þeirra **Matts Edwards** (sem hefur gengið bæði undir nöfnunum **Rekids** og **Radio Slave**) og **Joels Martin**. Þeir eiga að baki nokkrar smáskífur og remix, meðal annars fyrir **Gorillaz** og **Francois K**, en **Silent Movie** er þeirra fyrsta stóra plata. Tónlistin á henni er að stórum hluta unnin

upp úr gömlum hljóðbrotum, meðal annars úr kvikmyndum frá áttunda áratugnum. Sérstaklega litrík, stemningsfull og flott plata.

### Ting Tings-æðið

**The Ting Tings** er dúó, skipað skötuþjúmunum **Katie White** og **Jules De Martino**. Hún syngur og spilar á gítar og hann sér um afganginn. Sveitin var stofnuð í **Salford, Manchester 2006** og vakti vorið 2007 athygli fyrir smáskífuna **That's Not My Name**. Fyrsta stóra platan þeirra **We Started Nothing** er nýkomin út og fór, eins og fyrrnefnd smáskífa endurútgefin, beint á topp breska listans. Tónlist **The Ting Tings** er hressilegt dansvænt enskt popp. Frekar einfalt, en skemmtilegt. Minnir stundum á post-punk sveitir eins og **Delta 5**, **Au Pairs** og jafnvel **New Order**. **We Started Nothing** hefur fengið misjafna dóma og hentar sennilega ekki niðurdregnustu indie-hausunum. Fyrir okkur hin er þetta hins vegar flott danspopp ...



**DIDRIKSONS 1913**  
Grund Sund SWEDEN

Klæðir alla!



Tigris dömu-/herrasett 5.990  
Margir litir. St. 38-46/S-XXL

Tigris barnasett 4.990  
Margir litir. St. 110-170

Norba dömu-/herrasett 10.990  
5000 mm vatnsheldni, öndun og límdir saumar. Margir litir. St. 38-46/S-XXL.

# Alaskahret á Organ Blunt vill fótbolta og vodka

Índí-popp sveitin Alaska in Winter spilar á skemmtistaðnum Organ í kvöld. Sveitin er ættuð frá Nýju-Mexíkó og hefur vakið athygli, meðal annars vegna þess að Zach Condon úr hljómsveitinni Beirut spilar einnig með þeim. Hins vegar er mjög varasamt að kalla sveitina einhvers konar hlíðarverkefni Beirut, því um mun rafrænni tónlist er að ræða og er forsprakkinn annar. Gylfi Blöndal, tónlistarstjóri Organ, segir hljómsveitina mikinn hvalreka fyrir íslenskt tónlistarlíf og hefur fyrsta plata sveitarinnar, Dance Party in the Balkans, fengið afbragðs dóma, meðal annars hjá Pitchfork.

Forsprakki sveitarinnar, Brandon Bethancourt, lýkur þar með löngum túr um Bandaríkin og Kan-



KULDI FRÁ NÝJU-MEXÍKÓ. Alaska in Winter.

ada, en hann segist mjög spenntur fyrir því að spila fyrir land og þjóð. Þeim til aðstoðar verður Kira Kira, sem spila um klukkan hálf tíu. - kbs

James Blunt mætir með starfslið og fimm manna hljómsveit sína og heldur tónleika í Laugardalshöllinni fimmtudagskvöldið 12. júní. James lofar kraftmiklum tónleikum og segir að hann leyni á sér. Bluntarinn er í mikilli yfirreið um heiminn og stoppar stutt við á Íslandi. Hann kemur seint á miðvikudagskvöldi og er rokinn snemma á föstudegi. Spilar næst í Sarajevo á sunnudaginn.

Blunt gistir á hóteli í miðbænum og fólk mun eflaust verða vart við hann spókandi sig um í miðbænum. Hann leggur nokkuð upp úr því að vernda einkalíf sitt – segir að það skipti engu máli – en hann var einhleypur síðast þegar spurðist til. Honum hefur þó verið spyrnt við ýmsar dómur í gegnum tíðina, m.a.



MUN KARLÆGARI EN LÖGIN GEFA TIL KYNNA James Blunt gistir í miðbænum og fer í fótbolta.

tónlistarkonuna Camilla Boler, Dixie Chassay, sem valdi leikara í Harry Potter-myndirnar, og súpermódelið Petru Nencova.

Popparanum þykir gott að fara í tuðruspark fyrir tónleika og hefur beðið um fótboltavöll til afnota fyrir

sig og félagu sína á fimmtudaginn. Listi yfir baksviðsveigar – svokallaður „rider“ – er nokkuð karllægari hjá James en vinsælustu lögin hans gefa til kynna. Hann biður hvorki um nuddolíu né ilmkerfi heldur leggur mest upp úr áfengi og tóbaki. James vill tvær flöskur af vodka, sitt hvora flöskuna af hvítu og rauðu, kassa af staðarbjór, þrjátíu og sex flöskur af Corona og annað eins af ítalska bjórnum Peroni. Þá vill Blunt tvo pakka af Lucky Strike og tvo af Marlboro Lights. James leggur minna upp úr mat en drykk og biður einungis um samlokur og tvær tegundir af heitum mat, kjöt- og grænmetisrétt.

Uppselt er á tónleikana í dýrustu sætin og þau ódýrustu, en enn þá má fá miða í miðri Höllinni. - glh



SEX PISTOLS ENN AÐ Nýr tónleikadiskur og tónleikaferðalag.

## Sex Pistols spilara slagarana í sumar

Þönklummurnar í Sex Pistols eru enn að og ferðast um heiminn í allt sumar til að kynna nýjum kynslóðum pönkslagara sína. Leiðin liggur um alla Evrópu og til Japans, en byrjar í Las Vegas á morgun. Þá er nýr dvd-diskur á leiðinni. Hann er nefndur eftir gömlu Veru Lynn-lagi There'll Always Be An England. Aðalinnihald disksins eru tónleikar Pistols í Brixton Academy í fyrra en einnig er smeltt inn viðtölum, atriðum að tjaldabaki og sérstökum túristaleiðbeiningum Johnny Rotten og félagu um London. Julien Temple, sem hefur áður unnið með bandinu, leikstýrði disknum.



### TÓNLIST

Farg

Rúnar eff

★★

Óeftirminnilegt byrjendaverk.

## Byrjendabragur

Akureyringurinn Rúnar eff hefur lengi haft mikinn áhuga á tónlist og er þessa stundina við söngnám í Kaupmannahöfn. Farg er hans fyrsta plata. Á henni eru tólf frumsamin lög og svo útgáfa Rúnars af A-Ha laginu Take on Me.

Þó að það sé margt ágætlega gert á Farg og inn á milli leynist þokkalegar lagasmíðar og fín spilamennska þá einkennist platan af miklum byrjendabrag. Rúnar er efnilegur, en hann á alveg eftir að skapa sér sinn eigin stíl og hefði kannski betur beðið aðeins með að gefa út plötu. Tónlistin er óeftirminnileg popp-rokkblanda. Það er ekkert afgerandi við hana, hvorki lögin sjálf, útsetningarnar né flutningurinn og heildarútkoman er þess vegna byrjendaverk sem ristir ekki djúpt.

Trausti Júlíusson



# INDIANA JONES

## ER MÆTTUR Í BT






# 4.899,-

SPILAÐU ÞIG Í GEGNUM ÖLL INDIANA JONES ÆVINTÝRIN!

ÞÚ ERT INDIANA JONES! FRÁBÆR LEIKUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

# SJÁÐU MYNDINA - SPILAÐU LEIKINN

PC-LEIKUR PlayStation 2
PLAYSTATION 3
PSP
XBOX 360

## &gt; AÐSTOÐ FRÁ JANET

Kryddpían Mel B vinnur nú hörðum höndum að þriðju sólóplötu sinni. Lítið fór fyrir hinum tveimur, en Mel B vonast til að annað verði uppi á teningnum nú. Hún hefur fengið stjórnur á borð við Janet Jackson og Missy Elliot til liðs við sig, í von um að ná inn á vinsældalistana.

# fólk

folk@frettabladid.is



## Lofar að haga sér eins og maður

Nýr þáttur útvarpsmannsins Andra Freys Viðarssonar hefur göngu sína á Rás 2 í kvöld. Andri, sem nú er búsettur í Kaupmannahöfn ásamt kærustu sinni, mun senda þáttinn út þaðan en hinn þátta- stjórnandinn, Doddi litli, situr hér heima í hljóðveri Rásar 2. Þátturinn hefur fengið nafnið Litla hafmeyjan og verður sendur út á föstudagskvöldum milli 20-22. „Þetta verður með svipuðu sniði og Capone, þarna verður spjall og grín í beinni útsendingu og góð tónlist inn á milli. Við fáum einnig gesti í heimsókn til okkar og verðum með einhverja fasta liði,“ segir Andri.

Spurður út í það hvort hann muni halda áfram að hrekkja fólk í útvarpinu svarar hann því neitandi. „Þetta er ekki sami markhópur og við vorum með á X-inu,

við erum að tala til mun breiðari aldurshóps núna. Við munum þó ekki leika klassíska tónlist fyrir hlustendur okkar og verðum jafnhressir og áður. Ég er líka búinn að lofa þeim á Rás 2 að reyna að haga mér eins og maður.“

Andri segist vera kominn með ýmis tæki og tól heim til sín fyrir útsendinguna og að hann sé loksins búinn að tengja þau. Andri segir lífið í Kaupmannahöfn vera gott fyrir utan hitann sem þar hefur verið síðustu daga. Að nýja þættinum undanskildum hefur hann verið að skrifa fyrir Sjónvarpsdagskrána og starfar einnig við ljósaönnun fyrir ýmsar leikýningar í Kaupmannahöfn. - sm

**HELDUR SIG Á MOTTUNNI** Andri Freyr stjórnar útvarpsþætti á Rás 2 á föstudagskvöldum.



## Hemmi og Rúnni síðustu gestir Svalbarða

Síðasti Svalbarði verður sýndur á Skjá einum í kvöld. „Þetta verður ansi hressandi þáttur,“ segir Þorsteinn Guðmundsson. „Við tökum þættina upp fyrirfram en svo vildi til að upphafsatriðið passar samt ansi vel við atburði síðustu daga. Hemmi Gunn og Rúnni Júl eru aðalgestir og þeir taka lagið saman. Svo kíkjum við aðeins á götuhernað í Reykjavík.“

Þorsteinn segir þættina hafa fengið stórfín viðbrögð. „Ég hef samt ekki hugmynd um það hvort það verði gerðir fleiri þættir. Það er allt í skoðun núna.“

Næstu verkefni Þorsteins á listabrotunni virðast almennt vera í skoðun. „Það er eðlilegt að maður taki stöðuna eftir svona törn eins og Svalbarði er. Það eru ýmsar hugmyndir uppi en ekkert fastákveðið. Það eru ágætis líkur á því að við Ágústa Eva vinnum eitthvað meira saman, en akkúrat núna er ég bara að vinna í húsinu



**HEFUR EKKI HUGMYND UM HVORT SVALBARÐI SNÝR AFTUR** Þorsteinn Guðmundsson kveður á Skjá einum í kvöld.

mínu. Flota gólf og sparsla vegg. Er ég góður í svoleiðis? Tja, það kemur með æfingunni. Þetta er engin stjarneðlisfræði.“ - gth

## Kapólikkar afneita Jóni Gnarr

Kapólikkar á Íslandi eru æfir út í Jón Gnarr vegna auglýsinga sem hann hefur leikið í fyrir Símann. Jón hefur ekki farið í kirkju síðan málið kom upp.

Fimm þúsund félagar í leikmannafélaga kapólsku kirkjunnar hafa skrifað undir undirskriftalista þar sem tvær Síma-auglýsingar með Jóni Gnarr eru fordæmdar. Að því er kemur fram í Morgunblaðinu hóta þeir því að hætta öllum viðskiptum við fyrirtækið ef auglýsingarnar verða ekki teknar úr sýningu. Galileo Galilei hafi verið kornið sem fyllti mælinn en Júdeasar-auglýsingin fyrir ári síðan vakti hörð viðbrögð. Jón Gnarr telur sig fórnarlamb talibanisma innan kapólsku kirkjunnar.

„Það er alltaf gott þegar einhverjir dauðlegir menn halda að þeir viti hvernig aðrir trúaðir eigi að haga sér. Slíkt minnir mann bara á Afganistan,“ segir Jón. Hann er sjálfur kapólskrar trúar og skrifaði um trúmál í Bakþönkum Fréttablaðsins. En eftir að hann brá sér í hlutverk Júdasar fyrir 3-G auglýsingu Símans á síðasta ári hefur honum ekki þótt hann vera velkominn í kirkjuna og ekki treyst sér til þess að sækja messur. „Maður vill ekki vera „paranoid“ og stressaður þegar maður fer í kirkju, frekar sleppir maður því bara,“ segir Jón sem undrast viðbrögð trúbræðra sinna. „Hlátur er besta heilunin. Þjóðverjar eru til að mynda loksins farnir að hlæja að nasistum og Adolf Hitler. Menn eiga að hlæja að mistökum sínum og bæði rannsóknarrétturinn og miðaldir voru mistök.“ Jón segist þó ekki vera búinn að ganga af trúnni þrátt fyrir mótlætið. „Hugmyndaríkir menn eins og ég lenda alltaf upp á kant við þröngsýna afturhaldsseggi. Þetta er bara sá kross sem ég þarf að bera.“

Guðmundi Má Sigurðssyni, sem situr í stjórn Hafnarfjarðardeildar kapólsku kirkjunnar, var mikið niðri fyrir. Hann skoraði á Símann að nota íslam í næstu auglýsingaherferð og sjá hvernig



**FÓRNARLAMB TALIBANISMA** Jón Gnarr hefur farið á kostum í líki Júdasar og Galileos. Honum hefur nánast verið útskúfað úr kapólsku kirkjunni fyrir þær auglýsingar.

viðbrögðin við henni yrðu. Hann sendi líka Jóni Gnarr tóninn: „Hann er ekki kapólikki. Kapólska er lífsstefna og Jón er ekki að fylgja henni. Maður sem tekur upp kapólska trú hlúir að umhverfi sínu og það er Jón ekki að gera.“ Hann tekur fram að það sé ekki hvað sé sagt sem fari fyrir brjóstið á kapólikkum heldur að þarna sé verið að nota trúna í auglýsingaskyni. Undirskriftalistar hafa legið frammi í kapólskum kirkjum og þó nokkrir

prestar kirkjunnar hafa skrifað undir þá.

Linda Björk Waage, upplýsingafulltrúi Símans, segir fyrirtækinu ekki hafa borist neim formleg kvörtun frá kapólsku kirkjunni eða kapólikkum. Ef til þess kæmi myndi fyrirtækið væntanlega boða fólk á sinn fund. „Okkur finnst við ekki vera að gera lítið úr trúnni. Við erum að skoða mannkynssöguna í skoplegu ljósi með þeirri tækni sem við búum yfir í dag.“ freyrgjiga@frettabladid.is

TAKTU ÞÁTT!



**SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ**  
**7. JÚNÍ 2008**

**SJÓVÁ**

# Flugfreyjur óskast!

**FLUGFREYJUR/-ÞJÓNAR**

Í fyrsta sinn á Íslandi býður Keilir yfirgripsmikið flugfreyju- og flugþjónanám.

Námið mun fara fram við bestu aðstæður á Keflavíkuvelli í nábýli við alþjóðlegan flugvöll, með einstakri, verklegri aðstöðu fyrir nemendur.

Námið er í nánu samstarfi við Icelandair, Iceland Express, Flugfélag Íslands og JetX.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 13. JÚNÍ.

**Keilir**  
Atlantic Center  
of Excellence



# TAX FREE

## SNYRTIVÖRU DAGAR

**FRÍHAFNARDAGAR**

Dagana 5.-8. júní  
afnemun við virðisaukaskatt  
af snyrtivörum.

*Fríhafnardagar  
um helgina*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 8. júní 2008.

**HAGKAUP**  
*Ein ferð betra verð*

# Okkar þjóðaratkvæðagreiðsla

Takið daginn frá: Laugardaginn 28. júní spila Björk og Sigur Rós ókeypis í Laugardalnum hjá gömlu þvottalaugunum. Tilgangur tónleikanna er að vekja athygli á náttúru Íslands og þeim krafti sem falinn er í þeirri auðlind okkar. Stefnt er að því að tónleikarnir hefjast kl. 17.

„Við Sigur Rós erum eins og utanríkisráðherrar þegar við ferðumst til útlanda,“ segir Björk, „og fimmtíu prósent af spurningunum sem við fáum eru um íslenska náttúru. Mér finnst pólitík geðveikt hallærisleg en þessi mál skipta mig máli. Mér finnst eins og ákvörðunarrétturinn hafi verið tekinn af þjóðinni varðandi þessi mál og við vonum að tónleikarnir verði okkar tegund af þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Eftir nokkra lægð í umhverfismræðunni virðist nú vera endur-



**ÞAÐ ERU FIMM ÞÚSUND AÐRIR MÖGULEIKAR** Björk og Sigur Rós spila í Laugardalnum 28. júní.

nýjaður hugur í fólki. Kvikmynd eftir Draumalandi Andra Snæs er væntanleg og ensk þýðing af bókinni. Þá á að stofna metnaðarfulla vefsíðu um íslenska náttúru og náttúruvernd. „Við vonum að tónleikarnir verði eitt skref í rétta átt,“ segir Björk. „Við viljum koma með lausnir. Það er svo margt

annað hægt að gera en að koma með enn eitt álverið. Það eru fimm þúsund aðrir möguleikar.“

Á milli Bjarkar og Sigur Rósar ætlar Ólöf Arnalds að troða upp. „Það verða líklega engir erlendir gestir sem koma fram,“ segir Björk. „Bæði ég og Sigur Rós munum spila heila tónleika. Þeir eru að kynna nýju plötuna sína. Ég spilaði síðast á Íslandi í apríl í fyrra og efnisskráin hefur smurð verulega og ný lög bæst við síðan þá. Þetta verða í raun allt öðruvísi tónleikar.“

Tónlistarfólkið gefur vinnu sína en tekið verður á móti frjálsum framlögum sem renna til málefnsins. Reykjavíkur kom til móts við skipuleggjendurna með fjárframlögum. Tónleikagestir eru eindregið hvattir til að mæta fótgangandi eða á reiðhjól.

- gfh

**SAMBÍÓ**

ÁLFABAKKA		SELFOSS	
SPEED RACER kl. 3-5D-8-10:50	L	SPEED RACER kl. 5-8	L
SPEED RACER kl. 5	VIP	HAROLD AND KUMAR 2 kl. 6	16
THE FORBIDDEN KINGDOM kl. 3-5:30-8-10:30	12	NEVER BACK DOWN kl. 8	12
INDIANA JONES 4 kl. 3-5:30-8D-10:40D	12	PROM NIGHT kl. 10:45	L
INDIANA JONES 4 kl. 8-10:40	VIP	THE HUNTING PARTY kl. 10:20	14
LOVE IN TIME OF CHOLERA kl. 5:30-8:15	7	<b>AKUREYRI</b>	
NEVER BACK DOWN kl. 10:40	14	SPEED RACER kl. 5:40-8	L
IRON MAN kl. 3-5:30-8-10:30	12	IN THE VALLEY OF ELAH kl. 10:30	16
<b>KRINGLUNNI</b>		NIM'S ISLAND kl. 6	12
SEX AND THE CITY kl. 5-8-10:50	14	FORBIDDEN KINGDOM kl. 8-10:10	16
SPEED RACER DIGITAL kl. 5D-8D-10:50D	L	<b>KEFLAVÍK</b>	
INDIANA JONES 4 kl. 4-6:30-9	12	ZOHAN kl. 5:30-8-10:20	10
<b>SparBíó 550kr</b>		SPEED RACER kl. 5-8	L
Á ALLAR SÝNINGAR MERTAR MED APPELSINGULU		SEX AND THE CITY kl. 11:00	14

**NÝTT Í BÍÓ!**

Frá höfundum MATRIX kemur einhver hraðasta mynd síðari ára.

**HANN BLÆS ÞIG Í DRASLI!**

**FRÁBÆR SPENNUMYND!**

Ótrúlegar ástundabrellur sem eða tö heilla alla í fjölkjöldum, unga sem eldri.

**ZOHAN** (Adam Sandler) - 10

**SEX AND THE CITY** - 14

**INDIANA JONES 4** - 12

**88 MINUTES** - 16

**FORBIDDEN KINGDOM** - 12

**WHAT HAPPENS IN VEGAS** - 7

**HORTON** - 14

**BUBBI BYGGIR Í VILTA VESTRUM** - 7

**ÖSKUR BERA ENGAN ARANGUR!** - 7

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

ZOHAN	kl. 5:30-8-10:30	10
ZOHAN LÚXUS	kl. 5:30-8-10:30	
SEX AND THE CITY	kl. 5-8-10:50	14
INDIANA JONES 4	kl. 5:20-8-10:40	12
PROM NIGHT	kl. 10:15	14
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 5:45-8	7
HORTON	kl. 3:50 ISLENSKT TAL	14
BUBBI BYGGIR Í VILTA VESTRUM	kl. 4 ISLENSKT TAL	7

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000 **650 kr.**

**SUMARTILBOÐ**

88 MINUTES	kl. 5:40-8-10:20	16
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 5:30-8-10:30	12
KICKIN IT OLD SKOOL	kl. 8	7
HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GH	kl. 8-10:15	12
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 5:45-10:20	7
BRÜÐGUMINN	kl. 6 ENSKUR TEXTI	7

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

**HÁSKÓLA BÍÓ** Sími 530 1919 **5%**

ZOHAN	kl. 5:30-8-10:30	10
SPEED RACER	kl. 6-9	
SEX AND THE CITY	kl. 6-9	14
INDIANA JONES 4	kl. 5:30-8-10:30	12

**BORGAR BÍÓ** Sími 462 3500

ZOHAN	kl. 8-10:15	10
SEX AND THE CITY	kl. 5:20-8	14
INDIANA JONES 4	kl. 5:40-10:40	12

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDANN Á **mid.is**

F ERD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITKORTI

AUKAKRÖNUR

**Nýtt í bíó**

**LAUGARÁS BÍÓ** Sími: 553 2075 - bara lúxus

**HANN BLÆS ÞIG Í DRASLI!**

**FRÁBÆR SPENNUMYND!**

Ótrúlegar ástundabrellur sem eða tö heilla alla í fjölkjöldum, unga sem eldri.

**ZOHAN** (Adam Sandler) - 10

**SEX AND THE CITY** - 14

**INDIANA JONES 4** - 12

**88 MINUTES** - 16

**FORBIDDEN KINGDOM** - 12

**WHAT HAPPENS IN VEGAS** - 7

**HORTON** - 14

**BUBBI BYGGIR Í VILTA VESTRUM** - 7

**ÖSKUR BERA ENGAN ARANGUR!** - 7

**LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

ZOHAN	kl. 4:30, 8 og 10:10	10
SEX AND THE CITY	kl. 4, 7 og 10:10	14
INDIANA JONES 4	kl. 4:30, 7 og 10	12

# Eigendur Boston ósáttir við auglýsingaherferð Vínbúða

Auglýsingaherferð Vínbúða hefur vakið óánægju eigenda barsins Boston sem sést í bakgrunni einnar auglýsingarinnar. Annar eigandinn, Hildur Zoëga, segir að þeir sem stóðu fyrir auglýsingunni hefðu sagt að aðeins væri um að ræða stutta sjónvarpsauglýsingu en ekki auglýsingu fyrir prentmiðla.

„Við leyfum engar myndatökur inni á staðnum, við viljum að gestir okkar fái að sitja óáreittir og lausir við flass frá myndavélum þegar þeir fá sér drykk. Ástæðan fyrir því að við lánum staðinn yfirleitt ekki í auglýsingar er sú að við viljum ekki að mynd staðarins tengist fyrirtækjum eða vörum,“ segir Hildur Zoëga, annar eigandi Boston við Laugaveg.

Vertar staðarins eru ósáttir við auglýsingaherferð Vínbúðanna, og segjast ekki hafa gefið leyfi fyrir myndatökum á staðnum. Þeir sem stóðu að auglýsingunni höfðu fengið leyfi fyrir sjónvarpsauglýsingu en skýrt var tekið fram að myndataka væri óheimil. „Við vorum mjög ósáttar þegar við sáum Boston bæði í dagblöðum og á auglýsingaskiltum og höfðum strax samband við auglýsingaskrifstofuna Ennemm sem stóð fyrir herferðinni. Þeir vísuðu okkur á framleiðslufyrirtækið Sagafilm sem taldi að verktaki á þeirra vegum hefði misskilið aðstæður en það fyrirtæki sagði okkur að ábyrgðin lægi hjá auglýsingastofunni,“ segir Hildur. Aðspurð um hvernig hún vilji að málinu ljúki svarar hún: „Helst hefðum við viljað að auglýsingarnar hefðu verið teknar úr umferð strax, en fyrst svo var ekki viljum við aðeins að greitt verði sanngjarnt verð fyrir afnot af staðnum.“

Jón Sæmundsson hjá Ennemm segir fyrirtækið ekki hafa séð um sanningsviðræður við Boston. Hann segir jafnframt að eigendur barsins hafi verið á staðnum við töku auglýsingarinnar og vitað af ljósmyndaranum. Þessu svarar Hildur: „Tökur drögust og það átti að vera búíð að opna staðinn



**BOSTON Á LAUGAVEGI** Deilt er um notkun staðarins í auglýsingaherferð.

fyrir gesti, ég hafði fært mig upp á efri hæðina svo að tökufólkið gæti klárað sína vinnu. Ég vissi því ekki af ljósmyndaranum.“ Jón Bjarni Guðmundsson hjá Sagafilm segir að um leiðindamál sé að ræða og að þetta hafi einfaldlega verið misskilningur sem þurfi að leiðrétta. Ljósmyndarinn mun þó ekki hafa verið á þeirra vegum og vegna myndatökunnar tafðist vinna Sagafilm á staðnum.

- sm

# Ekkert okur á Organmarkaði

Við skemmtistaðinn Organ rís úti-markaður um helgina og allar helgar í sumar. Sá er sérstakur fyrir að það vera þemamarkaður. Gígja Ísis Guðjónsdóttir segir markaðinn með allt öðru sniði en til dæmis Sirkusmarkaðinn eða Kolaportið. „Við ætlum að halda markað með þemad ungir listamenn á uppleið og hönnunarmarkað þar sem fólk selur vörurnar sínar, tónlistarmarkað og fleira.“ Varðandi verðið bætir hún við: „Hér verður ekkert okur.“



**NÝTT ÞEMA OG LÍFLEG STEMING Í PORTINU ALLAR HELGAR** Gígja Ísis Guðjónsdóttir og Hanna Kristín Birgisdóttir sjá um úti-markað við skemmtistaðinn Organ.

Hverjum markaði fylgir svo einhver uppákoma sem passar við þemað, tónleikar, tiskusýningar eða hárgreiðsla, en allar helgar er grillað. „Það verður mætt með hárskærin á morgun,“ segir Gígja, en þá er opnað með pompi og prakt. Organ fagnar líka breyttum opnunartíma, en staðurinn opnar nú klukkan tvö alla daga.

Markaðssnillingar geta pantað sér pláss á markaðnum í gegnum heimasíðuna [myspace.com/organmarket](http://myspace.com/organmarket).

- kbs

**SparBíó 550kr föstudag**

**SAMBÍÓ** REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

<b>SPEED RACER</b> kl. 3 í Álf., kl. 5 í Kringl., kl. 5 á sel., 5:40 á ak., og kl. 5:30 í kef.	<b>FORBIDDEN KINGDOM</b> kl. 3 í Álfabakka	<b>SEX AND THE CITY</b> kl. 5 í Kringlunni	<b>Indiana Jones 4</b> kl. 3 í Álfabakka og kl. 4 í Kringlunni	<b>IRON MAN</b> kl. 3 í Álfabakka	<b>NIMS ISLAND</b> kl. 6 á Akureyri
--	--	--	--	-----------------------------------	-------------------------------------



## Hjá Apakonunginum

Bandarískur strákur með kínverskar bardagamyndir á heilanum rekst á staf hins forna kínverska stríðsmanns sem kallaður var Apakonungurinn. Töfrar stafsins flytja þann unga aftur í tímann til Kína, þar sem hann fær aðstoð valinkunns bardagafólks til að skila stafnum til Apakonungsins, sem situr fastur í álögum, ásamt því að læra kung fu í leiðinni.

Þrátt fyrir að vera alþjóðlegar stórstjörnur með áratuga reynslu í bransanum er *The Forbidden Kingdom* fyrsta kvikmyndin sem þeir Jackie Chan og Jet Li leika saman í. Væntingar eru því einhverjar, þá sérstaklega hjá unndendum kung fu-mynda og það má segja að myndin skili sínu innan marka Hollywood-formúlunnar.

Útkoman er fantasíu-fjölskyldu-mynd sem gengur mest upp vegna hæfileika Chan og Li, sem fá að láta ljós sitt skína í slagsmálasenunum. Þeir fara reyndar hvorugur með hið eiginlega aðalhlutverk, strákurinn sem nemur af þeim og er jafnframt inngangspunktur áhorfandans í þennan framandi kínverska töfraheim, en myndin lifnar við þegar þeir mæta til leiks. Í raun er söguþráðurinn ekki upp á marga fiska, þótt fantasíuhlutinn sé áhugaverður, en allt fellur í ljúfa löð þegar þeir kumpánar láta hnefana tala og

### KVIKMYNDIR

#### *The Forbidden Kingdom*

Leikstjóri: Rob Minkoff. Aðalhlutverk: Jet Li, Jackie Chan, Michael Angarano.

★★

Sæmileg afþreying sem skilur lítið eftir sig.

hafa ætíð stutt í grínið. Það verður svo að minnst á að það er meistari Yuen Woo-Ping sem útfærir bardagana, en sá gerði það m.a. í *Kill Bill* og *The Matrix*.

Aldur Chan ætti að fara að segja til sín en það er ekki að sjá hér, hann og Li virðast jafn liprir og fyrir áratug síðan. Hvor þeirra fer með tvö hlutverk í myndinni; Chan sem gamall búðareigandi og yngri drykkfelldur stríðsmaður og Li sem Apakonungurinn annars vegar og munkur hins vegar.

Hollywood-bragurinn er aftur á móti óumflýjanlegur og stundum er aulahúmorinn aðeins um of; markhópurinn er í yngri kantinum. En myndin tekur sig ekki of alvarlega, lítur mjög vel út og sem auðgleymanleg skemmtun með fullt af flottum bardögum sleppur hún vel fyrir horn.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is

## Opíó hús

í Menntaskólanum í Reykjavík fyrir 9. og 10. bekkinga og forráðamenn þeirra verður sunnudaginn 8. júní kl. 14-17.

Nemendur velja um tvær meginnámsbrautir með fjölbreyttum kjörsviðum:

- Málabraut  
2 nýmáladeildir  
2 fornáladeildir
- Náttúrufræðibraut  
2 eðlisfræðideildir  
2 náttúrufræðideildir

Par kynna kennarar og nemendur skólann.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Rektor

*Reynslan sýnir að nám í Menntaskólanum í Reykjavík er traustur grunnur fyrir nám á háskólastigi.*

Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7, 101 Reykjavík

# SUMARTILBOÐ Í BÍÓ Í REGNBOGANUM

650 kr.

allar myndir  
allar sýningar  
alla daga í  
allt sumar

## > Logi á batavegi en verður ekki með

Logi Geirsson verður ekki með íslenska landsliðinu í handbolta í síðari leiknum gegn Makedóníumönnum þann 15. júní í Laugardalshöll. Er það seinni leikurinn í umspili um laust sæti á HM á næsta ári en fyrri leikurinn er á sunnudag. Logi reif kviðvöðva fyrir nokkrum vikum og hefur verið í stífri þjálfun sjúkraþjálfara sem reyndar sögðu að hann ætti möguleika á því að ná síðari leiknum. „Ég þekki sjálfan mig það vel að ég verð því miður ekki tilbúinn í leikinn vegna meiðslanna. En, ég hef gríðarlega trú á strákunum og fyrst þeir gátu klárað Sviana án mín geta þeir vel klárað Makedóníumenn líka,“ sagði Logi glaðbeittur að venju.



**sport**  
sport@frettabladid.is

**RAKEL HÖNNUDÓTTIR, FYRIRLIÐI ÞÓR/KA: ÁKVAÐ AÐ VERA ÁFRAM Á AKUREYRI OG SÉR EKKI EFTIR ÞVÍ**

## Vorum hálfvúlar að hafa ekki unnið KR

Rakel Hönnudóttir og félagar í liði Þór/KA hafa vakið mikla athygli í upphafi Landsbankadeildar kvenna. Liðið er í 4. sæti með sex stig og er búið að spila við bæði toppliðin, Val og KR.

„Við erum miklu ákveðnari en í fyrra og erum bara farnar að hafa trú á þessu. Við gátum þetta alveg í fyrra en það voru bara of fáar sem höfðu trú á því. Við erum búnar að átta okkur á því að við getum alveg staðið í þessum stóru liðum,“ segir Rakel og liðið lét slæma byrjun ekkert slá sig út af laginu. Þór/KA lenti 0-3 undir eftir fimmtán mínútur á móti Íslandsmeisturum Val. „Þjálfarinn spurði okkur hvað við værum eiginlega að gera þegar við vorum komnar 4-0 undir í hálfleik í fyrsta leiknum á móti Val. Seinni hálfleikurinn var miklu betri og síðan hefur þetta verið upp á við hjá okkur,“ sagði Rakel og KR var heppið að sleppa með 2-3 sigur frá Akureyri í 2. umferðinni. „Við vorum bara hálfvúlar að hafa ekki unnið KR því við byrjuðum miklu betur en þær. Það var samt fínt að standa í þeim,“ segir Rakel. Rakel var ekki alltof ánægð með leikinn á móti HK/Viking en sigurinn hafðist og liðið átti síðan mjög

góðan leik á móti Blikum. „Við vorum allar ótrúlega ánægðar með að vinna Breiðablik því við höfðum ekki náð að vinna Breiðablik, að minnsta kosti ekki síðan að ég byrjaði í meistaraflokki,“ segir Rakel sem er fyrirliði liðsins þrátt fyrir ungan aldur. Rakel er líka að þjálfra 5. flokka og á fullu með A-landsliðinu. „Það er nóg að gera sem er bara gott mál. Ég er líka mjög sátt við mitt framlag í sumar og ég er búin að ná að skora þrjú mörk sem er ég er ánægð með. Einu áhyggjurnar sem ég hef er að stelpurnar ofmetnist en við reynum að halda okkur niðri á jörðinni og passa upp á það,“ segir Rakel en framundan eru leikir á móti liðum neðar en þær í töflunni.

„Okkur var spáð 7. sætinu og markmiðið var að enda ofar,“ segir Rakel sem segist sjá mikla breytingu á deildinni síðustu ár því hún sé orðin miklu jafnari. „Þetta er allt annað en fyrir tveimur árum þegar Valur, KR og Breiðablik voru að rústa þessu,“ segir Rakel og hún og félagar hennar í Þór/KA-liðinu eiga mikinn þátt í því með góðri frammistöðu sinni í sumar.



### Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingar-deild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á [www.posthusid.is](http://www.posthusid.is)



Mikill áhugi á EM:

## Uppselt á EM

**EM 2008** Um fjórðungur miða á EM fer til velunnara og styrktaraðila en 75 prósent voru seldir í gegnum knattspyrnusambönd þjóðanna eða í gegnum heimasíðu UEFA. Um tuttugu prósent miða fóru til sambandanna. Heildarfjöldi miða er yfir milljón. Uppselt er á alla leiki keppinnar. Gríðarlegur fjöldi sótti um miða í gegnum UEFA og draga varð um hverjir hrepptu hnossið. Mótið hefst á morgun þegar Svisslendingar mæta Tékkum. Hinn leikurinn á morgun er milli Portúgals og Tyrklands en þessi fjögur lið leika saman í riðli. - hþh

# Kom mér mjög á óvart

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ dæmdi Guðjón Þórðarson, þjálfara ÍA, í eins leiks bann og sektaði knattspyrnudeild ÍA um 20 þúsund krónur. Bannið fær Guðjón fyrir framkomu sína eftir leik Keflavíkur og ÍA í lok síðasta mánaðar.

**FÓTBOLTI** Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, varð í gær fyrsti knattspyrnuþjálfarinn í efstu deild á Íslandi sem fær bann fyrir ummæli sem hann viðhafði eftir leik.

Guðjón var dæmdur í eins leiks bann af aga- og úrskurðarnefnd sem tók sér drjúgan tíma í að fjalla um málið sem var skotið inn á borð aganefndar af Þóri Hákonarsyni, framkvæmdastjóra KSÍ.

Guðjón fór mjög hörðum orðum um Ólaf Ragnarsson dómara og forystu KSÍ á Stöð 2 Sport eftir leik Keflavíkur og ÍA. Guðjón sagði meðal annars að Ólafur hefði beitt leikmann sinn, Stefán Þórðarson, ofbeldi í leiknum. Guðjón sakaði Ólaf einnig um að dæma gegn ÍA-liðinu af ásetningi.

Hann sakaði dómara síðan um að halda fundi í bakherbergjum þar sem þeir færu yfir það hvernig ætti að taka á Skagaliðinu. Hann sagði það vera knattspyrnuforystunni til skammar.

„Ég get ekki neitað því að það kemur mér verulega á óvart að hafa verið dæmdur í bann. Það eru mín fyrstu viðbrögð. Annars hef ég ekkert um dóminn að segja að svo stöddu máli.“

Ég á eftir að kynna mér úrskurðinn og í kjölfarið kemur í ljós hvort ég segi eitthvað eða hvort við gerum eitthvað. Við munum skoða þetta mjög gaumgæfilega,“ sagði Guðjón Þórðarson við Fréttablaðið í gærkvöldi. Hann mun því ekki stýra liði sínu gegn HK á Kópavogsvelli næsta sunnudag.

Vísir birti dóm aganefndar í gærkvöldi en þar segir að ummæli Guðjóns hafi verið ósæmleg og með þeim hafi Guðjón gefið í skyn að ekki væri heiðarlega staðið að málum innan KSÍ og unnið væri vísitandi gegn hagsmunum annars aðilans. Með þessu hafi Guðjón skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu.

Fréttablaðið hafði samband við Ólaf Ragnarsson í gær en hann



**SETTUR Í SKAMMARKRÓKINN** Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ dæmdi Guðjón Þórðarson í eins leiks bann vegna ummæla. Hann mun því ekki stýra liði ÍA gegn HK um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

vildi ekkert tjá sig um dómarmál. Hann hafði áður vísað ummælum Guðjóns til föðurhúanna. Ólafur hefur aðeins dæmt

þennan eina leik í sumar og ekki fengið verkefni eftir leik Keflavíkur og ÍA.

henry@frettabladid.is

**Coca-Cola**  
EURO2008  
Austurliki - Sviss

**EM 2008  
hefst  
á morgun**

Coca-Cola and Coke are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2008 The Coca-Cola Company.

# Alvöru nám í einkaþjálfun

## EINKAÞJÁLFRANÁM

ÍAK EINKAÞJÁLFRANÁM ER Á VEGUM HEILSU- OG UPPLEIÐSKÓLA KEILIS.

Markmiðið er að mennta framúrskarandi einkaþjálfara með yfirgripsmikla þekkingu á heilbrigði einstaklinga og hæfni til að búa til einstaklingsmiðaðar þjálfunaráætlanir á sviði styrktar og þolþjálfunar. Rík áhersla er lögð á verklega kennslu.

FYRRI UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 13. JÚNÍ!



**Keilir**  
Atlantic Center  
of Excellence



# EM TILBOÐ



## VELDU PHILIPS BREIÐTJALD

**TILBOÐ**

**Afsláttur**

### PIXEL PLUS MYNDTÆKNI

**TILBOÐ**

32PFL5322 **kr. 114.995** *kr. 20.000*

32" LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, Skerpa: 4.000:1, 2 x 20w Nicam Stereó, Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS ofl.

**32"**

**TILBOÐ**

37PFL5322 **kr. 149.995** *kr. 25.000*

37" LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, Skerpa: 5.000:1, 2 x 30w Nicam Stereó, Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS ofl.

**37"**

**TILBOÐ**

42PFL7662D **kr. 199.995** *kr. 70.000*

42" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, Progressive Scan, Skerpa: 5.000:1, Innb. digital DVB-T móttakari, 3D Combfilter og Active Control, 2 x 10w Nicam Stereó, Incredible Surround ofl.

**42"**

**TILBOÐ**

**Afsláttur**

### TOPPURINN FRÁ PHILIPS

**TILBOÐ**

37PFL9732D **kr. 299.995** *kr. 80.000*

37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, 1920x1080 punkta uppl., Perfect Pixel HD, Ambilight Surround, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD, 32w Nicam Stereó með wOOx bassa, innb. DVB-T mótt., 2 Scart, 3 HDMI ofl.

**37"**

**TILBOÐ**

42PFL9732D **kr. 399.995** *kr. 60.000*

42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, 1920x1080 punkta uppl., Perfect Pixel HD, Ambilight Surround, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD, 32w Nicam Stereó með wOOx bassa, innb. DVB-T mótt., 2 Scart, 3 HDMI ofl.

**42"**

**TILBOÐ**

42PFL9900D **kr. 429.995** *kr. 170.000*

42" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight Spectra - bakljós, Digital Natural Motion HD og Progressive Scan, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD - eykur skerpu

**42"**

### AMBILIGHT BAKLÝSING

**TILBOÐ**

32PFL7962D **kr. 149.995** *kr. 40.000*

32" LCD HD Pixel Plus 2 BREIÐTJALD, 1366x768 punkta upplausn, Ambilight 2 - bakljós, Digital Natural Motion, Progressive Scan, Skerpa: 7.500:1, innb. DVB-T mótt., 2 x 20w Nicam Stereó ofl.

**32"**

**TILBOÐ**

37PFL9632D **kr. 279.995** *kr. 70.000*

42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight 2 - bakljós, Digital Natural Motion HD og Progressive Scan, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD - eykur skerpu

**37"**

**TILBOÐ**

42PFL7962D **kr. 249.995** *kr. 60.000*

42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight 2 - bakljós, Digital Natural Motion HD og Progressive Scan, Skerpa: 7.500:1

**42"**

### RISATÆKI - 47-52" SKJÁIR

**TILBOÐ**

47PFL5522D **kr. 239.995** *kr. 40.000*

47" HD LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, Anti-Reflection, Progressive Scan, Innbyggður digital DVB-T móttakari, Skerpa: 5.000:1, 2 x 20w Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI ofl.

**47"**

**TILBOÐ**

52PFL7762D **kr. 399.995** *kr. 100.000*

52" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion og Progressive Scan, Skerpa: 12.000:1, Ljósmyndari og Active Control, Innb. digital DVB-T móttakari, 40w Nicam Stereó ofl.

**52"**

**TILBOÐ**

52PFL9632D **kr. 479.995** *kr. 200.000*

52" LCD Perfect Pixel HD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight 2, HD Natural Motion og Progressive Scan, Skerpa: 10.000:1, ljósmyndari og Active Control, Innb. digital DVB-T mótt., 32w Nicam Stereó, USB ofl.

**52"**



**Allt að 200.000 kr. afsláttur**

**PHILIPS**

Hágæða mynd- og hljómgæði



**Heimilistæki**

www.ht.is

REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS  
SUDURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARDARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21  
SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700

	<b>2-3</b>	
<b>Fylkir</b>		<b>Próttur</b>
Fylkisvöllur, áhorf.: 841		Eyjólfur Kristinnsson (6)
1-0 Þórir Hannesson (16.)		
1-1 Magnús Már Lúðvíksson (38.)		
2-1 Jóhann Þórhallsson (61.)		
2-2 Hjörtur Hjartarson, víti (82.)		
2-3 Michael Jackson (90.+2)		

## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-15 (7-8)
Varin skot	Fjalar 2 - Bjarki Freyr 4
Horn	2-10
Aukaspjrnur fengnar	13-12
Rangstöður	1-5

<b>FYLKIR</b> 4-5-1	<b>PRÓTTUR</b> 4-5-1
Fjalar Þorgeirsson 6	Bjarki Guðmundsson 6
Andrés Jóhannesson 5	Eysteinn Lárusson 4
(46., Kjartan Breið 6)	(73., Jón R. Jónsson -)
Kristján Valdimars 5	Þórður Hreiðarsson 7
Valtur F. Gíslason 6	<b>*Michael Jackson 8</b>
Þórir Hannesson 7	Kristján Ó. Björnsson 5
Peter Gravesen 6	Rafn Andri Haralds 6
Guðni R. Helgason 7	Dennis Danry 6
Ian Jeffs 6	Hallur Hallsson 7
(46., Ólafur Stigs 5)	Haukur Páll Sigurðs 7
Halldór Hilmisson 6	Adolf Sveinsson 6
Allan Dyring 5	(21., Magnús Lúðví. 7)
(79., Hermann Adal.)	Hjörtur Hjartarson 7
Jóhann Þórhallsson 6	

\*Maður leiksins



Í GÓÐUM HÓPI Kristinn sést hér skokka í dómarahópi þeim sem tekur þátt í EM.

NORDIC PHOTOS/AFP

## Kristinn Jakobsson dómari: Í eldlínunni á sunnudaginn

**FÓTBOLTI** FIFA-dómari Kristinn Jakobsson verður fjórði dómari á leik Austurríkis og Króatíu í fyrsta leik þjóðanna í B-riðli á EM en leikurinn fer fram í Vín á sunnudag. Kristinn mun þá vinna með dómaraþrói frá Hollandi.

Kristinn verður aftur að störfum næstkomandi miðvikudag í leik Tékklands og Portúgals í öðrum leik liðanna í A-riðli en leikurinn fer fram í Genf.

- 6p

# Michael Jackson tryggði Prótti sigur í „thriller“

Varnarmaðurinn Michael Jackson skoraði sigurmark Próttar á lokasekúndum leiksins gegn Fylki í Árbænum. Lokatölur 2-3. Próttarar bundu þar með enda á þriggja leikja sigurhrinu Fylkis en unnu um leið sinn annan sigur í röð.

**FÓTBOLTI** Próttur vann ævintýrlegan sigur á Fylki 2-3 með marki á lokasekúndunni í fyrsta leik 6. umferðar Landsbankadeildar karla á Fylkisvelli í gærkvöld. Það var Michael Jackson sem skoraði sigurmarkið.

Próttarar pressuðu Fylkismenn stíft á upphafsminútunum og heimamenn komust vart yfir miðju vallarins á fyrsta stundarfjórðungi leiksins. Það eru hins vegar mörkin sem skipta máli og Fylkismenn skoruðu þvert gegn gangi leiksins á 16. mínútu með glæsilegu upplaupi. Vinstri bakvörðurinn Þórir Hannesson skeiðaði þá upp völinn og náði með lúmskum hætti að lauma sér á bak við Eysteinn Lárusson og fékk fullkomna sendingu frá Vali Fannari Gíslasyni. Þórir komst þar með einn á móti Bjarka Frey í markinu og skoraði af miklu öryggi.

Próttarar gáfust ekki upp við mótlætið og héldu sínu striki sóknarlega. Eina sem vantaði hjá gestunum framan af leiknum var að reka endahnúttinn betur á sóknirnar sem enduðu flestar með skotum sem reyndu ekki einu sinni á Fjalar í markinu, ef skotin hitu yfir höfuð á markið. Það breyttist þó á 38. mínútu þegar varamaðurinn Magnús Már Lúðvíksson skoraði með föstu skoti af stuttu færi. Magnús Már kom með mikinn kraft inn í lið Próttar og stuttu síðar komst hann inn fyrir vörn Fylkis með flottu þríhyrningsspili við Hjörtur Hjartarson og átti skot í stöng.

Seinni hálfleikur fór ekki jafnæsilega af stað og sá fyrri en það kom hins vegar mark eftir sextán mínútur eins og í fyrri hálfleik. Guðni Rúnar Helgason tók aukaspjurnu sem Valur Fannar skallaði fyrir markið á Þóri sem skallaði í stöng. Þaðan barst boltinn fyrir Jóhann Þórhallsson sem skoraði örugglega af stuttu færi.

Jóhann fékk svo dauðafæri einn á móti Bjarka Frey eftir sendingu Allans Dyring en fór þá illa að ráði



SVEKKTIR Fylkismennirnir Peter Gravesen og Guðni Rúnar Helgason sjá svekkir á svip á meðan Próttararnir Magnús Már Lúðvíksson og Hjörtur Júlíus Hjartarson fagna.

FRÉTTABLAÐIÐ/XX

sínu.

Það dró svo til tíðinda á 82. mínútu þegar Próttarar fengu réttlaga dæmt víti þegar Valur Fannar braut á Hirti. Hjörtur tók vítið sjálfur og skoraði. Mínútu síðar fékk varnarmaðurinn Kristján Valdimarsson að líta sinn annað gula spjald og þar með rautt og Fylkismenn því manni færri á lokakafla leiksins. Próttarar reyndu hvað þeir gátu til þess að nýta sér liðsmuninn og það tóks þegar Michael Jackson skoraði sigurmarkið á lokasekúndunum með skalla eftir hornsþyrnu.

Gunnar Oddsson, þjálfari Próttar, var í skýjunum í leiklok. „Ég er gríðarlega ánægður með þrjú stig í Árbænum. Við áttum fyrri hálfleikinn eins og hann lagði

sig og við gáfust ekki upp þótt við lentum 2-1 undir. Það er allt annar bragur á leik okkar frá því í fyrsta leik og leikmennirnir finna það að þeir eru að gera eitthvað rétt og eru komnir með meira sjálfsþraust“, sagði Gunnar sáttur.

Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, var vitanlega ekki jafnsáttur í leiklok. „Mér finnst einfaldlega að við hefðum átt að vinna leikinn. Ég var ósáttur með fyrri hálfleikinn og við fórum yfir það í hálfleik og komum okkur í góða stöðu í seinni hálfleik og hefðum getað kálað leiknum með því að komast í 3-1 en það gekk ekki eftir. Það var jákvætt að við vorum að skapa okkur færi en menn verða að nýta þau“, sagði Leifur að lokum.

omar@frettabladid.is



MEIDDUR Reynir Leósson er einn þriggja Framara sem verða frá í nokkrar vikur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Meiðsli í herbúðum Fram:

## Þrjú leikmenn í nokkurri óvissu

**FÓTBOLTI** Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, segir að nokkur óvissa ríki um þrjú leikmenn liðsins. Þetta eru Henrik Eggertsson, Reynir Leósson og Jón Þorgrímur Stefánsson sem allir eru meiðdir.

„Henrik hefur tekið lengri tíma að ná sér en við bjuggumst við. Hann er meiðdur á læri og við vitum ekki hvenær hann kemur aftur. Það verða í það minnsta nokkrar vikur, þær gætu orðið tvær og þær gætu orðið átta, það er mjög óljóst. Vonandi eru aðeins vika til tíu dagar í Jón Þorgrím, hann er betri með hverjum degi og er á réttri leið. Reynir verður svo frá í nokkrar vikur en hann er í meðferð. Við vonum það besta bara með þá alla“, sagði Þorvaldur en Framarar mæta Grindvíkungum á sunnudag.

- hþ

Nýliðar Hull missa mann:

## Okocha á förum frá Hull

**FÓTBOLTI** Í gær var tilkynnt að Nígíeríumaðurinn magnaði Jay-Jay Okocha myndi ekki leika með nýliðum Hull City í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð.

Okocha, sem orðinn er 34 ára, hefur fengið þau skilaboð að hans krafta hjá félaginu sé ekki óskað lengur.

Hann kom til félagsins í september á síðasta ári en náði aðeins að komast í byrjunarliðið ellefu sinnum vegna þráláttra meiðsla. Líklegt er talið að hann muni leggja skóna á hilluna í kjölfarið.

- hbq

Sjötíu prósent leikjanna teljast hafa verið jafnir í Landsbankadeild kvenna:

## Þjálfararnir orðnir „taktískari“

**FÓTBOLTI** Landsbankadeild kvenna hefur farið vel að stað. Það hefur reyndar lítið breyst á toppnum frá því í fyrra því Valur og KR eru áfram hlið við hlið á toppnum en fjórtán af tuttugu leikjum geta talið hafa verið jafnir í fyrstu fjórum umferðunum og aðeins einn leikur hefur unnist með meira en fimm marka mun.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari er ánægður með þróun mála. „Það eru nokkur lið að koma á óvart og það er mjög ánægjulegt að þetta skuli vera að jafnast. Mér finnst Afturelding hafa spilað sína leiki mjög vel og hafa sýnt að þær eru með sterkt lið. Stjarnan og Þór/KA hafa líka staðið sig vel í byrjun móts, við sáum að Þór/KA vinnur Breiðablik og bæði liðin eru ofar en ég bjóst



NAUMUR SIGUR Afturelding stóð sig vel gegn Íslandsmeisturum Vals.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

við. Það hafa verið margir jafnir leikir og það eru mörg lið um miðbik deildarinnar sem virka mjög jöfn“, segir Sigurður Ragnar sem segist sjá miklu meira lagt upp úr taktík en áður.

„Þjálfararnir eru orðnir taktískari og leggja meiri áherslu á það að fá ekki mörg mörk á sig. Veikari liðin eru að spila betri vörn og það er betra skipulag á liðunum“, segir Sigurður.

Toppliðin þurfa að hafa miklu meira fyrir hlutunum eins og sást á naumum sigri KR á Þór/KA fyrir norðan og eins marks heimasigri Vals á Aftureldingu í síðustu umferð. „Ég átti ekki fyrirfram

von á því að það yrðu svona margir jafnir leikir en ég á samt sem áður von á því að Valur og KR muni vera í algjörum sérflokki í sumar. Valur og KR eru með mikið af landsliðskonum og það er erfitt að keppa við þessi lið. Flest hin liðin eru samt að byggja upp á uppöldum leikmönnum og styðja síðan við þær með útlendingum og þau eru á góðri leið“, segir Sigurður sem segir að Blikarnir hafi valdið sér vonbrigðum.

„Bæði Keflavík og Breiðablik geta hitt á góða leiki og geta bæði strítt Val og KR en ég bjóst við Breiðabliki ofar í töflunni. Þær hafa ekki farið vel af stað og hafa ekki verið sannfærandi í þeim leikjum sem ég hef séð með þeim“, segir Sigurður Ragnar.

Eins og fleiri þá hefur Sigurður hrifist mikið af framgöngu Aftureldingar í sumar. „Afturelding getur verið spútnikliðið í sumar. Þær eru búnar með erfiða leiki og eru þess vegna bara með þrjú stig“, segir Sigurður Ragnar sem hefur einnig hrifist af umgjörðinni í kringum liðið. „Þetta lið hefur sett skemmtilegan svip á upphaf mótsins. Þetta er svona dæmi um lið sem hefur verið að byggja upp og núna eru margir í kringum starfið og það er spennandi að sjá liðið spila í fyrsta sinn í þetta deild. Það er gaman að sjá efstu gerast“, segir Sigurður Ragnar.

- 66j



**BIKAR DOWNHILL KEPPNI ÖSSURAR**

**ÚLFARSEFELLI 7. JÚNÍ 2008**

ÆFINGAR BYRJA KL. 10:00  
KEPPNI HEFST KL. 14:00

**TVEIR FLOKKAR.**

- YNGRI FLOKKUR FÆDDIR EFTIR 92.
- ELDRI FLOKKUR FÆDDIR FYRIR 91.

SKRÁNINGU LÝKUR KL. 13:00

**NAUÐSYNLEGUR BÚNAÐUR KEPPENDA:**

- FULLFACE HJÁLMAUR
- HNÉ OG LEGGHLÍFAR
- BRYNJA OG OLNBOGAHLÍFAR

www.hfr.is

CTI® - SPELKUR FYRIR SPORTIÐ

www.ossur.is/cti





# EM tilboð

Ef þú kaupir sjónvarp getur þú unnið grill að verðmæti 159.990kr

OPIÐ  
til 20  
alla daga

## Toshiba 37" LCD

37C3000PG

- 37" 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- PIXEL processing III Myndtækni
- HD Ready
- Skerpa: 5.000:1
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Faroudja DCDI og Real Digital Picture
- 2 x 25w Nicam Stereó Hljóðkerfi með SRS WoW Surround
- 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 92x61,3x12,1 og þyngd: 16,8kg



129.990kr  
ÓTRÚLEGT VERÐ

## Panasonic 32" LCD

TX32LM70F

- 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- HD Ready
- Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- VIERA Link
- Backlight Control
- 20w Nicam Stereó með V-Audio Hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Borðstandur með 15° gráðu snúning fylgir
- Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 65,7x47,3x10,7 og Þyngd: 12,5kg



99.990kr  
ÓTRÚLEGT VERÐ

## Dantax 40" LCD sjónvarp

40LCDV7

- 40" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- Skerpa: 2.000:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 550 cd/m2
- Nicam Stereó Hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 108x81,2x14,2



119.990kr  
ÓTRÚLEGT VERÐ

## United 19" sambyggt

TVD7056

- 19" 16:9 LCD skjár
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Innbyggður DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Sjónsvið (h/v): 150/130° og birtustig: 300 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms
- 12v og 220v
- Nicam Stereó Hljóðkerfi
- Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- 12v snúra fylgir
- svefnrofi og fjarstýring
- Passar fyrir VESA100 festingar (fylgir ekki)
- Borðstandur fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 46x35x8 og þyngd: 7kg



54.990kr  
Verð áður 59.990.



Þeir sem kaupa sjónvarp í Hagkaupum á meðan EM í fótbolta stendur yfir geta lagt nafn sitt í pott sem dregið verður úr að EM loknu.

Einn heppinn viðskiptavinur mun þá hljóta að verðlaunum vandað Grandhall Professional 584 gasgrill að verðmæti:

159.990kr

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

Gildir á meðan EM í fótbolta stendur yfir. Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

## > Richard Gere

Gere er búddisti og stuðningsmaður Dalai Lama. Hann er ötull talsmaður mannréttinda í Tíbet og má ekki fara til Kína því yfirvöld þar hafa sett hann í bann. Gere leikur í myndinni Runaway Bride sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ: JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON ROKKAR VIÐ IMBANN:

# Ekkert bull um markaðssetningu og seld eintök

Það er tær snilld hjá Sjónumvarpinu að bjóða áhorfendum upp á heimildarþáttaröðina Sögu rokkisins. Það er bara verst að þættirnir eru fjárir slæmir fyrir málfutning talsmanna Lýðheilsustöðvar því ekki verður betur séð en fjölmargir af gömlu rokkarunum séu hinir spengilegustu eftir jafnvel áratuga svall. Þó hafa einhverjir látið heldur betur á sjá eins og Keith Richards sem lítur út eins og skúringartuska og svo er saga Sids Barrett hjá Pink Floyd vissulega víti til varnaðar séu einhverjir heitir fyrir því líferni sem menn tileinkuðu sér þegar rokkið var undið upp í sýkedelíu.

En síðan leiðir maður hugann að því af hverju skemmtilegustu tónlistarþættirnir séu iðulega þeir þar sem lítið er yfir farinn veg. Það er ekki eins og



það sé ekkert í gangi nú í dag. Ég tel að hluta skýringarinnar megi finna í því að allt tal um tónlist í dag er orðið svo samtvinnað kjaftæði um sölu, markaðssetningu og ímynd að það er varla fyrir aðra en almennatengla að hlusta á. „Hvað hefur platan selst í mörgum eintökum? Hverjir gefa hana út? Hvar hefur hún verið gefin út?“ og þar fram eftir götunum. Þegar lítið er yfir farinn veg er hins vegar talað nokkuð um tónlistina sem er afar skemmtileg tilbreyting. Það er síðan ekki verra að heyra sögur af mönnum eins og Ginger Baker í Cream sem var með dömu á hvoru læri og eitthvað fleira til innan seilingar sér til skemmtunar. Það er þó vissulega ekki til eftirbreytni.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.55 America's Got Talent** STÖÐ 2



▶ **20.00 F1 - Við rásmarkið** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Wildfire** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10 Kraftaverk (Miracle)** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Svalbarði** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leidarljós**  
**17.15 Táknálsfréttir**  
**17.25 Spæjarar** (16:26)  
**17.47 Bangsímón, Tumi og ég** (23:26)  
**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty)(7:23)(e)  
**19.00 Fréttir**  
**19.30 Veður**

**19.35 EM 2008 - Upphitun** Hitað upp fyrir næsta leik á EM í fótbolta.

▶ **20.10 Kraftaverk** (Miracle) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2004 byggð á sannri sögu íshokkíkappans Herbs Brooks sem gerðist þjálfari og leiddi ólympíulið Bandaríkjamanna til sigurs gegn Rússum árið 1980. Leikstjóri er Gavin O'Connor og meðal leikenda eru Kurt Russell og Patricia Clarkson.

**22.25 Blaze** (Blaze) Bandarísk bíómynd frá 1988 um ástir Earls Longs, ríkisstjóra í Louisiana og fatafellunnar Blaze Starr en pólitískir andstæðingar Longs notuðu samband þeirra til að koma á hann höggi. Leikstjóri er Ron Shelton og meðal leikenda eru Paul Newman og Lolita Davidovich. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.20 Draumafangarinn** (Dreamcatcher) Bandarísk bíómynd frá 2003. Vinir sem eru saman í útlegu lenda í baráttu upp á líf og dauða við snikjudyúr utan úr geimnum. Leikstjóri er Lawrence Kasdan og meðal leikenda eru Morgan Freeman, Thomas Jane, Jason Lee, Damian Lewis og Timothy Olyphant. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)

**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárolok**

## BÍÓ

**06.00 Man of the House**  
**08.00 Fjöldkyldubíó. Búi og Símon**  
**10.00 The Pink Panther**  
**12.00 The Family Stone**  
**14.00 Búi og Símon**  
**16.00 The Pink Panther**  
**18.00 The Family Stone**

**20.00 Man of the House** Gamanmynd um lögreglustjóra sem fær það verkefni að vera lífvörður fimm klappstýra sem eru í lífs-hættu eftir að hafa verið vitni að morði.

**22.00 Scary Movie 4**  
**00.00 Point Blank**  
**02.00 Kill Bill. Vol. 2**  
**04.15 Scary Movie 4**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Litlu Tommi og Jenni, Camp Lazlo og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**  
**08.55 Í finu formi**  
**09.10 Bold and the Beautiful**  
**09.30 La Fea Más Bella**  
**10.15 Homefront**  
**11.15 Wife Swap** (3:10)  
**12.00 Hádegisfréttir**  
**12.45 Neighbours**  
**13.10 Wings of Love**  
**13.55 Wings of Love**  
**14.40 Friends** (11:24)  
**15.05 Punk'd** (8:16)  
**15.30 Bestu Strákarnir** (31:50) (e)  
**15.55 Galdrastelpurnar** (11:26)  
**16.18 The Fugitives**  
**16.43 Smá skritnir foreldrar**  
**17.08 Ben 10**  
**17.28 Bold and the Beautiful**  
**17.53 Neighbours**  
**18.18 Markaðurinn og veður**  
**18.30 Fréttir**  
**18.54 Ísland í dag**  
**19.30 The Simpsons** (11:20)

▶ **19.55 America's Got Talent** (6:12) Leitin að hæfileikaríkasta fólkinu í Ameríku er hafinn enn á ný, nú ennþá veglegri og skemmtilegri en síðast. Hraður og fjölbreyttur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.

**20.40 Runaway Bride** Maggie Carpenter hefur margt verið trúlofuð og nokkrum sinnum farið alla leið upp að altarinu en hætt við á síðustu stundu. Aðalhlutverk. Julia Roberts, Richard Gere, Joan Cusack.

**22.35 Land of the Dead** Hrollvekja. Uppvakningar hafa tekið yfir heiminn og síðustu mennirnir á lífi þurfa að lifa í felum. Aðalhlutverk. Dennis Hopper, John Leguizamo, Simon Baker.

**00.10 Constantine** Mynd byggð á vinsælli teiknimyndasögu sem segir frá særingarmanni sem sér um að flytja syndugar sálir til Helvítis. Aðalhlutverk. Keanu Reeves, Rachel Weisz, Shia LaBeouf.

**02.05 Searching For David's Heart**  
**03.30 The Battle of Shaker Heights**  
**04.45 Man Stroke Woman** (1:6)  
**05.15 The Simpsons** (11:20)  
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**  
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi**

## SPORT

besta sætið

**07.00 Boston - LA Lakers** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA körfuboltans.

**13.55 Formúla 1 2008 - Kanada** Bein útsending frá æfingum fyrir Formúla 1 kappaksturinn í Kanada.

**15.30 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaráttur þar sem farið yfir víðan völl.

**16.00 Landsbankadeildin 2008** Fylkir - Þróttur

**17.55 Formúla 1 2008 - Kanada** Bein útsending frá æfingum fyrir Formúla 1 kappaksturinn í Kanada.

**19.30 Formula 3 Rockingham**

▶ **20.00 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúla 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúla 1 á mannlegu nótonum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**20.40 World Supercross** Öll mót ársins skoðuð í bak og fyrir.

**21.35 World Series of Poker 2007**

**22.25 World Series of Poker 2007**

**23.15 Formúla 1 2008 - Kanada** Sýnt frá æfingum liðanna.

## SPORT 2

**18.00 PL Classic Matches** Southampton-Tottenham, 94/95. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**18.30 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**19.30 EM 4 4 2** Guðni Bergsson og Heimir Karlsson renna yfir hvern leikdag á EM.

**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.30 Football Rivalries - Celtic v Rangers** Í þessum þætti er fjallað um rígt Celtic og Rangers innan vallar sem utan.

**21.30 10 Bestu - Guðni Bergsson** Annar þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð en í þessum þætti verður fjallað um Guðna Bergsson og ferill hans skoðaður.

**22.20 Oliver Kahn** Heimildarmyndarþáttur um Oliver Kahn. Ferill hans er skoðaður og hægt verður að kynna Kahn á annan hátt en fólk á að venjast.

**23.50 PL Classic Matches** Blackburn-Liverpool, 95/96.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)  
**08.00 Dr. Phil** (e)  
**08.45 Dynasty** (e)  
**09.30 Vörutorg**  
**10.30 Óstöðvandi tónlist**  
**14.10 Vörutorg**  
**15.10 Snocross** (e)  
**15.40 Kid Nation** (e)  
**16.30 Girlfriends**  
**17.00 Rachael Ray**  
**17.45 Dr. Phil**  
**18.30 Dynasty**

**19.30 Survivor. Micronesia - Tvöföldur úrslitabáttur!** Það er komið að tvöföldum úrslitabætti þar sem keppt verður um fríðhelgi í síðasta sinn. Síðan munu þeir sem eftir standa þurfa að svara kvíðómnum, keppendum sem hafa verið sviknir og sendir heim, áður en í ljós kemur hver stendur uppi sem sigurvegari.

▶ **21.00 Svalbarði - Lokabáttur**

Spriklandi ferskur skemmtiþáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar sem fær til sín góða gesti. Hljómsveitin Svalbarði spilar dillandi danstónlist ásamt söngkonunni Agústu Evu Erlendsdóttur.

**22.00 The Eleventh Hour** (6:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjumar eru fréttamenn og prófúsentar á fréttaskýringabætti.

**22.50 Secret Diary of a Call Girl** (e)  
**23.20 Professional Poker Tour** (23:24) Erfiðasta og skemmtilegasta pókermót í heimi. Á meðal keppenda eru lífandi goðsagnir í pókerheiminum.

**00.50 Brotherhood** (e)  
**01.50 Law & Order. Criminal Intent** (e)  
**02.40 World Cup of Pool 2007** (e)  
**03.30 C.S.I.** (e)  
**04.10 C.S.I.** (e)  
**04.50 Girlfriends** (e)  
**05.15 Vörutorg**  
**06.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



# BBC FOOD Í OPINNI DAGSKRÁ

BBC Food er ómótstæðileg sjónvarpsstöð sem sýnir frábæra matreiðsluþætti frá morgni til kvölds þar sem allir frægustu sjónvarpskokkarnir fara á kostum.

VIKUNA 2. – 8. JÚNÍ VERÐUR BBC FOOD Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2 FJÖLVARP




Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.30  
The Simpsons

Ný þáttaröð, sú nítjándi í röðinni, með gulustu fjölskyldu í heimi. Simpson-fjölskyldan hefur fyrir allöngu skráð sig á spjöld sögunnar sem langlífustu gamanþættir í bandarískri sjónvarps-sögu auk þess auðvitað að vera langlífasta teiknimyndaserían. Í þættinum í kvöld segja Hómer og Marge krökkunum sögur af því þegar Marge fór í háskóla og Hómer fann upp rokktonlistina.



▶ VIÐ MÆLUM MED  
Man of the House  
STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.00



Gamanmynd með Tommy Lee Jones og Cedric the Entertainer. Jones leikur harðsvirðan lögreglustjóra sem fær það óvenjulega verkefni að vera lífvörður fimm léttlyndra klappstýra sem eru í lífshættu eftir að hafa orðið vitni að morði. Aðalhlutverk: Tommy Lee Jones, Cedric the Entertainer, Christina Millian.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Flækingur
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Óskastundin	18.25 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	18.50 Dánarfregni og auglýsingar
10.13 Sumarást	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.00 Fréttayfirlit	20.30 Leit að tjaldstæði
12.02 Hádegisútvarp	21.10 Flakk
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Orð kvöldsins
12.50 Dánarfregni og auglýsingar	22.15 Viltu syngja minn söng?
13.00 Vitt og breitt	23.00 Kvöldgestir
14.03 Táslur og tjull	00.07 Næturtonar
15.03 Útvarpsagan: Sérherbergi	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks
- 16.30 Hollyoaks
- 17.00 Wildfire (11:13)
- 17.45 Twenty Four 3 (2.24) (e)
- 18.30 The Class (9.19) Gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsurinn Jason Ritter.
- 19.00 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks
- ▶ 20.00 Wildfire (11:13) Þriðja þáttaröðin um Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
- 20.45 Twenty Four 3 (2:24)(e) Jack kemst að sambandi Kim og Chase en nú liggur á að afla upplýsinga um eiturfjasa-sambönd Gross. Wayne kemst að leyndarmáli sem Anne hefur að geyma. Stranglega bönnuð börnum.
- 21.30 The Class (9:19)
- 22.00 Bones (10:15) Dr. Temperance "Bones" Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth og þótt þau nái einkar vel saman í starfinu þá hefur spennan milli þeirra verið að magnast allt frá upphaf þáttanna og stóra spurningin verið sú hvort þau komi nokkum tímann til með að enda uppi sem par. Bönnuð börnum.
- 22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

- 20.00 Mér finnst... Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaus um allt sem þeim dettur í hug. Umsjón: Ásdís Olsen og Kólfína Baldvinsd.
- 21.00 Skoðanaskipti Umjón: Marta Guðjónsd. Gestur: Ragnheiður Davíðsd. forvarnarfulltrúi Vís.
- 21.30 Íslands Safari Umsjón: Akeem Richard Oppong. Fjölmenning og fjölþjólegt samfélag.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

9.00 Det er mængden der gør det 9.30 Formiddag med Nis Boesdal 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Ærlig talt 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.30 Grønne fingre og frodig fantasi 11.50 Forandring på vej 12.20 Elsker dig for evigt? 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 14.00 Boogie Listen 15.00 That's So Raven 15.25 F for Får 15.30 Fredagsbio 15.45 Benjamin Bjørn 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjov 18.00 Hit med sangen 19.00 TV Avisen 19.30 The Patriot 22.10 Alex & Emma 23.40 Boogie Listen

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.10 Tinas mat 10.40 Columbo 11.50 Sjukehuset i Aidenfield 12.40 Gal og glad 13.30 Ung flukt 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Desperate boligdrømmer 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Barne-tv 16.05 Mamma Mirabelle viser film 16.20 Charlie og Lola 16.30 Safari Europa 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Norge rundt 17.55 Fridrett: Golden League - Bislett Games 20.05 Detektimen: Kalde spor 21.00 Kveldsnytt 21.15 Detektimen: Kalde spor 22.00 Hotell Babylon 22.50 Paul McCartney - vårt indre rom 23.35 Country jukeboks med chat

SVT 1

9.50 Minnenas television 10.50 Hjulångaren Skibladner - 150 år i motvind och brottsjö 11.40 Sängen om Stockholm 13.25 Veronica Mars 14.10 Arve Tellefsen, virtuos och glädjespridare 15.00 I trädgården med Camilla Plum 15.30 Plus sommar 16.00 Bollbompa 16.30 Rasmus på luffen 17.00 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Tre kärlekar 19.00 Nationaldagen 2008 - Sverige runt 20.00 D-Day 22.00 Rapport 22.10 Amatörens 23.35 Sändningar från SVT24

Nytt merki

# BAKER

BY TED BAKER

Gæðavara fyrir hressa krakka!

## DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



„Ég er alveg ákveðin í því að verða leikkona þegar ég eldist.“

Bergþóra Aradóttir eftir hlutverk sitt í Stikkfri, við DV 1997.

Í dag er öldin önnur: „Nei. Það plan er dottið út. Þegar ég kynntist vinnunni bakvið tjöldin sá ég að það heillaði mig frekar. Ég er á leið til Kína í haust að læra kinversku og viðskiptafræði,“ sagði Bergþóra. Hún var stödd á kvikmyndaháttíð í Tékklandi með bíómýndina Duggholufólkið þegar blaðamaður hafði samband.

# RÚV sendir íþróttæfni út á tveimur rásum

Ríkissjónvarpið mun brjóta blað í útsendingarsögu sinni þegar það sjónvarpar frá tveimur viðburðum á sama tíma, hvorum á sinni rásinni. Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku þá kemur leikur íslenska landsliðsins í handknattleik gegn Makedóníu í forkeppni HM upp á sama tíma og leikur Póllands og Þýskalands fer fram á EM.

Sjónvarpsmenn höfðu samband við makedónska starfsbræður sína og reyndu að fá leiknum annaðhvort flýtt eða seinkað til að geta svalað þorsta íþróttunnenda. Við þeim óskum var ekki orðið, að sögn Þórhalls. „Þetta verður því að öllum líkindum niðurstaðan, við sýnum

íslenska leikinn á aðalrásinni en Evrópuleikinn á plús-rásinni.“ Sjónvarpið var við þessu búíð þegar Eiríkur Hauksson keppti fyrir hönd Íslands í Eurovision fyrir tveimur árum. Ef Eiríkur hefði komist svo langt að vinna keppnina hefði það haft áhrif á kosningasjónvarpið fyrir

alþingiskosningarnar. En til þess kom aldrei enda átti Eiki Hauks ekki roð í austantjalds-mafuna í undankeppninni.



Þórhallur vildi ekkert tjá sig um hvort framhald yrði á þessu. Hann sagði það mjög pólitíska ákvörðun að reka tvær rásir frá RÚV samhliða hvor annarri og í samkeppni við hvor aðra. „Svo má ekki gleyma því að plúsinn er þjónusta við okkar áhorfendur sem hefur mælst vel fyrir,“ segir Þórhallur og því virðist verða einhver bið á því að íþróttarás RÚV fari almennilega í loftið. - fgg

**TVÆR RÚV-RÁSIR** Ríkissjónvarpið brýtur blað í sögu sinni þegar það sjónvarpar beint á tveimur rásum samtímis.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					


**LÁRÉTT** 2. dæsa, 6. tveir eins, 8. stefna, 9. þukl, 11. samtök, 12. yfir-stétt, 14. bragðbætur, 16. sjó, 17. frjó, 18. annríki, 20. járnstein, 21. faðmlag.

**LÓÐRÉTT** 1. kraftur, 3. tveir eins, 4. doka, 5. óhreinka, 7. úrræðagóður, 10. fley, 13. meðal, 15. laut, 16. afbrot, 19. núna.

**LÖBDRÉTT**: 1. orka, 3. á, 4. staldra, 5. ata, 7. ráðkæmn, 10. far, 13. lýf, 15. fræ, 18. önn, 20. al, 21. knús.

**LÁRÉTT**: 2. mæsa, 6. m, 8. átt, 9. kát, 11. aa, 12. aðall, 14. krydd, 16. sæ, 17. átt, 18. önn, 20. al, 21. knús.

kammakarlarlo



Buxna og pilsadagar  
www.kammakarlarlo.is

Þæjarland 12, Kópavogi

SIGRÍÐUR HEIÐBERG: ÓVÍST UM ÖRLÖG FJÖLDA KATTA Í KATTHOLTI

## Fjöldaauktökur á heimilislausum köttum yfirvofandi

„Ástandið er óvenju slæmt. Þetta getur ekki gengið upp svona nema að það verði fjöldaauktökur. Og það getum við ekki sætt okkur við,“ segir Sigríður Heiðberg, formaður Kattholts. Ástandið í Kattholti hefur aldrei verið svona slæmt. Alls 52 kisu komu í Kattholt í síðasta mánuði en aðeins sextán þeirra sneru aftur til síns heima. „Við höfum ekki búr undir allan þennan fjölda og líknarfélagið stendur ekki undir þessu,“ útskýrir Sigríður. Hvort þetta væru kreppu-kettir, sem væru látnir gjalda fyrir þá staðreynd að fólk hefði minna milli handanna um þessar mundir, vildi formaðurinn ekkert tjá sig um. „Ég veit bara að ef kettir eru í óruggu umhverfi þá líður þeim illa.“ Verst þykir Sigríði þegar fólk skilur eftir kettlingafullar kisu og hirðir lítið um afdrif þeirra. „Þetta er ótrúlegt ábyrgðarleysi í fólk.“

Sigríður segir Kattholt ekki lengur hafa fjárhagslegt bolmagn til að anna öllum þessum köttum sem koma inn á borð til þeirra. Hún bendir á að félagið borgi yfir eina milljón á ári í gjöld til Reykjavíkurborgar og kallar eftir aðstoð frá Ráðhúsinu við Tjörnina. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa málefni Kattholts einnig ratað inn á borð hjá ráðherrum. „Þetta er krítískur tími, við erum að reyna að taka sem flesta

**SORGLEGAR FRÉTTIR** Gísli Martein Baldursson segist ætla að skoða þetta mál og telur þetta vera sorglegar fréttir ef satt



**SKELFILEGT ÁSTAND** Sigríður Heiðberg segir ástandið í Kattholti vera óvenju slæmt um þessar mundir. Alls 52 óskilakisu hafi komið í maí, meðferðin á þeim hafi verið skelfileg og margar læðurnar verið kettlingafullar. Aðeins sextán af þessum 52 hafa skilað sér aftur til eigenda sinna, örlög hinna eru í lausu lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ketti í gæslu til að forða okkur frá svona ástandi. Við viljum ekki láta svæfa góð dýr,“ segir Sigríður og augljóst að tíminn er á þrotum hjá hollvinum Kattholts og kattarvina.

Gísli Martein Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar, sagði þetta vera sorglegar



fréttir. „Við höfum átt mjög gott samstarf við Kattholt og þetta er mjög leiðinlegt að heyra.“ Gísli tók þó fram að hann þyrfti að kynna sér þetta mál betur og fara ofan í saumana á því. Samkvæmt samþykkt um kattarhald sem tók gildi árið 2005 berast Kattholti ríflega 500 óskilakettir. Fjórðungi þeirra er gefið nýtt heimili en fjórðungur svæfður. Hinn helmingurinn er sóttur af réttum eigendum.

freyrgjia@frettabladid.is

### FRÉTTIR AF FÓLKI

Hinn knái blaðamaður **Simon Birgisson**, sem gat sér frægt á DV þegar blaðið var sem umdeildast, hóf störf á Vísi á miðvikudag. Er þá fullmannað hjólabrettagengið sem **Óli Tynes** nefndi svo í harðorði Morgunblaðsgrein um DV á sínum tíma en á Vísi eru nú auk þeirra Óla og Símonar

þeir **Breki Logason** og **Andri Ólafsson**. Símon byrjar með látum. Hann skrifaði frétt um Félag eldri borgara í Hafnarfirði þar sem fram kom að það væri á móti Brettagarði á Víðisstaðatúni. Rætt var við **Jón Kr. Óskarsson** sem hefur óskað eftir leiðréttingu hjá þeim Vísismönnum á viðtali við sig þegar í stað: Hann hefur aldrei sagst vera á móti hjólabrettum.

Laxveiðitímabilið er hafið og Blanda var opnuð í gær. Vakti athygli að **Páll Magnússon** útvarpsstjóri stendur ekki í stappi við Efstaleitið heldur var í opnun- arhollinu og dró glæsilegan lax á land að morgni dags – þriðja laxinn úr Blöndu þetta sumarið og vel yfir tíu pund.

Á meðan útvarpsstjóri stóð á bökkum Blöndu var dagskrárstjóriinn **Þórhallur Gunnarsson** upptekinn við að upplýsa fjölmiðla um kostnað við þátttöku Íslendinga í Eurovision þetta árið. Kostnaðurinn var 21 milljón íslenskra króna þetta árið, og fæst sú tala með því að reikna saman þátt **Páls Óskars Hjálmtýssonar**, Alla leið, uppihald og ferðakostnað og kostnað við þrjár beinar útsendingar frá Serbíu. Hins vegar neitar Þórhallur að gefa upp kostnað við langlokuna Laugardagslöginn sem gekk í sautján vikur síðasta vetur. - jbg/fgg

### VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ellisif Tinna Víðisdóttir.
2. Ísbjörn.
3. Hussein.

## Frikki Weissshappel trúlofaður

Fríðrik Weissshappel og kærasta hans, Tine Holmboe, hafa trúlofað sig. „Það passar. Ég ákvað að biðja mér konu. Og hún sagði já, sem betur fer,“ segir Fríðrik í samtali við Fréttablaðið. Síðustu mánuðir hafa verið viðburðaríkir hjá Fríðriku, sem fagnaði fertugsafmæli sínu í desember. Rúmum mánuði síðar kom fyrsta barn hans og Tinu, dóttirin Irma, í heiminn, og nú er brúkaup í vöndum.

Fríðrik segist þó ekki hafa planað bönorðið út í ystu æsar. „Ég bað hennar síðastliðinn laugardag. Við vorum bara nývöknud á fallettum morgni og lágum uppi í rúmi með barnið á milli okkar. Ég hafði hugsað með mér að þessari konu langaði mig að kvænast, og hafði tryggt



**BLÓMLEG FJÖLSKYLDA** Hin nýtrúlofuðu, Fríðrik Weissshappel og Tine Holmboe, með dótturina Irmu á milli sín, laugardagsmorguninn góða.

mér hinn ágætasta hring. Ég var með hann frammi, og lét bara verða

af þessu þegar stundin var komin. Maður veit hvenær tíminn er réttur,“ segir Fríðrik, sem er að vonum hæstánægður með upphafið á fimmtugsaldurinum. „Þetta er frábær byrjun á honum, og ég er alveg sérstaklega hamingjusamur maður.“ Hann og Tine stefna á að gifta sig í Danmörku næsta sumar. „Það er mikið að gera hjá okkur núna og það þarf að undirbúa svona hluti,“ segir Fríðrik, sem segir dótturina dafna með eindæmum vel. Hún hefur hlotið nafnið Irma Weissshappel Holmboe Fríðriksdóttir. „Hún er bara yndisleg. Þvílíkur sól-argeisli. Hún er nýbyrjuð að borða á sér tærnar, sem á víst að vera mikið gáfumerki,“ segir hann og hlær við. - sun



FISKBÚÐIN  
HAFBERG

Gnóðarvogi 44, s. 588 8686.

ÞÚ FÆRÐ AÐEINS ÞAÐ  
BESTA HJÁ OKKUR  
RAUÐI túnfiskurinn er kominn!



opið  
mán-fös 10-18:15  
og lau 11-14:00

# LAGERSALA

## 25 - 80% afsláttur af völdum vörum



Borð kr. 154.000 - **verð nú 69.800** (afsl. 84.200) 160x90x75 / Leðurstóll kr. 22.800 - **verð nú 14.800** (afsl. 8.000)  
Skenkur kr. 149.000 - **verð nú 69.800** (afsl. 79.200) 185x53x80 / TV skenkur kr. 96.500 - **verð nú 48.450** (afsl. 48.050)  
185x53x45 / Lampi kr. 24.500 - **verð nú 14.700** (afsl. 9.800)



Tungusófi kr. 169.800 - **verð nú 99.000** (afsl. 70.800) 300x190, tauáklæði  
Glerborð kr. 79.900 - **verð nú 64.900** (afsl. 15.000) 120x65x33

Bjóðum upp á vaxtalaust lán  
til allt að 12 mánaða.

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

heima HEIMA  
*Öndregi* HÚSIÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

## MEST LESIÐ:

Fáfnismaður dæmdur fyrir að berja konu

Leitað að fleiri hvítbjörnum

Árni Matt krefst þess að DV biðjist afsökunar

Eldri borgarar vilja þúttvöll í stað brettagarðs



...ég sá það á visir.is



**BAKÞANKAR**  
Gerðar Kristnýjar


## Pjatlá fyrir þíku

Þegar krúttkynslóðin tók að vekja athygli fjölmörgu nefndi hún engar steikur þegar hún var spurð um uppáhaldsmatinn sinn. Henni þótti súkkulaðikaka og mjólk best. Eins og hlédrægt sveitafólk nýkomið til byggða vildi það ómögulega láta hafa neitt fyrir sér og hvíslaði óöruggt í hljóðnemann. Þetta hæfileikaríka fólk virtist of gott fyrir þennan heim og af frásögnum þess sjálfs að dæma virtist því líða best á árabáti á leiðinni út í afskekktan vita þar sem það gat sinnt list sinni í friði, ekki ólíkt Múmínþabba.

Í vetur kom upp sá kvittur að krúttin væru dauð. Því var haldið fram í blaðagreinum og ung kona hannaði tískulínu til að sanna þessa andlátsfrétt en auðvitað var hún ótímabær. Krúttin er spræk sem aldrei fyrr. Nýverið komst hún í fréttir þegar myndband Sigur Rósar var bannað á YouTube því þar sést allsbert fólk að leik. Viðbrögð trommarans voru eftirfarandi í 24 stundum: „Þetta er alveg dæmigert. Við bjuggumst alveg við einhverju svona. Það virðist vera allt í lagi að sýna fáklæddar konur að glenna sig, eins [sic] lengi og það er einhver pjatlá fyrir þíku á þeim ... Þarna er bara fallegt fólk að leika sér í sakleysi sínu, ekkert gróft.“

**PJATLA** fyrir þíku, sagði maðurinn. Það er nákvæmlega það sem oft skilur á milli feigs og ófeigs en samanburðurinn við það sem annars er í boði á músíkstöðvunum er auðvitað athyglisverður. Músíkstöð Skífunnar spilar myndbandið bara á kvöldin og á næturnar en leikur samt nýjasta lag Ushers „Love in this Club“ þar sem hann kveðst ólmur vilja stunda kynmök á skemmtistað. Er það ekki annars kolólöglegt? Í lok myndbandsins sést Usher munda sig til við að hafa mök við konu upp við vegg. Auðvitað er það túlkunaratriði hvort hann ætli að ganga svo langt en í ljósi þess sem hann hefur endurtekið í sífellu í laginu eru sterkar líkur á einbeittum brotavilja. Konan hins vegar hverfur og þá er Usher kallinn meira en lítið kjána-legur upp við vegginn.

**AUÐVITAÐ** á Skífan að sýna myndband Sigur Rósar kinnroðalaust. Krúttkynslóðin á það inni hjá okkur að henni sé sýnd virðing annars hverfur hún bara – jafnvel deyr. Ekki get ég hugsað þá hugsun til enda að eitthvað jafnfagurt og hugarheimur krúttanna gufi bara upp. Þegar krúttfænisjafna þarf alla kaldhæðnina sem þrífst í þessum heimi er gott að búa að Sigur Rós.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er föstudagurinn 6. júní,  
159. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	3.11	13.26
Akureyri	2.13	13.11

Heimild: Almanak Háskólans



# Komdu út í plús!

## Sólarlottó - Marmaris

15 dagar

# 49.900 kr.

Verðdæmið miðast við brottför 24. júní í 15 daga.  
Innifalið: Flug, flugvallaskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

## DUBLIN

BÁÐAR LEIÐIR  
MEÐ SKÖTTUM!

# 9.900 kr.

Flogið til Dublinar alla þriðjudaga í sumar til 26. ágúst.  
Flogið heim á mánudögum.

Fyrstur kemur, fyrstur fær.  
Nánari upplýsingar og bókanir á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

PLÚSFERÐIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

  
[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)